**Dóms- og kirkjumálaráðuneytið**

# Mat á breytingum á nýskipan lögreglu

- Áfangaskýrsla til dóms- og kirkjumálaráðherra -

**Nefnd til að fylgjast með endurskipulagningu lögregluumdæma**
**Apríl 2008**

# Efnisyfirlit

**I. Inngangur** .......... **4**

**II. Helstu markmið endurskipulagningar lögregluumdæma** .......... **6**

**III. Forsendur breytts skipulags** .......... **6**

1. Heildarúgjöld vegna löggæslu .......... 6

2. Fjöldi starfandi lögreglumanna .......... 8

3. Þróun ársverka í dagvinnu á árinu 2007 .......... 10

**IV. Leiðir að markmiðum til eflingar löggæslu** .......... **11**

1. Fækkun og stækkun löggæsluumdæma .......... 11

2. Samvinna og samhæfing milli embætta .......... 12

2.a Samvinna lögregluembætta – samræming vaktafyrirkomulags og almennrar löggæslu innan landsfjórðunga .......... 12

2.b. Samsetning einstakra lögregluliða .......... 14

**V. Helstu staðtölur um lögregluembætti** .......... **17**

**VI. Stofnun sérstakra rannsóknardeilda** .......... **32**

1.Fjöldi brota sem eiga að falla undir rannsóknardeildir .......... 33

2. Málsmeðferðartími .......... 36

**VII. Greiningardeild** .......... **37**

**VIII. Mat nefndarinnar á því hvort markmið um aukna og eflda löggæslu hafa náð fram að ganga** .......... **38**

***Viðaukar***

A. Skýrsla Ólafs K. Ólafssonar sýslumanns Snæfellinga um sérstakar rannsóknardeildir 26. janúar 2007
B. Athugun á framkvæmd lögreglulaga og reglugerðar um sérstakar rannsóknardeildir og samstarf lögreglustjóranna í september 2007
C. Mannaflaþörf lögreglunnar til ársins 2012
D. Hlutfall lögreglumanna með/án stjórnunarheimilda eftir lögregluembættum
E. Fjöldi ársverka lögreglumanna, skipt eftir embættum, mánuðum og árum
F. Bréf yfirlögregluþjóna á Norðurlandi um sameiningu lögregluliða undir stjórn sérstaks lögreglustjóra

# I. Inngangur

Hinn 2. júní 2006 samþykkti Alþingi samhljóða ný lög nr. 46/2006 sem kveða á um breytingar á skipulagi lögreglu og er þar bæði litið til innra skipulags hennar og ytri þátta. Megintilgangur laganna var að efla og bæta löggæslu í landinu og gera hana betur í stakk búna gagnvart nýjum kröfum. Var lögregluumdæmum fækkað og einstök umdæmi stækkuð. Kveðið var á um aukna samvinnu og samhæfingu í lögreglustörfum á milli embætta og stofnaðar voru sérstakar rannsóknardeildir. Lögin gengu í gildi 1. janúar 2007.

Áhrif skipulagsbreytingarinnar á innra starf flestra lögregluliða var mikil og kallaði á setningu nýrra reglugerða og nýrra skipurita, endurskipulagningu starfa og endurmat á verkefnum rannsóknardeilda.

Eftir samþykkt laganna hófst innleiðing breytinganna undir stjórn sérstaks verkefnisstjóra á vegum dóms- og kirkjumálaráðherra. Hann fundaði með öllum lögregluliðum og undirbjó breytingarnar. Var lögð áhersla á samráð og skipulega miðlun upplýsinga og við það miðað að öllum lögregluliðum yrði búinn skýr starfsrammi er breytingin gengi í gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðherra hafði, fyrir gildistöku breytinganna, sett ramma um starfsemi löggæslu í samræmi við markmið lagabreytinganna. Fyrir gildistöku laganna 1. janúar 2007 hafði dóms- og kirkjumálaráðherra gefið út reglugerðir þar sem hin nýju lagakvæði voru frekar útfærð og jafnframt staðfest ný skipurit fyrir eftirtalin lögregluembætti: Höfuðborgarsvæðið, Borgarnes (til bráðabirgða), Vestfirði, Akureyri, Eskifjörð og Hvolsvöll. Þá hafði dóms- og kirkjumálaráðherra einnig staðfest nýtt skipurit fyrir embætti ríkislögreglustjóra. Hinn 9. janúar 2007 staðfesti dóms- og kirkjumálaráðherra skipurit embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og 11. maí 2007 var gefið út endanlegt skipurit fyrir lögreglustjóraembættið á Suðurnesjum.

Hinn 21. mars 2007 undirritaði dóms- og kirkjumálaráðherra árangursstjórnunarsamning við embætti ríkislögreglustjóra þar sem ríkislögreglustjóra var gert að leggja fram tillögur til dómsmálaráðuneytis að fjögurra ára löggæsluáætlun fyrir 15. apríl 2007, þar sem helstu verkefni löggæslunnar, forgangsröðun þeirra og áherslur fram til 30. apríl 2011 yrðu tíundaðar. Var embætti ríkislögreglustjóra enn fremur falið að gera sérstaka árangursstjórnunarsamninga við lögregluembættin í landinu fyrir árslok 2007, með staðfestingu ráðuneytisins.

Hinn 4. maí 2007 gaf dóms- og kirkjumálaráðherra út löggæsluáætlun vegna áranna 2007-2011 um mælanleg löggæslumarkmið. Hverju lögregluembætti er ætlað að marka sér eigin leiðir til þess að ná markmiðum löggæsluáætlunarinnar. Ríkislögreglustjóri hefur átt fundi með nær öllum lögregluliðum til þess að fylgja löggæsluáætluninni úr hlaði. Löggæslu-áætlunin mun sæta árlegri endurskoðun.

Hinn 7. desember 2007 undirrituðu ríkislögreglustjóri og lögreglustjórar samninga um árangursstjórnun er staðfestir voru af ráðuneytinu. Árangursstjórnunarsamningarnir taka mið af áherslum dóms- og kirkjumálaráðherra er fram koma í löggæsluáætlun 2007-2011 en þar er langtímaáætlun stjórnvalda á sviði löggæslu sett fram. Samningar lögregluembættanna 15 eru mismunandi og taka mið af stöðumati hvers embættis sem lögreglustjórar unnu fyrr á árinu. Í stöðumatinu var gerð ítarleg greining á starfsemi lögregluembættanna.

Með árangursstjórnunarsamningum var stefnt að því að löggæslustörf yrðu markvissari, árangur af þeim mælanlegri og ríkislögreglustjóra voru falin aukin viðfangsefni á sviði stjórnsýslu. Lögregluembættin skiluðu fjögurra ára framtíðaráætlun til ríkislögreglustjóra fyrir árslok 2007. Þá mun ríkislögreglustjóri leiðbeina embættunum og taka afstöðu til markmiða, mælikvarða og forgangsröðunar verkefna sem fram koma í langtímaáætlun hvers lögregluembættis. Árlega munu ríkislögreglustjóri og einstakir lögreglustjórar taka sameiginlega afstöðu til árangurs af starfsemi viðkomandi lögregluembættis. Auk þess gerir ríkislögreglustjóri ár hvert grein fyrir árangri af starfi lögreglustjóranna í ársskýrslu embættisins til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Er fyrstu ársskýrslunnar að vænta í maí 2008.

-0-

Með skipunarbréfi, dags. 18. apríl 2007, skipaði dóms- og kirkjumálaráðherra nefnd til þess að meta með hvaða hætti markmið um aukna og eflda löggæslu hefðu náð fram að ganga. Nefndina skipa Þórunn J. Hafstein, skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneyti, Sigríður Björk Guðjónsdóttir, aðstoðarríkislögreglustjóri, tilnefnd af Lögreglustjórafélagi Íslands, og Sveinn I. Magnússon formaður Landssambands lögreglumanna, tilnefndur af landssambandinu, en varamaður hans er Steinar Adolfsson framkvæmdastjóri. Skipan nefndarinnar var í samræmi við ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 46/2006 um breytingu á lögreglulögunum.

Vel var staðið að undirbúningi skipulagsbreytinganna og ríkti góður vilji innan lögreglunnar til þess að hin nýja skipan gæti náð fram að ganga án þess að löggæsla í landinu raskaðist. Gekk það eftir. Mikill tími og vinna lögregluliðanna fór hins vegar í það á árinu 2007 að laga sig að breyttum starfsramma og finna breytingunum farveg innan lögregluliðanna.

Síðla árs 2007 fundaði nefndin með lögreglustjórunum á Eskifirði, Seyðisfirði, Akureyri og á Sauðárkróki. Nefndinni varð ljóst eftir þá fundi að nauðsynlegt væri að styðjast við tölfræðilega mælikvarða við mat á framkvæmd breytinganna. Nefndin ákvað því að taka saman áfangaskýrslu byggða á tölfræðilegum gögnum sem yrði kynnt fyrir öllum lögreglustjórum og þeim gefinn kostur á að gera athugasemdir við hana.

Í áfangaskýrslu þessari er leitast við að leggja hlutlægt mat á áhrif breytinganna byggt á tölfræðilegum gögnum um skipulag og framkvæmd löggæslu á árinu 2007 og meta með hvaða hætti markmið um aukna og eflda löggæslu hefðu náð fram að ganga. Verða fyrst reifuð markmið breytinganna, þá forsendur þeirra og síðan gerð grein fyrir framkvæmd þeirra leiða sem farnar voru til þess að ná markmiðunum. Að síðustu leggur nefndin mat á styrkleika og veikleika við skipulag og uppbyggingu lögregluliða með hliðsjón af þeim markmiðum sem sett voru um eflingu löggæslu.

Við vinnu sína naut nefndin aðstoðar frá Guðmundi Guðjónssyni yfirlögregluþjóni, Pétri Berg Matthíassyni, stjórnsýslufræðingi og Guðbjörgu Bergsdóttur félagsfræðingi öllum hjá embætti ríkislögreglustjóra, Jakobi Magnússyni á rekstrarskrifstofu dóms- og kirkjumála-ráðuneytisins og starfsmanna Fjársýslu ríkisins. Drög að áfangaskýrslu þessari voru send öllum lögreglustjórum til kynningar og athugasemda og bárust athugasemdir frá þeim öllum. Þá voru drög að áfangaskýrslu kynnt framkvæmdastjórn Landssambands lögreglumanna.

Tölur í áfangaskýrslu þessari eru byggðar á ríkisreikningi og gögnum frá fjársýslu ríkisins og starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Tölur um starfsmannafjölda og skiptingu á lögreglu í starfsstig eru byggðar á upplýsingum frá embætti ríkislögreglustjóra. Tölur um fjölda ársverka eru fengnar frá starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytis.Tölur um íbúafjölda eru reiknaðar úr grunngögnum frá Hagstofu Íslands og miðast við 1. desember 2007 vegna gagna um árið 2008. Mannfjöldatölur er að finna á heimasíðu Hagstofunnar á Netinu (www.hagstofa.is).

Það skal tekið fram að nefndin leit ekki á það sem hlutverk sitt að leggja mat á frammistöðu einstakra embætta við framkvæmd löggæslu eða árangur þeirra í starfi.

# II. Helstu markmið endurskipulagningar lögregluumdæma

Helstu markmið með endurskipulagningu löggæslunnar í ársbyrjun 2007 voru að efla löggæslu í landinu; annars vegar með því að auka sýnilega löggæslu og hins vegar með því að styrkja rannsóknir lögreglunnar.

Í því skyni var lögregluumdæmum fækkað og einstök umdæmi voru stækkuð. Lögreglu-umdæmin urðu fimmtán talsins í stað tuttugu og sex. Lögregluembættum var gert skylt að auka samvinnu sín á milli og samhæfa lögreglustörf m.a. með samræmingu vaktakerfa lögregluembætta í þeim tilgangi að tryggja aukna og sýnilegri löggæslu en áður og að unnt yrði að halda úti sólarhringsvöktum lögreglumanna víðar á landinu.

Sérstakar rannsóknardeildir voru stofnaðar við sjö lögregluembætti þannig að rannsóknir stórra og flókinna mála yrðu hjá sérstökum rannsóknardeildum er þjónuðu fleiri en einu lögregluumdæmi og þannig stuðlað að því að byggja upp nauðsynlega þekkingu og sér-hæfingu á sviði rannsókna sakamála og um leið yrði þjónusta lögreglunnar bætt um allt land.

Loks var 5. grein lögreglulaga nr. 90/1996, breytt á þann veg að í stað þess að ríkislögreglustjóra bæri að starfrækja lögreglurannsóknardeild sem rannsaki landráð og brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess, var ríkislögreglustjóra falið að starfrækja lögreglurannsóknardeild og greiningardeild sem rannsakaði landráð og brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess og legði mat á hættu á hryðjuverkum og skipulagðri glæpastarfsemi.

Tilgangurinn var meðal annars að auðvelda íslenskum lögregluyfirvöldum samstarf við erlendar lögregludeildir við að afla, vinna úr upplýsingum og greina hættu sem tengist fíkniefnabrotum, skipulagðri glæpastarfsemi og hryðjuverkum eða öðru er tengist öryggi ríkisins.

# III. Forsendur breytts skipulags

### 1. Heildarútgjöld vegna löggæslu

Nokkrar forsendur voru gefnar við undirbúning nýskipunar lögreglu 2007 þ.m.t. að fjárveitingar til lögregluumdæma skyldu ekki breytast og breytingarnar ekki að leiða til aukinna útgjalda.

Tölur um útgjöld til löggæslu eru byggðar á upplýsingum úr ríkisreikningi.

Á árinu 2007 námu heildarútgjöld til löggæslu ríflega 7 milljörðum króna, samanborið við rúmlega 5,4 milljarða árið 2004. Mest var aukning í útgjöldum til löggæslu milli áranna 2006 og 2007 eða úr 6,5 milljörðum í 7,2 milljarða króna. Mynd 1 og tafla 1 sýna útgjaldaþróun til löggæslu eftir umdæmum samkvæmt ríkisreikningi.




Mynd 1. Útgjaldaþróun löggæsluembætta og Lögregluskóla ríkisins.

Tafla 1. Útgjaldaþróun ríkissjóðs vegna löggæslu

| Stofnun | Heiti stofnunar | 2004 | 2005 | 2006 | 2007 | Breyting 2004 - 2007 í krónum | Breyting % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 06303 | Ríkislögreglustjóri* | 832.934.759 | 975.136.393 | 1.127.763.511 | 1.316.777.743 | 483.842.984 | 58,09% |
| 06305 | Lögregluskóli ríkisins** | 142.686.808 | 149.131.930 | 169.039.702 | 169.427.736 | 26.740.928 | 18,74% |
| 06310 | Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu | 2.425.739.049 | 2.600.570.082 | 2.847.750.256 | 3.155.093.316 | 729.354.267 | 30,07% |
| 06312 | Lögreglustj. á Suðurn. og sýslum. | 582.491.237 | 650.515.658 | 769.555.246 | 751.192.238 | 168.701.001 | 28,96% |
| 06412 | Lögreglustjórinn á Akranesi | 91.245.615 | 95.418.214 | 104.673.283 | 108.542.109 | 17.296.494 | 18,96% |
| 06413 | Lögreglustjórinn í Borgarnesi | 77.058.788 | 83.954.202 | 94.608.342 | 112.776.724 | 35.717.936 | 46,35% |
| 06414 | Lögreglustjórinn á Snæfellsnesi | 78.773.777 | 80.113.748 | 86.100.696 | 94.201.447 | 15.427.670 | 19,58% |
| 06418 | Lögreglustjórinn á Vestfjörðum | 174.825.467 | 180.721.931 | 194.754.506 | 205.361.421 | 30.535.954 | 17,47% |
| 06420 | Lögreglustjórinn á Blönduósi | 59.839.178 | 65.215.905 | 70.616.719 | 83.565.703 | 23.726.525 | 39,65% |
| 06421 | Lögreglustjórinn á Sauðárkróki | 68.598.073 | 70.649.565 | 76.544.357 | 82.799.171 | 14.201.098 | 20,70% |
| 06424 | Lögreglustjórinn á Akureyri | 299.751.923 | 286.070.812 | 293.104.836 | 317.608.343 | 17.856.420 | 5,96% |
| 06425 | Lögreglustjórinn á Húsavík | 88.578.777 | 89.897.626 | 96.082.391 | 103.853.687 | 15.274.910 | 17,24% |
| 06426 | Lögreglustjórinn á Seyðisfirði | 80.662.807 | 76.430.858 | 90.288.693 | 107.146.269 | 26.483.462 | 32,83% |
| 06428 | Lögreglustjórinn á Eskifirði | 129.193.275 | 134.558.557 | 150.847.241 | 160.663.967 | 31.470.692 | 24,36% |
| 06431 | Lögreglustjórinn á Hvolsvelli | 78.516.004 | 84.952.806 | 93.797.520 | 95.986.919 | 17.470.915 | 22,25% |
| 06432 | Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum | 80.831.934 | 84.003.984 | 93.353.518 | 101.050.018 | 20.218.084 | 25,01% |
| 06433 | Lögreglustjórinn á Selfossi | 182.154.170 | 193.389.389 | 203.065.381 | 212.696.099 | 30.541.929 | 16,77% |
| | **Samtals** | **5.473.881.641** | **5.900.731.660** | **6.561.946.198** | **7.178.742.910** | **1.704.861.269** | **31,15%** |

*Embætti ríkislögreglustjóra hefur fleiri verkefni með höndum en þau sem teljast til löggæslu, svo sem almannavarnir. Jafnframt stendur embættið straum af ýmissi sameiginlegri þjónustu og verkefnum fyrir öll lögregluumdæmi landsins svo sem sérsveit, alþjóðadeild, fjarskiptamiðstöð, tölvumiðstöð og bílamiðstöð. Því er ekki fyllilega réttmætt að gera samanburð á útgjaldaþróun embættisins og annarra embætta.
**Lögregluskóli ríkisins hefur ekki með höndum eiginlega löggæslu, heldur gegnir mikilvægu hlutverki sem menntastofnun lögreglunnar.

Tafla 2. Staðtölur um löggæsluembætti

| Stofnun | Heiti stofnunar | Starfandi lögreglum. faglærðir | Íbúafjöldi** | Fjöldi íbúa pr. lögreglum. | Kostn. pr. íbúa í kr. | Fjöldi ársverka árið 2007 | Kostn. pr. ársverk í kr. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 06310 | Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu | 298 | 196.161 | 658 | 16.084 | 341,0 | 9.252.473 |
| 06312 | Lögreglustjórinn á Suðurnesjum og sýslum. | 76* | 20.415 | 269 | 36.796 | 88,6 | 8.478.468 |
| 06412 | Lögreglustjórinn á Akranesi | 7 | 6.345 | 906 | 17.107 | 13,4 | 8.100.157 |
| 06413 | Lögreglustjórinn í Borgarnesi | 9 | 5.195 | 577 | 21.709 | 9,7 | 11.626.466 |
| 06414 | Lögreglustjórinn á Snæfellsnesi | 10 | 3.912 | 391 | 24.080 | 10,0 | 9.420.145 |
| 06418 | Lögreglustjórinn á Vestfjörðum | 21 | 7.309 | 348 | 28.097 | 23,4 | 8.776.129 |
| 06420 | Lögreglustjórinn á Blönduósi | 7 | 3.128 | 447 | 26.715 | 8,0 | 10.445.713 |
| 06421 | Lögreglustjórinn á Sauðárkróki | 9 | 4.231 | 470 | 19.570 | 8,8 | 9.408.997 |
| 06424 | Lögreglustjórinn á Akureyri | 35 | 23.833 | 681 | 13.326 | 38,7 | 8.206.934 |
| 06425 | Lögreglustjórinn á Húsavík | 9 | 4.964 | 552 | 20.921 | 9,7 | 10.706.566 |
| 06426 | Lögreglustjórinn á Seyðisfirði | 10 | 6.002 | 600 | 17.852 | 11,0 | 9.740.570 |
| 06428 | Lögreglustjórinn á Eskifirði | 15 | 7.899 | 527 | 20.340 | 15,4 | 10.432.725 |
| 06431 | Lögreglustjórinn á Hvolsvelli | 7 | 4.413 | 630 | 21.751 | 8,8 | 10.907.604 |
| 06432 | Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum | 12 | 4.040 | 337 | 25.012 | 12,1 | 8.351.241 |
| 06433 | Lögreglustjórinn á Selfossi | 23 | 15.025 | 653 | 14.156 | 27,1 | 7.848.565 |
| | **Samtals** | **548** | **312.872** | **571** | **22.945** | **625,7** | |
| 06303 | Embætti ríkislögreglustjóra | 89 | | | | 93,7 | 14.053.124 |
| 06305 | Lögregluskóli ríkisins | 9 | | | | 10,5 | 16.135.975 |
| | **Samtals** | **646** | | **484** | | **729,9** | |

*Þar af starfa 36 lögreglumenn eingöngu við verkefni í flugstöð Leifs Eiríkssonar (FLE) og nýtast ekki í þjónustu við hinn almenna borgara í sveitarfélögunum.
**Tölur um íbúafjölda eru reiknaðar úr grunngögnum frá Hagstofu Íslands og miðast við 1. desember 2007 vegna gagna um árið 2008. Mannfjöldatölur er að finna á heimasíðu Hagstofunnar á Netinu (www.hagstofa.is).

Að síðustu eru ofangreindar tölur um útgjöld vegna löggæslumála skoðaðar með hliðsjón af íbúafjölda innan umdæmis 1. desember 2007 og fjölda lögreglumanna í lögregluumdæmum að frátöldum, afleysingarmönnum, héraðslögreglumönnum og lögreglunemum, miðað við 1. febrúar 2008.

Í töflu 2 er ekki lagt mat á löggæsluþörf innan hvers umdæmis með tilliti til sérstöðu þess eða stærðar, samfélagsgerðar, vegalengdar þjóðvegakerfisins innan umdæmisins, legu byggða eða fjarlægða innan umdæmis.

Tvö lögreglustjóraembætti skera sig úr varðandi fjölda starfandi lögreglumanna, embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum. Langflestir lögreglumenn starfa á höfuðborgarsvæðinu. Flestir íbúar að baki hverjum lögreglumanni eru á Akranesi, Akureyri og á höfuðborgarsvæðinu. Fæstir íbúar eru að baki hverjum lögreglumanni á Suðurnesjum, í Vestmannaeyjum og á Vestfjörðum.

Sé litið til heildarútgjalda í einstökum umdæmum og íbúafjölda kemur í ljós að lægstur löggæslukostnaður pr. íbúa er í umdæmi lögreglustjórans á Akureyri. Hæstur löggæslu-kostnaður pr. íbúa er í umdæmi lögreglustjórans á Suðurnesjum. Samkvæmt upplýsingum frá embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum sinnir tæplega helmingur lögregluliðsins eða 36 lögreglumenn eingöngu verkefnum í flugstöð Leifs Eiríkssonar og nýtast ekki í þjónustu við almenna borgara í sveitarfélögunum.  Ef tekið væri mið af fjölda lögreglumanna er starfa utan flugvallarins á Suðurnesjum samkvæmt upplýsingum lögreglustjórans minnkar fjöldi íbúa pr. lögreglumann og kostnaður pr. íbúa.

## 2. Fjöldi starfandi lögreglumanna

Hinn 1. febrúar 2008 voru starfandi hér á landi 660 lögreglumenn (faglærðir lögreglumenn og afleysingamenn) auk 80 héraðslögreglumanna og 79 lögreglunema, eða samtals 819.

Til samanburðar má sjá fyrir árin 2003-2008 fjölda starfandi lögreglumanna að meðtöldum, lögreglunemum, afleysingamönnum og héraðslögreglumönnum sem hér segir:

Tafla 3. Fjöldi lögreglumanna árin 2003-2008 miðað við 1. febrúar hvert ár.

| **Ár** | **Lögreglumenn (faglærðir)** | **Afleysingamenn (ófaglærðir lögreglumenn)** | **Samtals** | **Nemar** | **Héraðslögreglumenn** | **Alls** |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **2008** | **646** | 14 | **660** | 79 | 80 | **819** |
| **2007** | **683** | 29 | **712** | 48 | 67 | **827** |
| **2006** | **688** | 22 | **710** | 36 | 75 | **821** |
| **2005** | **679** | 14 | **693** | 31 | 75 | **799** |
| **2004** | **669** | 2 | **671** | 39 | 80 | **790** |
| **2003** | **659** | 19 | **678** | 40 | 85 | **803** |

Á árinu 2007 jókst starfsmannavelta hjá lögreglu og stafar það meðal annars af auknu atvinnuframboði almennt vegna þenslu í samfélaginu. Ekki voru útskrifaðir nýir lögreglumenn úr Lögregluskóla ríkisins vegna lengingar starfsnámsins á árinu 2007. Voru því ekki ráðnir faglærðir lögreglumenn í stöður þeirra sem létu af störfum. Fjölgun verður meðal lögreglumanna þegar tölur verða teknar saman í febrúar 2009 ef lögreglunemar sem útskrifast í apríl og desember á árinu 2008 bætast í lögregluliðið.

## 3. Þróun ársverka í dagvinnu á árinu 2007

Með fjölda mánaðarlauna/dagvinnulauna í hverjum mánuði, þar með talið vegna afleysinga, veikinda, lausnarlauna, orlofs, þegar viðkomandi hættir störfum og fleira, fæst yfirlit yfir ársverk í dagvinnu. Með fjölda ársverka er átt við summu þessara verka deilt með 12 mánuðum. Lögreglumönnum fjölgar víða yfir sumartímann, vegna þeirra sem eru í orlofi eða til að mæta auknu álagi.

Samanburður á ársverkum 2006 og 2007 innan lögreglunnar sýnir, að ársverkum hefur fækkað um 10 yfir landið, úr 740 í 730 samanber mynd 2 hér að neðan.




Mynd 2. Fjöldi ársverka lögregluembætta fyrir árin 2006 og 2007

Línuritið hér að neðan sýnir samanburð á hlutfallslegri þróun launavísitölu, ársverka og heildarlauna. Einnig koma fram í línuritinu til samanburðar heildaryfirvinnulaun. Sem dæmi: hækkar launavísitalan frá 2004 - 2005 um 6,75% og 25,31% frá 2004 - 2007 til samanburðar hækkar heildarlaunakostnaður á sama hátt um 14,86% og 28,77%.




Mynd 3. Samanburður á þróun launavísitölu, ársverka og launa allra löggæsluembætta

# IV. Leiðir til að efla löggæslu

## 1. Fækkun og stækkun löggæsluumdæma

Samkvæmt 2. gr. laga um framkvæmdarvald í héraði nr. 92/1989 skiptist landið í 24 stjórnsýsluumdæmi auk Reykjavíkurumdæmis, sem nær yfir Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskaupstað, Mosfellsbæ og Kjósarhrepp. Aðsetur sýslumanna eru sem hér segir: 1. Reykjavík, 2. Akranes, 3. Borgarnes, 4. Stykkishólmur, 5. Búðardalur, 6. Patreksfjörður, 7. Bolungarvík, 8. Ísafjörður, 9. Hólmavík, 10. Blönduós, 11. Sauðárkrókur, 12. Siglufjörður, 13. Akureyri, 14. Húsavík, 15. Seyðisfjörður, 16. Eskifjörður, 17. Höfn, 18. Vík, 19. Hvolsvöllur, 20. Vestmannaeyjar, 21. Selfoss, 22. Reykjanesbær, 23. Keflavíkurflugvöllur, 24. Hafnarfjörður, 25. Kópavogur. Sýslumenn voru jafnframt lögreglustjórar annars staðar en í Reykjavík.

Lögregluembætti eru stjórnvöld sem hafa landfræðileg valdmörk (staðarleg valdmörk) bundin við ákveðin umdæmi, sbr. 6. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996 og 5. gr. rg. nr. 66/2007 um stjórnsýsluumdæmi sýslumanna og lögregluumdæmi lögreglustjóra. Lögreglustjórar fara með stjórn lögregluliðs, hver í sínu umdæmi, sbr. 1. ml. 3. mgr. 6. gr. lögreglulaga. Þeir annast daglega stjórn og rekstur lögreglunnar í umdæmi sínu og bera ábyrgð á framkvæmd lögreglustarfa innan þess.

Í 7. gr. lögreglulaga er fjallað um starfssvæði lögreglu, en starfssvæði lögreglumanns er það umdæmi sem hann er skipaður, settur eða ráðinn til þess að starfa í. Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laganna hafa lögreglumenn lögregluvald hvar sem er á landinu. Þrátt fyrir að meginregla laganna sé ótvírætt sú að lögreglustjórar fari með stjórn lögregluliðs hver í sínu umdæmi og að starfsvettvangur lögreglumanna sé það umdæmi þar sem þeir eru skipaðir, settir eða ráðnir til að starfa, þá geta þeir gegnt störfum í öðrum lögregluumdæmum svo sem nánar er kveðið á um í lögreglulögunum.

**Lögregluumdæmin 15 afmarkast þannig.**




## 2. Samvinna og samhæfing milli embætta

Meðal meginmarkmiða breytinga á skipulagi lögreglunnar 1. janúar 2007 var að auka og efla sýnilega löggæslu. Sýnileg löggæsla birtist með ýmsum hætti, bæði með einkennisklæddri og óeinkenndri lögreglu. Vandasamt er að skilgreina inntak hugtaksins sýnileg löggæsla, en þó má ætla, að í því felist annars vegar löggæsla lögreglumanna, meðal og með borgurunum og hins vegar skilvirk afgreiðsla mála. Með eflingu sýnilegrar löggæslu haldast í hendur skilvirk viðbrögð lögreglu og hátt þjónustustig hennar tengt samfélagsþróun.

Til að auka sýnilega löggæslu var sú leið farin að gera lögregluembættum skylt að eiga samvinnu og samhæfa lögreglustörf á milli embætta m.a. með samræmingu vaktafyrirkomulags svo að unnt yrði að halda úti sólarhringsvöktum lögreglu víðar á landinu.

Kannaði nefndin hvort vaktafyrirkomulag hefði verið samræmt innan embætta og milli embætta.

### 2.a Samvinna lögregluembætta – samræming vaktafyrirkomulags og almennrar löggæslu innan landsfjórðunga

Lögreglulögin leggja ríka áherslu á samvinnu lögregluembætta um vaktaskipulag og almenna löggæslu. Segir í lögreglulögunum að vaktaskipulag og almenn löggæsla í lögregluumdæmum á Vesturlandi, Norðurlandi, Austurlandi og Suðurlandi skuli í hverjum fjórðungi samhæfð og samræmd eftir því sem við verður komið, sbr. 2. ml. 3. mgr. 6. gr. laganna.

Dóms- og kirkjumálaráðherra hefur sett reglur um fyrirkomulag samvinnu og til hvaða umdæma hún nær, sbr. reglugerð um samvinnu lögregluembætta, nr. 1053/2006. Í 2. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um hvaða lögreglustjórar skuli eiga samvinnu um samhæfingu og samræmingu vaktaskipulags og almennrar löggæslu sem hér segir:

- **Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu og lögreglustjórinn á Suðurnesjum.**

Þessi lögreglulið eiga náið samstarf en ekki hefur verið gerður samstarfssamningur milli embættanna um vaktaskipulag og almenna löggæslu. Hjá báðum þessum embættum er sólarhringsvakt.

- **Lögreglustjórarnir á Vesturlandi, þ.e. á Akranesi, í Borgarnesi, á Snæfellsnesi og lögreglustjórinn á Vestfjörðum.**

Lögreglustjórarnir á Vesturlandi, á Akranesi, í Borgarnesi og á Snæfellsnesi hafa gert samstarfssamning um samvinnu á milli þessara umdæma en lögreglustjórinn á Vestfjörðum á ekki aðild að þeim samningi. Vinna er á lokastigi við gerð samstarfssamnings milli lögreglustjórans á Vestfjörðum, lögreglustjórans á Blönduósi og lögreglustjórans í Borgarnesi. Hinn 6. desember 2007 gerðu lögreglustjórarnir á Akranesi og á höfuðborgarsvæðinu með sér samstarfssamning sem miðar að því að styrkja og efla löggæslu á Akranesi, Kjalarnesi, Kjósarhreppi og Mosfellsbæ.

- **Lögreglustjórarnir á Norðurlandi, þ.e. á Akureyri, á Blönduósi, á Húsavík og á Sauðárkróki.**

Hinn 14. október 2007 gerðu lögreglustjórarnir á Blönduósi og Sauðárkróki með sér samstarfssamning, þar sem lögð var áhersla á að styrkja og efla löggæsluna í umdæmunum með samvinnu og aukinni nýtingu tækjabúnaðar. Lögreglustjórarnir á Akureyri og á Húsavík eiga ekki aðild að þeim samningi. Þá gerðu lögreglustjórarnir á Seyðisfirði og á Húsavík samstarfssamning 21. ágúst 2007 sem miðar að því að styrkja og efla löggæslu á Norðausturlandi og efla hálendiseftirlit.

- **Lögreglustjórarnir á Austurlandi, þ.e. á Eskifirði og á Seyðisfirði.**

Fyrir gildistöku breytinganna í ársbyrjun 2007 höfðu lögreglustjórarnir á Seyðisfirði og Eskifirði þegar gert með sér samstarfssamning dags. 1. október 2006.

- **Lögreglustjórarnir á Suðurlandi þ.e. á Hvolsvelli, á Selfossi og í Vestmannaeyjum.**

Lögreglustjórarnir á Suðurlandi þ.e. á Hvolsvelli, á Selfossi og í Vestmannaeyjum hafa einnig gert með sér samning um samstarf. Hinn 7. nóvember 2007 gerðu lögreglustjórarnir á Hvolsvelli og Eskifirði samstarfssamning.

Lögreglustjórar geta komið á víðtækara samstarfi milli lögregluumdæma en fyrir er mælt hér að ofan. Þá segir í reglugerðinni að einn lögreglustjóri úr hópi þeirra, sem taldir eru upp hér að ofan, beri ábyrgð á samstarfi og samvinnu lögregluliðanna gagnvart ríkislögreglustjóra.

Almennt má segja, að samvinna og samstarf milli lögregluembætta sé gott, hvort sem samstarfið grundvallast á samstarfssamningi eða ekki. Samstarfssamningur þar sem kveðið er á um sameiginleg markmið og verkferla er þó að mati nefndarinnar alla jafnan haldbetri til þess að ná markvissum og skipulegum árangri.

Engin lögreglulið höfðu um sl. áramót samræmt vaktaskipulag milli embætta í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar og í sumum umdæmum gildir mismunandi vaktafyrirkomulag innan umdæmisins. Hins vegar gerðu embættin á Blönduósi og Sauðárkróki tilraun til að koma á sameiginlegu vaktkerfi lögreglunnar fyrir Skagafjörð og Húnaþing veturinn 2006/2007 en ekki náðist að ljúka því verkefni.

Nefndin telur álitaefni hvort samræmt vaktakerfi innan landsfjórðungs sé forsenda fyrir samstarfi á milli embætta og hækkun þjónustustigs. Það kann að vera eðlilegt, að vaktakerfi séu mismunandi, í ljósi löggæsluþarfar á hverjum stað, í ljósi strjálbýlis, samgangna, verkefna, álagi og eðli deilda innan hvers embættis. Viðbragðsgeta og þjónustustig lögreglu þarf að taka mið af aðstæðum í hverju umdæmi og þar geta árstíðir skipt máli.

Bent er á, að árangur við samræmingu vakta milli embætta ræðst af samsetningu lögregluliða. Sólarhringsvaktir eru kostnaðarsamar og ákveðinn lágmarksfjölda starfsmanna þarf til að ganga sólarhringsvaktir.

## 2.b Samsetning einstakra lögregluliða

Skilgreining á störfum einstakra starfsstiga er að finna í reglugerð um starfsstig innan lögreglunnar nr. 1051/2006, en samkvæmt ákvæðum hennar fara lögreglustjóri, aðstoðar-lögreglustjóri, yfirlögregluþjónn, aðstoðaryfirlögregluþjónn, aðalvarðstjóri/lögreglufulltrúi og varðstjórar/rannsóknarlögreglumenn með stjórnunarhlutverk þ.m.t. verkstjórn hóps lögreglumanna og vaktstjórn samkvæmt varðskrá og stjórn einstakra verkefna eða hóps.

Mismunandi verksviði og ábyrgð lögreglumanna eftir starfsstigum er lýst í einstökum greinum reglugerðarinnar. Stjórnun af einhverjum toga er stór þáttur í störfum lögreglumanna á hærri starfsstigum lögreglunnar og á þetta einkum við um starfsstig 4–6 en einnig á þetta við um starfsstig 7, sbr. upptalningu í 2. gr. reglugerðarinnar. Lögreglumaður samkvæmt 8. starfsstigi hefur ekki sambærilegt stjórnunarhlutverk en störfum hans er lýst með eftirfarandi hætti reglugerðinni: „1. Löggæslustörf, þar á meðal forvarnarstörf og rannsóknir mála. 2. Að halda uppi lögum og reglu í samræmi við lög, reglur og fyrirmæli sem honum eru gefin. 3. Að tryggja réttaröryggi borgaranna með störfum sínum og framkomu, greiða götu þeirra eftir því sem við á og aðstoða þegar hætta steðjar að eða slys ber að höndum. 4. Tiltekin verkefni sem lögreglustjóri felur honum, svo sem forvarnar- og fræðsluverkefni, þjálfun og umsjón leitarhunda og umsjón tækjabúnaðar.“

Í töflu 4 er að finna yfirlit yfir starfandi lögreglumenn 1. febrúar 2008 eftir starfsstigi og embættum.

Tafla 4. Fjöldi lögreglumanna 1. febrúar árið 2008 eftir starfsstigum.

| **Starfsstig** | **4.** | **5.** | **6.** | **7.** | **8.** | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Umdæmi/embætti | Yfirlögregluþjónn | Aðstoðaryfirlögregluþjónn | Aðalvarðstjóri / Lögreglufulltrúi | Varðstjóri / Rannsóknarlögreglum. | Aðstoðarvarðstjóri | Lögreglumaður | Samtals starfandi lögreglumenn | Afleysingamaður | Íbúafjöldi á hvern lögreglumann | Héraðslögreglumaður | Lögreglunemar | Alls |
| Akranes | 1 | | 1 | 3 | | 2 | 7 | 1 | 906 | | 2 | 10 |
| Akureyri | 1 | 1 | 3 | 12 | 1 | 17 | 35 | 2 | 681 | 6 | | 43 |
| Blönduós | 1 | | | 3 | | 3 | 7 | | 447 | 6 | | 13 |
| Borgarnes | 1 | | 1 | 3 | | 4 | 9 | | 577 | 10 | | 19 |
| Eskifjörður | 1 | | 2 | 4 | | 8 | 15 | | 527 | 12 | | 27 |
| Húsavík | 1 | | | 4 | | 4 | 9 | | 552 | 6 | | 15 |
| Hvolsvöllur | 1 | | | 2 | | 4 | 7 | | 630 | 5 | | 12 |
| Höfuðborgarsvæðið | 4 | 11 | 34 | 144 | | 105 | 298 | | 658 | | 29 | 327 |
| Lögregluskólinn | 2 | | 7 | | | | 9 | | | | 45 | 54 |
| Ríkislögreglustjórinn | 2 | 11 | 35 | 18 | | 23 | 89 | | | | | 89 |
| Sauðárkrókur | 1 | | | 4 | | 4 | 9 | | 470 | 6 | | 15 |
| Selfoss | 1 | 1 | 1 | 8 | | 12 | 23 | 2 | 653 | | | 25 |
| Seyðisfjörður | 1 | | 1 | 3 | | 5 | 10 | | 600 | 8 | | 18 |
| Snæfellsnes | 1 | | 1 | 2 | | 6 | 10 | | 391 | 6 | 1 | 17 |
| Suðurnes | 2 | 6 | 15 | 28 | 1 | 24 | 76 | 6 | 269 | | 2 | 84 |
| Vestfirðir | 1 | 1 | 3 | 6 | | 10 | 21 | 2 | 348 | 15 | | 38 |
| Vestmannaeyjar | 1 | | 1 | 4 | | 6 | 12 | 1 | 337 | | | 13 |
| **Samtals** | **23** | **31** | **105** | **248** | **2** | **237** | **646** | **14** | **484** | **80** | **79** | **819** |

Athygli vekur hversu breytilegur fjöldi íbúa er á hvern lögreglumann, og hversu lágt hlutfall lögreglumanna er á starfsstigi 8 „lögreglumaður“ en aðeins 36,7% af lögreglumönnum eru að meðaltali á starfsstigi 8.

Hins vegar er hlutfall lögreglumanna með stjórnunarhlutverk í starfsstigum 4-7 (yfirlögregluþjónn, aðstoðaryfirlögregluþjónn, aðalvarðstjóri/lögreglufulltrúi, varðstjóri/ rannsóknarlögreglumaður) í öllum umdæmum 63% að meðaltali (hlutfall stjórnenda er á bilinu 40%-70%).

Tekið skal fram, að aðstoðarvarðstjórar, varðstjórar og aðalvarðstjórar gegna stjórnunarhlutverki samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar en ganga samt vaktir með sama hætti og almennir lögreglumenn á starfsstigi 8. Það skal einnig tekið fram að þeir lögreglumenn sem eru á starfsstigi 7 (varðstjóri/rannsóknarlögreglumaður) fara ekki allir með stjórnunarhlutverk í raun.

Hátt hlutfall lögreglumanna með stjórnunarhlutverk í einstökum umdæmum helgast m.a. af því að skylt var, að lögreglumenn héldu því starfsstigi sem þeir gegndu við gildistöku laganna, þó að breyting kynni að verða á daglegum störfum þeirra. Þessi hlutfallsskipting kann því að vera tímabundin.

Hlutfall milli þeirra lögreglumanna sem eru á starfsstigum 4-7 annars vegar og starfsstigi 8 hins vegar ræðst ekki af stærð umdæma.

Einnig má árétta að mjög mismunandi er eftir lögregluliðum, hvert raunverulegt inntak starfa lögreglumanna er þrátt fyrir ákvæði reglugerðarinnar. Ræðst það af verkefnum og aðstæðum á hverjum stað.

Af þeim 646 faglærðu lögreglumönnum sem störfuðu við löggæslu í landinu 1. febrúar 2008 voru 237 faglærðir lögreglumenn í starfsstigi 8 (án stjórnunarheimilda) eða 36,7%. Því eru um 63% starfandi faglærðra lögreglumanna á starfsstigum 4-7 með stjórnunarheimildir samkvæmt reglugerðinni. Þá eru ekki taldir með þeir, sem gegna hærri starfsstigum innan lögreglunnar þ.e. ríkislögreglustjóri, aðstoðarríkislögreglustjórar, lögreglustjórar og skólastjóri Lögregluskóla ríkisins, aðstoðarlögreglustjórar við embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum.

Ef frá er talinn sá fjöldi lögreglumanna, sem starfar við embætti ríkislögreglustjóra og Lögregluskóla ríkisins, eru 548 faglærðir lögreglumönnum við störf í lögregluumdæmum. þar af eru 214 lögreglumenn á starfsstigi 8 (án stjórnunarheimilda) eða um 39%. Um 61% lögreglumanna gegna því störfum á starfsstigum 4-7 í lögregluumdæmunum.

Ekki er fortakslaust að rannsóknarlögreglumenn fari í raun með stjórnunarhlutverk og því getur verið misvísandi að telja rannsóknarlögreglumenn með stjórnendum lögregluliða, en eins og reglugerðin skilgreinir inntak starfsins er þó ekki unnt að mæla hlutfall með öðrum hætti.

# V. Helstu staðtölur um lögregluembætti

Í þessum kafla er eingöngu fjallað um þær staðtölur er varða lögreglustjórnina.

## 1. Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu fer með lögreglustjórn á svæði sem nær yfir Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskaupstað, Mosfellsbæ, Kjósarhrepp, Kópavog, Garðabæ, Hafnarfjörð og sveitarfélagið Álftanes.




**Útgjaldaþróun löggæslu 2004-2007**
Reikningur fyrir árin 2004-2006 eru samtala þeirra embætta sem lögð voru niður 1. janúar 2007.

- Í umdæmi lögreglustjórans eru 8 sveitarfélög og eru lögregluvarðstofur í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Seltjarnarnesi, Mosfellsbæ og Garðabæ. Lögreglumenn ganga vaktir allan sólarhringinn. Í umdæminu eru starfandi auk lögreglustjóra 298 faglærðir lögreglumenn og 29 lögreglunemar. Skipting þeirra eftir starfsstigum er þannig að 193 lögreglumenn eru á starfsstigum 4-7 þar sem gert er ráð fyrir einhvers konar stjórnunarheimildum, en 105 gegna störfum lögreglumanna á 8 starfsstigi án stjórnunarheimilda auk 29 lögreglunema. Hlutfall lögreglumanna með stjórnunarheimildir er því 59,02%. Ársverkum fækkaði lítillega hjá embættinu á árinu 2007, þ.e. úr 345 ársverkum árið 2006 í 341 árið 2007.
- Heildarútgjöld embættisins hækkuðu á árinu 2007 í rúmlega 3,1 milljarðar króna samanborið við 2,8 milljarða árið 2006. Það skal þó tekið fram að af þessum útgjöldum voru 95 m.kr. sérstaklega veittar á fjáraukalögum til þess að greiða kostnað er hlaust af starfslokum sem urðu við breytingarnar.
- Íbúafjöldi á hvern faglærðan lögreglumann höfuðborgarsvæðisins er 658. Kostnaður pr. íbúa innan umdæmisins vegna löggæslu á árinu 2007 var 16.084 kr.

## 2. Lögreglustjórinn á Suðurnesjum

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum fer jafnframt með lögreglustjórn í umdæmi sýslumannsins í Keflavík. Umdæmið sem nær yfir Grindavík, Sandgerði, Sveitarfélagið Garð, Reykjanesbæ og Sveitarfélagið Voga auk þeirra svæða á Suðurnesjum sem eru varnarsvæði samkvæmt varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna.




**Útgjaldaþróun löggæslu 2004-2007**
Reikningur fyrir árin 2004-2006 eru samtala þeirra embætta sem lögð voru niður 1. janúar 2007.

- Í umdæmi lögreglustjórans eru 5 sveitarfélög og í hverju þeirra er ein lögregluvarðstofa. Lögreglumenn ganga vaktir allan sólarhringinn.
- Hinn 1. febrúar 2008 voru auk lögreglustjóra starfandi 76 lögreglumenn í umdæminu auk 6 afleysingamanna og 2 lögreglunema. Skipting lögreglumanna eftir starfsstigum er þannig að 52 lögreglumenn er á starfsstigum 4-7 þar sem gert er ráð fyrir einhvers konar stjórnunarheimildum auk lögreglustjóra, en 24 gegna störfum lögreglumanna án stjórnunarheimilda á starfsstigi 8. Hlutfall lögreglumanna með stjórnunarheimildir er því 65%.
- Ársverkum hjá umdæmi lögreglunnar á Suðurnesjum (Keflavík og Keflavíkurflugvelli) fækkaði lítilega hjá embættinu/unum milli áranna 2006-2007, þ.e. úr 96,7 ársverkum í 88,6 ársverk.
- Heildarútgjöld embættisins vegna löggæslu á árinu 2007 voru ríflega 750 milljónir króna.
- Íbúafjöldi á hvern faglærðan lögreglumann starfandi við embættið 1. febrúar 2008 er 269 m.v. 76 faglærða lögreglumenn. Kostnaður pr. íbúa vegna löggæslu er 36.769 kr.
- Í athugasemdum lögreglustjórans á Suðurnesjum sem bárust nefndinni kemur m.a. fram að tæplega helmingur lögregluliðsins eða 36 faglærðir lögreglumenn sinnir eingöngu verkefnum í flugstöð Leifs Eiríkssonar og nýtist ekki í þjónustu við almenna borgara í sveitarfélögunum. Þannig starfa 40 lögreglumenn við löggæslu utan Keflavíkurflugvallar í umdæmi lögreglustjórans á Suðurnesjum. Ef byggt er á þessum tölum væri fjöldi íbúa að baki hverjum lögreglumanni 510.
- Nefndin bendir á að með hliðsjón af fjölda lögreglumanna á árinu 2006 fyrir sameiningu lögregluliðanna á Suðurnesjum annars vegar í umdæmi sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli og hins vegar sýslumannsins í Keflavík voru 30 faglærðir lögreglumenn starfandi hjá embættinu í Keflavík en 51 hjá embættinu á Keflavíkurflugvelli.

## 3. Lögreglustjórinn á Akranesi

Umdæmi lögreglustjórans á Akranesi er: sveitarfélagið Akraneskaupstaður.




**Útgjaldaþróun löggæslu 2004-2007**

- Í umdæmi lögreglustjórans er eitt sveitarfélag.
- Lögreglumenn ganga vakt allan sólarhringinn.
- Hinn 1. febrúar 2008 voru starfandi 7 lögreglumenn í umdæminu, 2 lögreglunemar og einn afleysingamaður og lögreglustjóri, sem jafnframt er sýslumaður. Skipting lögreglumanna eftir starfsstigum er þannig að 5 lögreglumenn eru á starfsstigum 4-7 þar sem gert er ráð fyrir einhvers konar stjórnunarheimildum auk lögreglustjóra, en 2 gegna störfum lögreglumanna án stjórnunarheimilda. Hlutfall lögreglumanna með stjórnunarheimildir er því 71%.
- Ársverkum fækkaði lítillega hjá embættinu á árinu 2007, þ.e. úr 14,5 ársverkum á árinu 2006 í 13,4 ársverk á árinu 2007.
- Heildarútgjöld til lögreglunnar hækkuðu árið 2007 og voru rúmlega 108 milljónir króna en á árinu 2006 voru heildarútgjöld til löggæslu liðlega 104 milljónir króna.
- Íbúafjöldi á hvern lögreglumann er 906. Kostnaður pr. íbúa vegna löggæslu er 17.107 kr.

## 4. Lögreglustjórinn í Borgarnesi

Lögreglustjórinn í Borgarnesi fer með lögreglustjórn í: Hvalfjarðarsveit, Skorradalshreppi og Borgarbyggð og í umdæmi sýslumannsins í Búðardal: Dalabyggð.




**Útgjaldaþróun löggæslu 2004-2007**
Reikningur fyrir árin 2004-2006 eru samtala þeirra embætta sem lögð voru niður 1. janúar 2007.

- Í umdæmi lögreglustjórans eru 4 sveitarfélög og eru varðstofur lögreglu í Borgarnesi og Búðardal. Lögreglumenn ganga vakt hluta úr sólarhringnum og er hinn hluti lögregluliðsins á bakvakt. Löggæslu er þannig sinnt allan sólarhringinn.
- Hinn 1. febrúar 2008 voru starfandi 9 lögreglumenn í umdæminu auk 10 héraðs-lögreglumanna og lögreglustjóra sem jafnframt er sýslumaður. Skipting lögreglumanna eftir starfsstigum er þannig að 5 lögreglumenn eru á starfsstigum 4-7 þar sem gert er ráð fyrir einhvers konar stjórnunarheimildum, en 4 gegna störfum lögreglumanna án stjórnunarheimilda. Hlutfall lögreglumanna með stjórnunarheimildir er því 55,55%.
- Ársverkum fjölgaði lítillega hjá embættinu á árinu 2007, þ.e. úr 9,2 ársverkum í 9,7 ársverk á árinu 2007.
- Heildarútgjöld til embættisins vegna löggæslu á árinu 2007 voru ríflega 112 milljónir króna en á árinu 2006 voru útgjöldin til löggæslu liðlega 94 milljónir króna.
- Íbúafjöldi á hvern lögreglumann er 577. Kostnaður pr. íbúa vegna löggæslu er 21.709 kr.

## 5. Lögreglustjórinn á Snæfellsnesi

Í umdæmi lögreglustjórans á Snæfellsnesi eru eftirfarandi sveitarfélög: Eyja- og Miklaholtshreppur, Snæfellsbær, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit og Stykkishólmsbær.




**Útgjaldaþróun löggæslu 2004-2007**

- Í umdæmi lögreglustjórans á Snæfellsnesi eru fimm sveitarfélög og í hverju þeirra er ein varðstofa lögreglu. Lögreglumenn eru búsettir í sveitarfélögunum. Lögregluliðið myndar eina heild og á hverjum degi er ein 11 tíma vakt sem annast löggæslu 4 daga í senn. Lögreglumenn á þessari sömu vakt eru auk þess á bakvakt. Löggæslu er þannig sinnt allan sólarhringinn.
- Hinn 1. febrúar 2008 voru starfandi 10 lögreglumenn í umdæminu auk 6 héraðs-lögreglumanna, eins lögreglunema og lögreglustjóra sem jafnframt er sýslumaður. Skipting lögreglumanna eftir starfsstigum er þannig að 4 lögreglumenn eru á starfsstigum 4-7. þar sem gert er ráð fyrir einhvers konar stjórnunarheimildum auk lögreglustjóra, en 6 gegna störfum lögreglumanna án stjórnunarheimilda. Hlutfall lögreglumanna með stjórnunarheimildir er því 40%.
- Þess ber að geta að lögreglufulltrúinn hjá embættinu sinnir ekki löggæslu á Snæfellsnesi eins og hinir 9 lögreglumennirnir. Verkefni lögreglufulltrúans er tímabundið við úrvinnslu mynda úr sjálfvirkum hraðamyndavélum og kom til samkvæmt ákvörðun embættis ríkislögreglustjóra. Öllum kostnaði við störf hans er haldið aðgreindum frá rekstri embættisins og hann er greiddur sérstaklega af samgönguráðuneyti/ríkis-lögreglustjóra.
- Ársverkum fjölgaði lítillega hjá embættinu á árinu 2007, þ.e. úr 9,3 ársverkum á árinu 2006 í 10 ársverk á árinu 2007.
- Heildarútgjöld til embættisins hækkuðu vegna löggæslu á árinu 2007 og var rúmlega 94 milljónir króna en á árinu 2006 voru heildarútgjöldin til löggæslu tæplega 86 milljónir króna.
- Íbúafjöldi á hvern lögreglumann er 391 miðað við 10 lögreglumenn. Kostnaður pr. íbúa vegna löggæslu er 24.080 kr.

## 6. Lögreglustjórinn á Vestfjörðum

Lögreglustjórinn á Vestfjörðum, sem jafnframt er sýslumaður á Ísafirði, fer með lögreglustjórn í eigin umdæmi og umdæmi þriggja annarra sýslumanna:

a. Umdæmi sýslumannsins á Patreksfirði: Reykhólahreppur, Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur.
b. Umdæmi sýslumannsins í Bolungarvík: Bolungarvíkurkaupstaður.
c. Umdæmi sýslumannsins á Ísafirði: Ísafjarðarbær og Súðavíkurhreppur.
d. Umdæmi sýslumannsins á Hólmavík: Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Strandabyggð og Bæjarhreppur.




**Útgjaldaþróun löggæslu 2004-2007**
Reikningur fyrir árin 2004-2006 eru samtala þeirra embætta sem lögð voru niður 1. janúar 2007.

- Í umdæmi lögreglustjórans eru 10 sveitarfélög og í hverju þeirra er ein varðstofa lögreglu. Lögreglumenn ganga vaktir allan sólarhringinn.
- Hinn 1. febrúar 2008 var 21 lögreglumaður í umdæminu auk 15 héraðslögreglumanna og lögreglustjóra sem jafnframt er sýslumaður. Skipting lögreglumanna eftir starfsstigum er þannig að 11 lögreglumenn eru á starfsstigum 4-7 þar sem gert er ráð fyrir einhvers konar stjórnunarheimildum auk lögreglustjóra, en 10 gegna störfum lögreglumanna án stjórnunarheimilda. Hlutfall lögreglumanna með stjórnunarheimildir er því 53%.
- Ársverkum fjölgaði lítillega hjá embættinu á árinu 2007, þ.e. úr tæplega 23 ársverkum á árinu 2006 í 23,4 ársverk á árinu 2007.
- Heildarútgjöld til embættisins vegna löggæslu hækkuðu á árinu 2007 í tæplega 205 milljónir króna en á árinu 2006 voru heildarútgjöld til löggæslu liðlega 195 milljónir króna.
- Íbúafjöldi á hvern lögreglumann er 348. Kostnaður pr. íbúa vegna löggæslu er 28.097 kr.

## 7. Lögreglustjórinn á Blönduósi

Í umdæmi lögreglustjórans á Blönduósi eru eftirfarandi sveitarfélög: Húnaþing vestra, Húnavatnshreppur, Blönduósbær, Höfðahreppur og Skagabyggð.




**Útgjaldaþróun löggæslu 2004-2007**

- Í umdæmi lögreglustjórans eru 5 sveitarfélög og varðstofa lögreglu er á Blönduósi. Lögreglumenn ganga vakt hluta úr sólarhringnum en hinn hlutann á bakvakt. Löggæslu er þannig sinnt allan sólarhringinn.
- Hinn 1. febrúar 2008 voru starfandi 7 lögreglumenn í umdæminu auk 6 héraðs-lögreglumanna og lögreglustjóra sem jafnframt er sýslumaður. Skipting lögreglumanna eftir starfsstigum er þannig að 4 lögreglumenn eru á starfsstigum 4-7 þar sem gert er ráð fyrir einhvers konar stjórnunarheimildum auk lögreglustjóra, en 3 gegna störfum lögreglumanna án stjórnunarheimilda. Hlutfall lögreglumanna með stjórnunarheimildir er því 57,14%.
- Ársverkum fjölgaði lítillega hjá embættinu á árinu 2007, þ.e. úr 7,1 ársverkum á árinu 2006 í 8 ársverk á árinu 2007.
- Heildarútgjöld til embættisins vegna löggæslu hækkuðu á árinu 2007 í rúmlega 83 milljónir króna en á árinu 2006 voru heildarútgjöldin til löggæslu rúmlega 70 milljónir króna.
- Íbúafjöldi á hvern lögreglumann er 447. Kostnaður pr. íbúa vegna löggæslu er kr. 26.715 kr.

## 8. Lögreglustjórinn á Sauðárkróki

Í umdæmi lögreglustjórans á Sauðárkróki eru eftirfarandi sveitarfélög: Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur.




**Útgjaldaþróun löggæslu 2004-2007**

- Í umdæmi lögreglustjórans eru 2 sveitarfélög og er lögregluvarðstofa á Sauðárkróki. Lögreglumenn ganga vaktir hluta sólarhringsins en eru hinn hlutann á bakvakt. Löggæslu er þannig sinnt allan sólarhringinn.
- Hinn 1. febrúar 2008 voru starfandi 9 lögreglumenn í umdæminu auk 6 héraðs-lögreglumanna og lögreglustjóra sem jafnframt er sýslumaður. Skipting lögreglumanna eftir starfsstigum er þannig að 5 lögreglumenn eru á starfsstigum 4-7 þar sem gert er ráð fyrir einhvers konar stjórnunarheimildum auk lögreglustjóra, en 4 gegna störfum lögreglumanna án stjórnunarheimilda. Hlutfall lögreglumanna með stjórnunarheimildir er því 55,55%.
- Ársverkum fjölgaði lítillega hjá embættinu á árinu 2007, þ.e. úr 8,6 ársverkum á árinu 2006 í 8,8 ársverk á árinu 2007.
- Heildarútgjöld til embættisins hækkuðu vegna löggæslu á árinu 2007 í rúmlega 82 milljónir króna en á árinu 2006 voru heildarútgjöld til löggæslu rúmlega 76,5 milljónir króna.
- Íbúafjöldi á hvern lögreglumann er 470. Kostnaður pr. íbúa vegna löggæslu er 19.570 kr.

## 9. Lögreglustjórinn á Akureyri

Lögreglustjórinn á Akureyri, sem jafnframt er sýslumaður á Akureyri, fer með lögreglustjórn í umdæmi sýslumannsins á Siglufirði. Meðal sveitarfélaga í umdæminu eru: Grímseyjarhreppur, Dalvíkurbyggð, Arnarneshreppur, Hörgárbyggð, Fjallabyggð, Akureyrarkaupstaður, Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandarhreppur og Grýtubakkahreppur.




**Útgjaldaþróun löggæslu 2004-2007**
Reikningur fyrir árin 2004-2006 eru samtala þeirra embætta sem lögð voru niður 1. janúar 2007.

- Í umdæmi lögreglustjórans eru 9 sveitarfélög og eru lögregluvarðstofur á Akureyri, Dalvík, Ólafsfirði og Siglufirði.
- Lögreglumenn ganga vaktir allan sólarhringinn.
- Hinn 1. febrúar 2008 voru starfandi 35 lögreglumenn í umdæminu auk 6 héraðs-lögreglumanna og lögreglustjóra sem jafnframt er sýslumaður. Skipting lögreglumanna eftir starfsstigum er þannig að 18 lögreglumenn eru á starfsstigum 4-7 þar sem gert er ráð fyrir einhvers konar stjórnunarheimildum auk lögreglustjóra, en 17 gegna störfum lögreglumanna án stjórnunarheimilda. Hlutfall lögreglumanna með stjórnunarheimildir er því 51,42%
- Ársverkum fækkaði lítillega hjá embættinu á árinu 2007, þ.e. úr 38,8 ársverkum á árinu 2006 í 38,7 ársverk á árinu 2007.
- Heildarútgjöld til embættisins vegna löggæslu á árinu 2007 voru um 317 milljónir króna en á árinu 2006 voru heildarútgjöld til löggæslu liðlega 293 milljónir króna.
- Íbúafjöldi á hvern lögreglumann er 681. Kostnaður pr. íbúa vegna löggæslu er 13.326 kr.

## 10. Lögreglustjórinn á Húsavík

Í umdæmi lögreglustjórans á Húsavík eru eftirfarandi sveitarfélög: Þingeyjarsveit, Skútustaðahreppur, Aðaldælahreppur, Norðurþing, Tjörneshreppur, Svalbarðshreppur og Langanesbyggð.




**Útgjaldaþróun löggæslu 2004-2007**

- Í umdæmi lögreglustjórans eru sjö sveitarfélög og eru lögregluvarðstofur á Húsavík og Þórshöfn. Lögreglumenn ganga vaktir hluta úr sólarhringnum en eru hinn hlutann á bakvakt. Löggæslu er þannig sinnt allan sólarhringinn.
- Hinn 1. febrúar 2008 voru starfandi 9 lögreglumenn í umdæminu auk 6 héraðslögreglumanna og lögreglustjóra sem jafnframt er sýslumaður. Skipting lögreglumanna eftir starfsstigum er þannig að 5 lögreglumenn eru á starfsstigum 4-7 þar sem gert er ráð fyrir einhvers konar stjórnunarheimildum auk lögreglustjóra, en 4 gegna störfum lögreglumanna án stjórnunarheimilda. Hlutfall lögreglumanna með stjórnunarheimildir er því 55,55%.
- Ársverkum fækkaði lítillega hjá embættinu á árinu 2007, þ.e. úr 10,2 ársverkum á árinu 2006 í 9,7 ársverk á árinu 2007.
- Heildarútgjöld til embættisins hækkuðu vegna löggæslu á árinu 2007 í tæplega 103 milljónir króna en á árinu 2006 voru útgjöldin til löggæslu rúmlega 96 milljónir króna.
- Íbúafjöldi á hvern lögreglumann er 552. Kostnaður pr. íbúa vegna löggæslu er 20.921 kr.

## 11. Lögreglustjórinn á Seyðisfirði

Í umdæmi lögreglustjórans á Seyðisfirði eru eftirfarandi sveitarfélög: Vopnafjarðarhreppur, Fljótsdalshreppur, Fljótsdalshérað, Borgarfjarðarhreppur og Seyðisfjarðarkaupstaður.




**Útgjaldaþróun löggæslu 2004-2007**

- Í umdæmi lögreglustjórans eru fimm sveitarfélög og eru varðstofur lögreglu á Seyðisfirði, á Egilsstöðum og á Vopnafirði.
- Lögreglumenn ganga vakt hluta úr sólarhringnum og eru hinn hlutann á bakvakt. Löggæslu er þannig sinnt allan sólarhringinn.
- Hinn 1. febrúar 2008 voru starfandi 10 lögreglumenn í umdæminu auk 8 héraðs-lögreglumanna og lögreglustjóra sem jafnframt er sýslumaður. Skipting lögreglumanna eftir starfsstigum er þannig að 5 lögreglumenn eru á starfsstigum 4-7 þar sem gert er ráð fyrir einhvers konar stjórnunarheimildum auk lögreglustjóra, en 5 gegna störfum lögreglumanna án stjórnunarheimilda. Hlutfall lögreglumanna með stjórnunarheimildir er því 50%.
- Ársverkum fjölgaði hjá embættinu á árinu 2007, þ.e. úr 9,2 ársverkum á árinu 2006 í 11 ársverk á árinu 2007.
- Heildarútgjöld til embættisins hækkuðu vegna löggæslu á árinu 2007 í tæplega 107 milljónir króna en á árinu 2006 voru útgjöldin til löggæslu rúmlega 90 milljónir króna.
- Íbúafjöldi á hvern lögreglumann er 600. Kostnaður pr. íbúa vegna löggæslu er 17.852 kr.

## 12. Lögreglustjórinn á Eskifirði

Lögreglustjórinn á Eskifirði fer jafnframt með lögreglustjórn í umdæmi sýslumannsins á Höfn. Í umdæmi lögreglustjórans á Eskifirði eru eftirfarandi sveitarfélög: Fjarðabyggð, Breiðdalshreppur og Djúpavogshreppur og Sveitarfélagið Hornafjörður.




**Útgjaldaþróun löggæslu 2004-2007**
Reikningur fyrir árin 2004-2006 eru samtala þeirra embætta sem lögð voru niður 1. janúar 2007.

- Í umdæmi lögreglustjórans eru fjögur sveitarfélög og í hverju þeirra er ein varðstofa lögreglu þ.e. á Neskaupstað, Fáskrúðsfirði, Djúpavogi og Höfn.
- Lögreglumenn ganga vakt hluta úr sólarhringnum og eru hinn hlutann á bakvakt.
- Hinn 1. febrúar 2008 voru starfandi 15 lögreglumenn í umdæminu auk 12 héraðs-lögreglumanna og lögreglustjóra sem jafnframt er sýslumaður. Skipting lögreglumanna eftir starfsstigum er þannig að 7 lögreglumenn eru á starfsstigum 4-7 þar sem gert er ráð fyrir einhvers konar stjórnunarheimildum auk lögreglustjóra, en 8 gegna störfum lögreglumanna án stjórnunarheimilda. Hlutfall lögreglumanna með stjórnunarheimildir er því 46,66%.
- Ársverkum fækkaði lítillega hjá embættinu á árinu 2007, þ.e. úr 17 ársverkum á árinu 2006 í 15,4 ársverk á árinu 2007.
- Heildarútgjöld til embættisins hækkuðu vegna löggæslu á árinu 2007 í tæplega 160 milljónir króna en á árinu 2006 voru útgjöldin til löggæslu rúmlega 150 milljónir króna.
- Íbúafjöldi á hvern lögreglumann er 527. Kostnaður pr. íbúa vegna löggæslu er 20.340 kr.

## 13. Lögreglustjórinn á Hvolsvelli

Lögreglustjórinn á Hvolsvelli fer jafnframt með lögreglustjórn í umdæmi sýslumannsins í Vík. Í umdæmi lögreglustjórans á Hvolsvelli eru eftirfarandi sveitarfélög: Skaftárhreppur og Mýrdalshreppur Rangárþing eystra, Rangárþing ytra og Ásahreppur.




**Útgjaldaþróun löggæslu 2004-2007**
Reikningur fyrir árin 2004-2006 eru samtala þeirra embætta sem lögð voru niður 1. janúar 2007.

- Í umdæmi lögreglustjórans eru fimm sveitarfélög og eru varðstofur lögreglu á Hvolsvelli, í Vík í Mýrdal og á Kirkjubæjarklaustri. Lögreglumenn ganga vakt hluta úr sólarhringnum en hinn hluti liðsins er á bakvakt. Löggæslu er þannig sinnt allan sólarhringinn.
- Hinn 1. febrúar 2008 voru starfandi 7 lögreglumenn í umdæminu auk 5 héraðs-lögreglumanna og lögreglustjóra sem jafnframt er sýslumaður. Skipting lögreglumanna eftir starfsstigum er þannig að 3 lögreglumenn eru á starfsstigum 4-7 þar sem gert er ráð fyrir einhvers konar stjórnunarheimildum auk lögreglustjóra, en 4 gegna störfum lögreglumanna án stjórnunarheimilda. Hlutfall lögreglumanna með stjórnunarheimildir er því 43%
- Ársverkum fækkaði lítillega hjá embættinu á árinu 2007, þ.e. úr liðlega 10 ársverkum á árinu 2006 í 8,8 ársverk á árinu 2007.
- Heildarútgjöld til embættisins hækkuðu vegna löggæslu á árinu 2007 í tæplega 96 milljónir króna en á árinu 2006 voru útgjöldin til löggæslu rúmlega 94 milljónir króna.
- Íbúafjöldi á hvern lögreglumann er 630. Kostnaður pr. íbúa vegna löggæslu er 21.751 kr.

## 14. Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum

Í umdæmi lögreglustjórans í Vestmannaeyjum er sveitarfélagið Vestmannaeyjabær.




**Útgjaldaþróun löggæslu 2004-2007**

- Í umdæmi lögreglustjórans er eitt sveitarfélag og er þar ein varðstofa lögreglu. Lögreglumenn ganga vaktir hluta úr sólarhringnum og eru hinn hlutann á bakvakt.
- Hinn 1. febrúar voru starfandi 12 lögreglumenn í umdæminu og lögreglustjóri sem jafnframt er sýslumaður. Skipting lögreglumanna eftir starfsstigum er þannig að 6 lögreglumenn eru á starfsstigum 4-7 þar sem gert er ráð fyrir einhvers konar stjórnunarheimildum auk lögreglustjóra, en 6 gegna störfum lögreglumanna án stjórnunarheimilda. Hlutfall lögreglumanna með stjórnunarheimildir er því 50%.
- Ársverkum fækkaði hjá embættinu á árinu 2007, þ.e. úr 12,8 ársverkum á árinu 2006 í 12 ársverk á árinu 2007.
- Heildarútgjöld til embættisins hækkuðu vegna löggæslu á árinu 2007 í tæplega 101 milljónir króna en á árinu 2006 voru útgjöldin til löggæslu rúmlega 93 milljónir króna.
- Íbúafjöldi á hvern lögreglumann er 337. Kostnaður pr. íbúa vegna löggæslu er 25.012 kr.

## 15. Lögreglustjórinn á Selfossi

Í umdæmi lögreglustjórans á Selfossi eru eftirfarandi sveitarfélög: Sveitarfélagið Árborg, Flóahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hveragerðisbær og Sveitarfélagið Ölfus.




**Útgjaldaþróun löggæslu 2004-2007**

- Í umdæmi lögreglustjórans eru átta sveitarfélög og er ein lögregluvarðstofa í umdæminu, á Selfossi. Lögreglumenn ganga vaktir allan sólarhringinn. Löggæslu er þannig sinnt allan sólarhringinn.
- Hinn 1. febrúar 2008 voru starfandi 23 lögreglumenn í umdæminu, 2 afleysingamenn og lögreglustjóri sem jafnframt er sýslumaður. Skipting lögreglumanna eftir starfsstigum er þannig að 11 lögreglumenn eru á starfsstigum 4-7 þar sem gert er ráð fyrir einhvers konar stjórnunarheimildum auk lögreglustjóra en 12 gegna störfum lögreglumanna án stjórnunarheimilda. Hlutfall lögreglumanna með stjórnunarheimildir er því 47,82%.
- Heildarútgjöld til embættisins hækkuðu vegna löggæslu á árinu 2007 í tæplega 212 milljónir króna en á árinu 2006 voru útgjöldin til löggæslu rúmlega 203 milljónir króna.
- Ársverkum fækkaði hjá embættinu á árinu 2007, þ.e. úr 28,3 ársverkum á árinu 2006 í 27,1 ársverk á árinu 2007.
- Íbúafjöldi á hvern lögreglumanna er 653. Kostnaður pr. íbúa vegna löggæslu er 14.156 kr.

## VI. Stofnun sérstakra rannsóknardeilda

Meðal höfuðmarkmiða breytinganna 1. janúar 2007 var „ *...að efla og styrkja rannsóknir lögreglu á sakamálum [m]eð því að færa rannsóknir stærri og flóknari mála í hendur færri rannsóknardeilda...*“.

Voru stofnaðar sérstakar rannsóknardeildir við sjö lögregluembætti er var ætlað að sinna rannsóknum stórra og flókinna mála og var fjórum þeirra ætlað að þjóna fleiri en einu lögregluumdæmi við rannsóknir slíkra mála:

1. *Vesturland:* Akranes, Borgarnes, Snæfellsnes og Búðardalur
2. *Vestfirðir:* Ísafjörður, Patreksfjörður, Bolungarvík og Hólmavík
3. *Norðurland:* Akureyri, Blönduós, Sauðárkrókur, Ólafsfjörður, Siglufjörður og Húsavík
4. *Austurland:* Eskifjörður, Höfn og Seyðisfjörður
5. *Suðurland:* Selfoss, Hvolsvöllur, Vík og Vestmannaeyjar
6. *Suðurnes:* Keflavík og Keflavíkurflugvöllur
7. *Höfuðborgarsvæðið:* Reykjavík, Kópavogur og Hafnarfjörður.

Samkvæmt lögreglulögum og lögum um meðferð opinberra mála annast lögregla rannsókn brota í samráði við ákærendur og er meginreglan sú, að rannsókn refsiverðra brota er í höndum lögreglu, þar sem þau eru framin. Gæði rannsóknar eru metin með hliðsjón af hagsmunum brotaþola og almennings, af því að brot verði upplýst og hagsmunum ákæruvalds og réttarvörslukerfisins, af því að fá til saksóknar mál byggð á vandaðri rannsókn. Það er hluti af réttaröryggi samfélagsins og öryggistilfinningu almennings, að rannsóknir mála gangi greiðlega fyrir sig og verði til þess að upplýsa mál. Skilvirkni lögreglu við uppljóstrun mála eflir sýnileika lögreglu og þrótt hennar. Dráttur á rannsókn getur haft áhrif á ákvörðun refsingar.

Í 8. gr. lögreglulaga er kveðið á um við hvaða embætti hinar sjö rannsóknardeildir skuli starfa og hvaða umdæmum öðrum rannsóknardeildirnar þjóna. Sérhæfðu rannsóknar-deildunum er ætlað „ *... að byggja upp nauðsynlega þekkingu og sérhæfingu á sviði rannsókna sakamála og efla þannig og styrkja þennan mikilvæga þátt í starfsemi lögreglunnar, og um leið styrkja og bæta þjónustu hennar um land allt*“, eins og segir orðrétt í athugasemdum með frumvarpi að lögum nr. 46/2006. Sérhæfðum rannsóknardeildum er þannig ætlað að byggja upp nauðsynlega þekkingu og sérhæfingu, t.d. vegna brota á borð við manndráp, kynferðisbrot, alvarlegar líkamsárásir, alvarleg fíkniefnabrot og alvarleg auðgunarbrot svo og önnur alvarleg hegningarlagabrot og sérrefsilagabrot, sem kalla á þekkingu og/eða sérhæfingu eins og segir í athugasemdum með frumvarpinu.

Með breytingunni var ekki ætlunin að flytja rannsókn meginþorra mála frá lögregluembættunum í Borgarnesi, á Snæfellsnesi, Blönduósi, Sauðárkróki, Húsavík, Seyðisfirði, Hvolsvelli og í Vestmannaeyjum til rannsóknardeildanna á Akranesi, Akureyri, Eskifirði og Selfossi heldur eingöngu rannsókn þeirra brota, sem kölluðu á umfangsmikla og flókna rannsókn.

Rannsóknir smærri brota færu áfram fram innan hvers lögregluumdæmis utan rannsóknardeilda, enda myndi það bitna á þrótti lögregluliða og draga úr sýnilegri löggæslu

og skilvirkni þeirra gagnvart borgurunum, ef rannsókn smærri brota flyttist úr umdæminu eða frá almennri löggæslu í þeim umdæmum þar sem rannsóknardeildirnar eru.

Neðangreind tafla sýnir að samtals 89 lögreglumenn starfa í þeim sjö rannsóknardeildum sem stofnaðar voru hinn 1. janúar 2007 eða 13,7% af starfandi lögreglumönnum. Langflestir rannsóknarlögreglumenn starfa á höfuðborgarsvæðinu eða 106. Samkvæmt upplýsingum lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu starfa hjá embættinu samtals 59 rannsóknarlögreglumenn og 11 lögreglufulltrúar í rannsóknardeildunum. Þessu til viðbótar starfa rannsóknarlögreglumenn við rannsóknir mála á svæðisstöðvum LRH samhliða ýmsum forvarnaverkefnum, í forvarnadeild og einnig eru rannsóknarlögreglumenn í fyrirkallsdeild. Fjöldi lögreglumanna með starfsheitið rannsóknarlögreglumaður endurspeglar ekki raunfjölda þeirra sem starfa í rannsóknardeildum.

Tafla 5. Fjöldi rannsóknarlögreglumanna í rannsóknardeildum 1. febrúar 2008.

| **Rannsóknardeildir** | **Fjöldi** | **Embætti** |
|---|---|---|
| Akureyri | 3 | Akureyri, Blönduós, Húsavík, Sauðárkrókur |
| Akranes | 1 | Akranes, Borgarnes, Snæfellsnes |
| Höfuðborgarsvæðið* | 70 | Höfuðborgarsvæðið |
| Selfoss | 3 | Selfoss, Hvolsvöllur, Vestmannaeyjar |
| Eskifjörður | 1 | Seyðisfjörður, Eskifjörður |
| Suðurnes | 9 | Suðurnes |
| Vestfirðir | 2 | Vestfirðir |
| **Samtals** | **89** | **15** |

## 1. Fjöldi brota sem eiga að falla undir rannsóknardeildir

Við athugun á því hvernig til hefur tekist við rekstur sérstakra rannsóknardeilda hefur verið litið til tölfræðilegra gagna um heildarfjölda brota og þeirra brotategunda sem ber að rannsaka í rannsóknardeildum.

Hér birtist greining á afbrotatölfræði ríkislögreglustjóra með tilliti til þess hvaða brot kunna að sæta rannsókn í rannsóknardeildum samkvæmt 2. mgr. 1. gr. reglugerðar um stjórn lögreglurannsókna, rannsóknardeildir og samvinnu lögreglustjóra við rannsókn opinberra mála.

Við lestur á töflum 8-10 þarf að hafa eftirfarandi skýringar í huga:

Alls Heildarfjöldi brota.
RD Mál sem sæta rannsókn hjá rannsóknardeild samkvæmt reglugerðinni.

Tafla 6. Heildarfjöldi brota (afbrotatölfræði RLS) eftir landsvæðum og brot sem hefðu fallið undir rannsóknardeild árið 2006 samkvæmt skilgreiningu reglugerðar um stjórn lögreglurannsókna, rannsóknardeildir og samvinnu lögreglustjóra við rannsókn opinberra mála.

| Landsvæði/ Brotaflokkar | Vesturland | | Vestfirðir | | Norðurland | | Austurland | | Suðurland | | Suðurnes | | Höfuðborgar-svæðið | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Alls | RD | Alls | RD | Alls | RD | Alls | RD | Alls | RD | Alls | RD | Alls | RD |
| **Auðgunarbrot** | 176 | 60 | 31 | 14 | 436 | 161 | 65 | 23 | 276 | 129 | 435 | 224 | 5.156 | 2508 |
| **Áfengislagabrot** | 35 | -- | 39 | -- | 175 | -- | 47 | -- | 104 | -- | 180 | -- | 1.026 | -- |
| **Brot gegn valdstjórninni** | 10 | 10 | 12 | 12 | 28 | 28 | 23 | 23 | 37 | 37 | 33 | 33 | 173 | 173 |
| **Brot gegn friðhelgi einkalífs** | 24 | -- | 22 | -- | 66 | -- | 25 | -- | 59 | -- | 65 | -- | 465 | -- |
| **Manndráp og líkamsmeiðingar** | 51 | 3 | 30 | 2 | 126 | 7 | 35 | 6 | 70 | 5 | 120 | 11 | 833 | 36 |
| **Kynferðisbrot** | 20 | 20 | 4 | 4 | 38 | 38 | 9 | 9 | 23 | 23 | 26 | 26 | 161 | 161 |
| **Eignaspjöll** | 137 | 7 | 46 | 1 | 343 | 14 | 92 | 1 | 258 | 7 | 293 | 6 | 2.302 | 41 |
| **Fíkniefnabrot** | 79 | 3 | 30 | 9 | 217 | 13 | 34 | 10 | 144 | 14 | 195 | 28 | 1.399 | 142 |
| **Skjalafals** | 8 | 8 | 1 | 1 | 29 | 29 | 10 | 10 | 8 | 8 | 15 | 15 | 224 | 224 |
| **Nytjastuldur** | 12 | -- | 2 | -- | 23 | -- | 4 | -- | 21 | -- | 49 | -- | 366 | -- |
| **Umferðarlaga-brot og óhöpp** | 4.527 | -- | 980 | -- | 8.577 | -- | 2.212 | -- | 6.760 | -- | 4.091 | -- | 30.352 | -- |
| **Önnur brot** | 104 | -- | 68 | -- | 188 | -- | 65 | -- | 181 | -- | 518 | -- | 803 | -- |
| **Samtals** | 5.183 | 111 | 1.265 | 43 | 10.246 | 290 | 2.621 | 82 | 7.941 | 223 | 6.020 | 343 | 43.260 | 3.285 |

Tafla 7. Heildarfjöldi brota eftir landsvæðum og brot sem eiga samkvæmt reglugerð að falla undir rannsóknardeild árið 2007 (bráðabirgðatölur teknar út 16.02.08).

| Brotaflokkar/ Landsvæði | Vesturland | | Vestfirðir | | Norðurland | | Austurland | | Suðurland | | Suðurnes | | Höfuðborgar-svæðið | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Alls | RD | Alls | RD | Alls | RD | Alls | RD | Alls | RD | Alls | RD | Alls | RD |
| **Auðgunarbrot** | 160 | 65 | 33 | 13 | 401 | 134 | 107 | 44 | 270 | 126 | 284 | 117 | 4948 | 2579 |
| **Áfengislagabrot** | 47 | -- | 18 | -- | 197 | -- | 45 | -- | 86 | -- | 137 | -- | 801 | -- |
| **Brot gegn valdstjórninni** | 10 | 10 | 7 | 7 | 42 | 42 | 7 | 7 | 33 | 33 | 27 | 27 | 137 | 137 |
| **Brot gegn friðhelgi einkalífs** | 23 | -- | 20 | -- | 53 | -- | 20 | -- | 45 | -- | 44 | -- | 379 | -- |
| **Líkamsmeiðingar** | 55 | 2 | 19 | 3 | 157 | 4 | 41 | 4 | 89 | 7 | 116 | 12 | 956 | 22 |
| **Kynferðisbrot** | 20 | 20 | 10 | 10 | 27 | 27 | 9 | 9 | 38 | 38 | 16 | 16 | 176 | 176 |
| **Eignaspjöll** | 143 | 4 | 52 | 4 | 284 | 8 | 68 | 4 | 265 | 7 | 295 | 9 | 2.188 | 35 |
| **Fíkniefnabrot** | 115 | 2 | 40 | 1 | 119 | 1 | 14 | 2 | 83 | 3 | 186 | 21 | 1327 | 82 |
| **Skjalafals** | 5 | 5 | 3 | 3 | 37 | 37 | 13 | 13 | 4 | 4 | 24 | 24 | 137 | 137 |
| **Nytjastuldur** | 7 | -- | 3 | -- | 22 | -- | 12 | -- | 22 | -- | 22 | -- | 343 | -- |
| **Umferðarlagabrot og óhöpp** | 11.942 | -- | 856 | -- | 8.047 | -- | 2.912 | -- | 6.667 | -- | 4.076 | -- | 29.567 | -- |
| **Önnur brot** | 88 | -- | 55 | -- | 182 | -- | 55 | -- | 157 | -- | 445 | -- | 1.529 | -- |
| **Samtals** | 12.615 | 108 | 1.116 | 41 | 9.568 | 253 | 3.303 | 83 | 7.759 | 218 | 5.672 | 226 | 42.488 | 3.168 |

Tafla 8. Heildarfjöldi brota (að frátöldum brotum sem falla undir RLS og RS) og brot sem eiga skv. reglugerð að falla undir rannsóknardeild árin 2004-2007.

| Ár/ Landsvæði | 2004 | | 2005 | | 2006 | | 2007* | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Alls | RD | Alls | RD | Alls | RD | Alls | RD |
| **Auðgunarbrot** | 6.930 | 3.511 | 6.057 | 2.877 | 6.575 | 3119 | 6.203 | 3.078 |
| **Áfengislagabrot** | 1.553 | -- | 1.762 | | 1.606 | -- | 1.331 | |
| **Brot gegn valdstjórninni** | 216 | 216 | 191 | 191 | 316 | 316 | 263 | 263 |
| **Brot gegn friðhelgi einkalífs** | 733 | -- | 774 | | 726 | -- | 584 | |
| **Líkamsmeiðingar** | 1.196 | 111 | 1.298 | 98 | 1265 | 70 | 1.433 | 54 |
| **Kynferðisbrot** | 277 | 277 | 288 | 288 | 281 | 281 | 296 | 296 |
| **Eignaspjöll** | 3.536 | 69 | 2.642 | 54 | 3.471 | 77 | 3.330 | 71 |
| **Fíkniefnabrot** | 1.669 | 300 | 1.815 | 235 | 2.097 | 219 | 1.884 | 112 |
| **Skjalafals** | 324 | 324 | 329 | 329 | 295 | 295 | 223 | 223 |
| **Nytjastuldur** | 463 | -- | 348 | | 477 | -- | 431 | |
| **Umferðarlagabrot og óhöpp*** | 64.060 | -- | 46.469 | | 57.499 | -- | 64.067 | |
| **Önnur brot** | 3.103 | -- | 3.563 | -- | 1.928 | -- | 2.476 | |
| **Samtals** | 84.060 | 4.808 | 65.536 | 4.073 | 76.536 | 4.298 | 82.521 | 4.097 |

*Bráðabirgðatölur, teknar úr málaskrá lögreglunnar 16.02.2008

Eins og sjá má á töflu 10 eru brot fleiri árið 2007 en 2005 og 2006. Má einkum rekja það til fjölgunar umferðarlagabrota, nánar tiltekið hraðakstursbrota. Í júní 2007 voru teknar upp stafrænar hraðamyndavélar í Hvalfjarðarsveit og fjölgaði þá hraðakstursbrotum á Vesturlandi.

Samkvæmt tölfræðilegum upplýsingum um heildarfjölda mála í hverju lögregluumdæmi ættu fá mál að fara til rannsóknar í hinum sérstöku rannsóknardeildum.

Fjórum rannsóknardeildum er ætlað að veita rannsóknaraðstoð til annarra umdæma samkvæmt reglugerð um rannsóknardeildirnar. Úttekt ríkislögreglustjóra á rannsóknardeildunum um mitt síðasta ár sýnir, að ekki voru öll mál, sem falla undir sérstakar rannsóknardeildir, sbr. 8. gr. lögreglulaga, send þangað til rannsóknar. Í flestum rannsóknardeildum komu til rannsóknar fleiri brotaflokkar og einnig önnur rannsóknartengd verkefni en 8. gr. lögreglulaga gerir ráð fyrir. Tiltölulega fá mál eru send rannsóknardeildum frá öðrum umdæmum. Hins vegar er oft haft samráð um framgang mála við rannsóknardeildir.

Samkvæmt upplýsingum frá sýslumanninum á Eskifirði, bárust rannsóknardeildinni á Eskifirði 17 mál frá Seyðisfirði á árinu 2007. Rannsóknardeildinni á Akureyri bárust samtals 68 mál á árinu 2007 frá þeim umdæmum sem deildin þjónar. Í ársskýrslu sýslumanns Snæfellinga í Stykkishólmi vegna ársins 2007 voru 3 mál frá Stykkishólmi og 10 mál frá Borgarnesi send til rannsóknar í rannsóknardeildinni hjá lögreglustjóranum á Akranesi. Samkvæmt ársskýrslu sýslumannsins á Selfossi bárust því embætti á árinu 2007 9 mál frá embætti lögreglustjórans á Hvolsvelli, og 8 mál fram lögreglustjóraembættinu í Vestmannaeyjum en samtals var rannsakað 91 mál í rannsóknardeildinni sem féllu undir efnissvið reglugerðar nr. 1130/2006 um rannsóknardeildir.

Smærri og einfaldari brot eru enn til rannsóknar í rannsóknardeildunum, sem ætlað er að þjóna öðrum umdæmum, sbr. úttekt RLS frá september 2007 og samantekt Ólafs Kristófers Ólafssonar, sýslumanns Snæfellinga, sjá viðauka A og B. Tiltölulega fáir rannsóknar-lögreglumenn starfa í rannsóknardeildunum og fá mál berast rannsóknardeild frá öðrum umdæmum á þjónustusvæði hennar. Af þessu má álykta, að rannsóknardeildirnar hafi lítið svigrúm til að þróa þá sérhæfingu sem að var stefnt með lagabreytingunni.

## 2. Málsmeðferðartími

Tekið hefur verið saman yfirlit yfir málsmeðferðartíma rannsóknardeilda í kynferðisbrota-málum annars vegar og manndráps- og alvarlegri líkamsmeiðingamálum sem heyra undir rannsóknardeildirnar hins vegar. Litið er til tveggja ára tímabils, áranna 2006 og 2007.

Á mynd 4 má sjá, að málsmeðferðartími kynferðisbrotamála, sem lokið er á lögreglustigi, er styttri árið 2007 en árið 2006. Á hinn bóginn er rannsókn lokið á lögreglustigi í nánast öllum málum, sem skráð voru árið 2006, en aðeins 68% frá árinu 2007, þegar gögnin voru tekin út. Það á því e.t.v. eftir að ljúka rannsókn í „þyngstu“ málunum sem geta breytt dagafjölda málsmeðferðartímans töluvert.




Mynd 4. Málsmeðferðartími í kynferðisbrotamálum sem skráð voru í lögreglukerfið 2006 og 2007 og er lokið á lögreglustigi, hlutfall.

Manndráp, manndrápstilraunir, manndráp af gáleysi og meiri háttar líkamsmeiðingar skulu sæta rannsókn í rannsóknardeild samkvæmt 2. mgr. 1. gr. reglugerðar um stjórn lögreglu-rannsókna, rannsóknardeildir og samvinnu lögreglustjóra við rannsókn opinberra mála.

Á árinu 2006[1] voru 79 manndráps- og alvarlegri líkamsmeiðingabrot skráð í lögreglukerfið í 77 málum. Alls fóru 112 ferlar grunaðra einstaklinga í rannsóknarferil og hefur 110 þeirra verið lokið á lögreglustigi, eða 98%. Á árinu 2007[2] voru 52 manndráps- og alvarlegri

[1] Gögn tekin út 21. febrúar 2008, eftir dags. skráð.
[2] Gögn tekin út 21. febrúar 2008, eftir dags. skráð.

líkamsmeiðingabrot skráð í lögreglukerfið í 51 máli. Fleiri en einn ferill getur verið í sama máli, þ.e. ef um er að ræða nokkur brot í sama máli, eða fleiri en einn árásaraðila í sama broti. Í manndráps- og alvarlegum líkamsmeiðingarmálum, sem skráð voru á árinu 2007, fóru 60 í rannsóknarferil og hefur 41 ferli einstaklinga verið lokið á lögreglustigi, eða 68% þeirra.




Mynd 5. Málsmeðferðartími í manndráps- og stórfelldum líkamsmeiðingamálum sem skráð voru í lögreglukerfið 2006 og 2007 og er lokið á lögreglustigi, hlutfall.

Myndir 4 og 5 sýna að góður árangur hefur náðst á árinu 2007 með umtalsverðri styttingu á rannsóknartíma hjá lögreglu í málaflokkunum: kynferðisbrotamál, manndrápsmál og stórfelld líkamsmeiðingarmál. Ekki liggja fyrir samanburðarhæfar tölur um aðra brotaflokka, sem falla undir rannsóknardeildir.

## VII. Greiningardeild

Hlutverk greiningardeildar er að kortleggja hættur, af skipulagðri glæpastarfsemi og hryðjuverkum, auk þess að rannsaka landráð, brot gegn stjórnskipan og æðstu stjórnvöldum, njósnir og hryðjuverk.

Reglugerð um greiningardeild er frá maí 2007 og í henni er kveðið nánar á um starfsemi deildarinnar. Ætlunin er að meta árangur af fyrstu tveimur starfsárum deildarinnar, áður en frekari línur verða lagðar um starfsemina. Tíminn verður einnig nýttur til að kanna, hvers erlendir og innlendir samstarfsaðilar vænta af starfseminni.

Á fyrsta starfsári greiningardeildar var lögð áhersla á að mynda og efla tengsl við erlenda samstarfsaðila. Skilaði það góðum árangri og hefur samstarf við innlenda aðila einnig verið styrkt. Tengliðir frá Landhelgisgæslu Íslands og tollstjóranum í Reykjavík hafa komið til samstarfs við deildina og tengiliðir hafa verið tilnefndir frá öllum lögregluumdæmum.. Greiningardeild hefur samið fjölda skýrslna og sinnt fjölmörgum samstarfsverkefnum innan lands og utan.

# VIII. Mat nefndarinnar

Lögregluumdæmin eru misjöfn. Stærð, samfélagsgerð, atvinnulíf, mannvirki og íbúafjöldi móta þau hvert um sig. Nýskipanin í ársbyrjun 2007 hafði mismikil áhrif á einstök lögregluumdæmi. Áhrif breytinganna ekki koma fram að fullu fyrr en að lengri tíma liðnum.

Hér eru helstu niðurstöður nefndarinnar á þessu stigi:

**a. Starfsrammi og markmiðssetning**

Starfssvið lögreglunnar á Íslandi er yfirgripsmikið og krefst mikillar árvekni. Telur nefndin, að skýr markmiðssetning sé mikilvæg til þess að gera lögreglunni kleift að sinna verkefnum sínum á skilvirkan og samhæfðan hátt.

Nefndin telur að vel hafi verið staðið að undirbúningi breytinga og því að setja löggæslu nýja umgjörð með setningu nýrra reglugerða og samþykkt nýrra skipurita, áður en nýskipan lögreglu tók gildi. Var því tryggt, að ekki væri óvissa um lagatúlkun eða stefnu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins um útfærslu breytinganna í aðalatriðum. Engin röskun varð á löggæslu, er hið nýja skipulag tók gildi. Telst það eitt góður árangur.

Lögreglunni hafa verið sett skýr markmið með almennri löggæsluáætlun til ársins 2011 og árangursstjórnunarsamningum við einstök lögreglulið. Samningarnir voru gerðir í árslok 2007 eftir skipulega söfnun og greiningu upplýsinga um einstök lögregluumdæmi. Ársskýrslur einstakra lögregluembætta um framkvæmd samninganna munu liggja fyrir í árslok 2008.

**b. Útgjöld vegna löggæslu**

Frekari efling og styrking löggæslunnar en varð við breytingarnar 1. janúar 2007 krefst nýrra vinnubragða og aukins fjármagns án þess að slakað sé á kröfum um ráðdeild og hagsýni í rekstri.

Frá árinu 2004 hafa útgjöld vegna löggæslu hækkað um ríflega 31%. Á sama tíma hækkaði launavísitala um rúmlega 25%. Markmið með nýskipaninni var hvorki að draga saman fjárheimildir til löggæslu né auka þær. Unnið hefur verið að ýmsum umbótum á starfsvettvangi lögreglu frá 1. janúar 2007 til dæmis með nýju fjarskiptakerfi, TETRA kerfinu, og endurbótum á tækjum og búnaði lögreglu.

Útgjaldaþróun er mjög misjöfn eftir umdæmum. Nefndin telur rétt, að hugað verði að þróun reiknilíkans til að auka gegnsæi við greiðslu á löggæslukostnaði úr ríkissjóði og stuðla að því að inntak löggæsluþjónustu sé skilgreint.

## c. Hlutfall stjórnenda í lögreglunni

Með skipulagsbreytingunni fækkaði lögreglustjórum úr 26 í 15. Í flestum lögregluumdæmum fækkaði öðrum stjórnendum ekki við breytinguna, enda áttu lögreglumenn hvorki að missa laun né starfsheiti við sameininguna, þótt verkefni þeirra gætu breyst. Til lengri tíma litið ætti yfirmönnum að fækka vegna sameiningar. Áhrif að þessu leyti eru ekki að fullu komin fram.

Við mat á háu hlutfalli lögreglumanna með stjórnunarhlutverk í lögregluliðum verður að hafa í huga, að hin síðari ár hefur hækkun launa lögreglumanna helst tengst því að hækka þá um starfsstig. Enn eimir eftir af eldra fyrirkomulagi, sem gilti fyrir árið 2001 þar sem starfsstig voru bundin í kjarasamningnum ásamt skipulagi smærri lögregluliða. Nefndin mælir með því, að aukin áhersla verði lögð á að umbuna einstökum lögreglumönnum vegna árangurs í starfi og persónulegra eiginleika frekar en hækka þá um starfsstig.

Mismunandi hlutverk lögreglumanna með stjórnunarhlutverk milli umdæma bendir til þess, að endurskoða þurfi inntak starfsstiga samkvæmt ákvæðum reglugerðar um starfsstig innan lögreglunnar, svo að skilgreining á starfsstigi endurspegli raunverulega verkskiptingu.

Hér er ekki fjallað um þá starfsmenn lögregluembætta, sem sinna öðru en eiginlegum löggæslustörfum þ.e. stuðnings- og þjónustuverkefnum eða meðferð ákæruvalds lögreglustjóra. Gera þarf skýran greinarmun á eiginlegum lögreglustörfum og ýmsum öðrum störfum, sem ekki krefjast lögreglumenntunar og tryggja, að faglærðir lögreglumenn nýtist til eiginlegra löggæslustarfa. Vegna lítilla umdæma munar um hvern mann til þess að viðhalda ríkjandi þjónustustigi. Í þessu ljósi er skynsamlegt, að hugað sé að frekari stækkun umdæma innan lögreglunnar og jafnframt, að stjórnendur sjái til þess, að menntaðir lögreglumenn sinni eingöngu störfum, sem falla undir eiginleg löggæslustörf og starfsfólk með annars konar menntun sinni öðrum störfum hjá lögregluembættum.

Í stjórnsýsluendurskoðun Ríkisendurskoðunar frá árinu 1998 á embætti lögreglustjórans í Reykjavík segir á bls. 23:

„Full ástæða er til þess að aðgreina betur en nú á sér stað, annars vegar hin eiginlegu lögreglustörf og hins vegar ýmis störf hjá embættinu sem ekki krefjast lögreglumenntunar. Nokkuð er um það að lögreglumenn gegni störfum sem falla undir síðarnefndu skilgreininguna. Þeir njóta engu að síður allra starfskjara lögreglumanna, s.s. varðandi kjarasamninga. Að mati Ríkisendurskoðunar ætti almenna reglan að vera sú að lögreglumenn gegni einungis eiginlegum lögreglustörfum innan embættisins, en til annarra starfa sé ráðið starfsfólk sem hefur annars konar menntun og reynslu. Menntaðir lögreglumenn eiga eingöngu að gegna störfum sem falla undir eiginleg löggæslustörf enda njóta þeir allra starfskjara lögreglumanna, s.s. varðandi kjarasamninga. Til annarra starfa innan lögregluembætta verði ráðið starfsfólk sem hefur annars konar menntun og reynslu og teljist til starfsmanna lögreglu.“

## d. Fjöldi lögreglumanna

Fækkun menntaðra lögreglumanna síðustu mánuði verður einkum rakin til aukins atvinnuframboðs almennt og til þess að lenging starfsnáms í Lögregluskóla ríkisins olli því, að ekki voru útskrifaðir lögreglumenn á árinu 2007 í stað þeirra sem létu af störfum.

Að beiðni dóms og kirkjumálaráðuneytisins og í samræmi við 27. gr. lögreglulaga samdi embætti ríkislögreglustjóra í janúar 2008 áætlun um mannaflaþörf lögreglunnar til ársins 2012. Áætlunin byggist á tillögum hlutaðeigandi lögreglustjóra miðað við núverandi stöðu í umdæmum þeirra. Þá er tekið tillit til getu Lögregluskóla ríkisins til að mennta lögreglumenn og áætlaðrar starfsmannaveltu. Samkvæmt áætluninni nemur lágmarksfjölgun lögreglumanna til ársins 2012 alls 122 lögreglumönnum á landsvísu miðað við íbúaþróun. Auk þess muni 50-70 lögreglumenn láta af störfum vegna aldurs og 80-100 lögreglumenn hætti störfum eða fari í ársleyfi á tímabilinu. Samtals er því talið, að alls þurfi að ráða í allt að 282 stöður lögreglumanna fram til ársins 2012. Sjá viðauka C

Tafla 9. Mannaflaþörf eftir umdæmum 2008-2012.

| Umdæmi | Stöðuheimildir Í árslok 2007* | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Akranes | 11 | 12 | 13 | 14 | 14 | 14 |
| Akureyri | 35 | 38 | 38 | 38 | 38 | 38 |
| Blönduós | 7 | 9 | 9 | 9 | 9 | 9 |
| Borgarnes | 9 | 12 | 12 | 12 | 12 | 12 |
| Eskifjörður | 15 | 18 | 18 | 18 | 18 | 18 |
| Húsavík | 9 | 9 | 10 | 11 | 11 | 11 |
| Hvolsvöllur | 10 | 10 | 10 | 10 | 10 | 10 |
| Höfuðborgarsvæðið | 329 | 339 | 339 | 351 | 363 | 375 |
| Lögregluskólinn | 9 | 9 | 9 | 9 | 9 | 9 |
| Ríkislögreglustjórinn | 88 | 98 | 105 | 110 | 111 | 112 |
| Sauðárkrókur | 9 | 9 | 9 | 9 | 9 | 9 |
| Selfoss | 23 | 28 | 28 | 28 | 28 | 28 |
| Seyðisfjörður | 10 | 11 | 11 | 11 | 11 | 11 |
| Snæfellsnes | 9 | 9 | 9 | 9 | 9 | 9 |
| Suðurnes | 76 | 89 | 95 | 101 | 105 | 105 |
| Vestfirðir | 21 | 22 | 22 | 22 | 22 | 22 |
| Vestmannaeyjar | 12 | 12 | 12 | 12 | 12 | 12 |
| **Samtals** | **682** | **734** | **749** | **774** | **791** | **804** |

*Stöðuheimildir í árslok 2007 vísa til fjölda lögreglumanna miðað við fjárheimildir þess árs. Til hliðsjónar þá var fjöldi starfandi lögreglumanna um miðjan janúar 2008, aðeins færri, eða 660 (tafla 3).

## e. Rannsóknardeildir

Fyrir lögreglustjóra með rannsóknardeildir hefur verið erfitt að tryggja, að einungis mál, er rannsaka ber í rannsóknardeild samkvæmt 8. gr. lögreglulaga og reglugerð nr. 1030/2006, séu rannsökuð í deildunum.

Nefndin dregur í efa, að sú skipan að ætla fjórum af sjö rannsóknardeildum að veita nágranna lögregluembættum rannsóknaraðstoð, sé til þess fallin að efla rannsóknir eins og stefnt var að með skipulagsbreytingunum. Þessi skipan getur skapað misvægi milli umdæma og dregið úr þrótti þeirra embætta, sem ekki hafa rannsóknardeild. Til þess ber þó að líta, að ekki er komin næg reynsla á hina breyttu skipan rannsókna og því er ekki tímabært að draga endanlegar ályktanir um virkni þeirra og hvort þessi skipan sé best til þess fallin að ná þeim markmiðum sem að var stefnt.

## f. Sýnileg löggæsla

Meðal leiða til að efla sýnilega löggæslu var að tryggja gott samstarf milli embætta, þannig að unnt væri að halda úti sólarhringsvöktum. Vaktaskipulag hefur ekki verið samræmt í landsfjórðungum, svo sem kveðið er á um í lögreglulögunum, en álitamál er hvort samræmt vaktakerfi sé forsenda fyrir samstarfi milli embætta eða hækkun þjónustustigs. Almennt er samstarf samliggjandi lögregluumdæma gott. Í aðdraganda breytinganna endurmátu öll lögregluembætti löggæsluþörf út frá verkefnum liðinna ára og mátu út frá því þörfina á breytingum á vaktakerfum og vinnutíma, þannig að löggæsla væri sem best mönnuð eftir þörfum hverju sinni. Á þessum grundvelli fór fram endurmat á vaktatilhögun og hjá sumum embættum varð niðurstaðan sú að halda óbreyttri skipan.

Í maímánuði 2008 er fyrirhugað að gera þolendakönnun, þ.e. rannsókn á viðhorfum til lögreglu og reynslu af afbrotum, fyrir landið í heild. Slík könnun er skilgreind sem lykiltæki til að greina, hvort lögregla sé að ná fram markmiðum sem sett voru fram í löggæsluáætlun. Niðurstöður könnunarinnar eiga að liggja fyrir í lok júní og geta niðurstöður hennar gefið skýrar vísbendingar um öryggistilfinningu borgaranna og sýnileika löggæslunnar í samfélag-inu.

## g. Lögreglustjórn og menntun

Í þrettán af fimmtán lögregluumdæmum gegnir lögreglustjóri jafnframt sýslumannsembætti. Í ljósi þess, að kröfur til löggæslu hafa aukist verulega á undanförnum árum, þarf lögreglustjóri að mati nefndarinnar að geta sinnt óskiptur verkefnum lögreglustjóra, til að standa undir þeirri ábyrgð, sem hann ber lögum samkvæmt.

Menntun stjórnenda innan lögreglu hefur eflst mjög á undanförnum árum með sérstöku stjórnendanámi við Lögregluskóla ríkisins. Þá hafa einstakir lögreglumenn sótt stjórnunarnám við háskóla innan lands og utan. Einstakir lögreglustjórar hafa einnig stundað meistaranám á sviði stjórnunar. Huga ber að því hvort leggja beri lögfræðimenntun lögreglustjóra til jafns við stjórnunarreynslu innan lögreglu og stjórnunarmenntun við val á lögreglustjórum. Yrði það í samræmi við þróun annars staðar á Norðurlöndunum. Í þessu sambandi hefur verið vakið máls á því, að ákæruvald í höndum lögreglustjóra krefjist lögfræðimenntunar þess sem gegnir embættinu.

## Að lokum

Nefndin telur tímabært að huga að heildarendurskoðun lögreglulaga, þar sem lögð verði áhersla á að skilgreina hlutverk lögreglu, inntak og mörk lögregluvalds, valdbeitingar-heimildir og rannsóknarheimildir lögreglu, varalið og forvirkar rannsóknarheimildir lögreglu, það er öryggis- og greiningarþjónustu.

Innleiðing á nýskipan lögreglumála samkvæmt lögum nr. 46/2006 gekk að flestu leyti vel og hefur almennt orðið til þess að auka sveigjanleika og breyta áherslum í löggæslu. Á hinn bóginn var breytingin hinn 1. janúar 2007 ekki nægilega róttæk að mati nefndarmanna, til að tryggja bestu nýtingu mannafla innan lögreglunnar alls staðar á landinu. Sum lögreglulið eru mjög fámenn, hlutfall stjórnenda er í velflestum liðum hátt og markmið um sérstakar rannsóknardeildir hafa ekki fyllilega gengið eftir.

Nefndin telur, að meiri stækkun lögregluembætta geti enn aukið slagkraft lögregluliða til að markmiðunum, sem sett voru með breytingunum 1. janúar 2007, verði náð. Í þessu sambandi vísar nefndin m.a. til bréfs frá lögregluliðum á Norðurlandi um að frekari sameiningar lögregluumdæma sé þörf og er það bréf viðauki F með skýrslu þessari.

Nefndin telur óhjákvæmilegt, að lögreglustjórum verði gert kleift að sinna eingöngu lögreglustjórn.

Nefndin mælir með því, að hugað verði að nýrri skipan lögreglurannsókna. Hinar sérstöku rannsóknardeildir sem ætlað er að þjóna öðrum umdæmum, verði lagðar niður og rannsóknarstörf lögreglu verði færð í fyrra horf og undir stjórn lögreglustjóra innan hvers umdæmis. Slíkt útilokar þó ekki að sérhæfing myndist í einstökum umdæmum, í samræmi við markmið breytinganna.

******

# Viðauki A
# Skýrsla Ólafs K. Ólafssonar sýslumanns Snæfellinga um sérstakar rannsóknar deildir 26. janúar 2007

## Kafli I
## Inngangur

Í yfirliti þessu, sem byggt er á afbrotatölfræði ríkislögreglustjórans frá árinu 2005, er leitast við að flokka tegundir og fjölda brota m.t.t. þess hvaða brot kunna að sæta rannsókn í sérstökum rannsóknardeildum, sbr. 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 1130/2006 um stjórn lögreglurannsókna, rannsóknardeildir og samvinnu lögreglustjóra við rannsókn opinberra mála. Annars vegar er það gert m.v. neðantalin 7 landssvæði, kafli II, og hins vegar m.v. hvert lögreglustjóraembætti, kafli IV.

Flokkuninni er ekki ætlað að afmarka það hvenær brot teljist alvarleg í skilningi 2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar. Henni er einungis ætlað að veita vísbendingar um mögulegan fjölda brota, sem kunna að koma til rannsóknar í rannsóknardeildunum.

Nánar er fjallað um einstaka brotaflokka í kafla III „Skýringar við einstaka brotaflokka í töflunum“. Vakin er sérstök athygli á umfjöllun um innbrot og þjófnaði í skýringum við brotaflokkinn „Auðgunarbrot“.

Sérstakar rannsóknardeildir eru á neðantöldum 7 landssvæðum. Tölurnar, sem settar eru fram við hvert svæði, byggja á upplýsingum afbrotatölfræðinnar um brot í hverju lögreglustjóraumdæmi innan hvers svæðis. Frá sumum embættunum færðist lögreglustjórn 1. janúar 2007, sbr. 6. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 eins og henni var breytt með 2. gr. l. nr. 46/2006.

1. **Vesturland:**
   Akranes, Borgarnes, Snæfellsnes og Búðardalur
2. **Vestfirðir:**
   Ísafjörður, Patreksfjörður, Bolungarvík, Hólmavík
3. **Norðurland:**
   Akureyri, Blönduós, Sauðárkrókur, Ólafsfjörður, Siglufjörður, og Húsavík
4. **Austurland:**
   Eskifjörður, Höfn, og Seyðisfjörður
5. **Suðurland:**
   Selfoss, Hvolsvöllur, Vík, og Vestmannaeyjar
6. **Suðurnes:**
   Keflavík, Keflavíkurflugvöllur
7. **Höfuðborgarsvæðið:**
   Reykjavík, Kópavogur, Hafnarfjörður.

# Kafli II
# Heildarfjöldi brota

**Tafla 1.** Heildarfjöldi brota árið 2005 (afbrotatölfræði RLS) eftir landsvæðum og brot, sem gert er ráð fyrir, að falli undir rannsóknardeildir.

| Landsvæði/ Brotaflokkar | Vesturland | | Vestfirðir | | Norðurland | | Austurland | | Suðurland | | Suðurnes | | Höfuðborgar-svæðið | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Alls | RD | Alls | RD | Alls | RD | Alls | RD | Alls | RD | Alls | RD | Alls | RD |
| Auðgunarbrot | 107 | 45 | 69 | 29 | 353 | 107 | 69 | 20 | 274 | 136 | 328 | 138 | 4.857 | 2.403 |
| Áfengislagabrot | 47 | | 53 | | 170 | | 30 | | 72 | | 110 | | 1.280 | |
| Brot gegn valdstjórninni | 6 | 6 | 4 | 4 | 21 | 21 | 10 | 10 | 12 | 12 | 31 | 31 | 107 | 107 |
| Brot gegn friðhelgi einkalífs | 18 | | 27 | | 85 | | 20 | | 45 | | 80 | | 499 | |
| Líkamsmeiðingar | 53 | 9 | 54 | 6 | 145 | 12 | 36 | 4 | 79 | 10 | 114 | 14 | 817 | 43 |
| Kynferðisbrot | 7 | 7 | 16 | 16 | 26 | 26 | 11 | 11 | 15 | 15 | 31 | 31 | 182 | 182 |
| Eignaspjöll | 77 | 4 | 46 | 1 | 261 | 5 | 55 | 3 | 188 | 9 | 328 | 6 | 1.687 | 26 |
| Fíkniefnabrot | 59 | 1 | 34 | 12 | 172 | 16 | 44 | 6 | 171 | 15 | 186 | 63 | 1.149 | 122 |
| Skjalafals | 4 | 4 | 4 | 4 | 40 | 40 | 4 | 4 | 13 | 13 | 26 | 26 | 238 | 238 |
| Nytjastuldur | 9 | | 6 | | 17 | | 8 | | 25 | | 24 | | 259 | |
| Umferðarlagabrot og óhöpp | 3.471 | | 999 | | 7.251 | | 1.749 | | 4.800 | | 3.375 | | 24.824 | |
| Önnur brot | 188 | | 113 | | 399 | | 153 | | 317 | | 1.508 | | 885 | |
| **Samtals** | **4.046** | **76** | **1.425** | **72** | **8.940** | **227** | **2.189** | **58** | **6.011** | **210** | **6.141** | **309** | **36.784** | **3.121** |

**Tafla 2.** Heildarfjöldi brota árið 2006 (bráðabirgðatölur) eftir landsvæðum og brot, sem gert er ráð fyrir, að falli undir rannsóknardeildir.

| Brotaflokkar/ Landsvæði | Vesturland | | Vestfirðir | | Norðurland | | Austurland | | Suðurland | | Suðurnes | | Höfuðborgar-svæðið | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Alls | RD | Alls | RD | Alls | RD | Alls | RD | Alls | RD | Alls | RD | Alls | RD |
| Auðgunarbrot | 173 | 58 | 32 | 13 | 424 | 156 | 65 | 23 | 279 | 129 | 415 | 203 | 4.706 | 2.263 |
| Áfengislagabrot | 38 | | 46 | | 177 | | 49 | | 110 | | 179 | | 952 | |
| Brot gegn valdstjórninni | 8 | 8 | 11 | 11 | 26 | 26 | 19 | 19 | 37 | 37 | 35 | 35 | 149 | 149 |
| Brot gegn friðhelgi einkalífs | 23 | | 28 | | 64 | | 26 | | 58 | | 63 | | 431 | |
| Líkamsmeiðingar | 51 | 4 | 36 | 2 | 115 | 9 | 36 | 6 | 65 | 6 | 118 | 7 | 740 | 42 |
| Kynferðisbrot | 18 | 18 | 2 | 2 | 29 | 29 | 8 | 8 | 16 | 16 | 19 | 19 | 119 | 119 |
| Eignaspjöll | 135 | 5 | 51 | 1 | 345 | 14 | 93 | 1 | 265 | 7 | 291 | 6 | 2.110 | 40 |
| Fíkniefnabrot | 79 | 0 | 57 | 7 | 223 | 5 | 34 | 6 | 141 | 8 | 200 | 11 | 1.317 | 84 |
| Skjalafals | 7 | 7 | 1 | 1 | 26 | 26 | 9 | 9 | 8 | 8 | 14 | 14 | 161 | 161 |
| Nytjastuldur | 12 | | 5 | | 23 | | 4 | | 19 | | 44 | | 332 | |
| Umferðarlagabrot og óhöpp | 4.541 | | 1.061 | | 8.584 | | 2.221 | | 6.821 | | 4.110 | | 28.505 | |
| Önnur brot | 96 | | 82 | | 180 | | 67 | | 180 | | 511 | | 735 | |
| **Samtals** | **5.181** | **100** | **1.412** | **37** | **10.216** | **265** | **2.631** | **72** | **7.999** | **211** | **5.999** | **295** | **40.257** | **2.858** |

**Tafla 3.** Heildarfjöldi brota og brot, sem gert er ráð fyrir, að falli undir rannsóknardeild árin 2004-2006.

| Ár/ Landsvæði | 2004 | | 2005 | | Bráðabirgðatölur 2006 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Alls | RD | Alls | RD | Alls | RD |
| Auðgunarbrot | 6.930 | **3.511** | 6.057 | **2.878** | 6.094 | **2.845** |
| Áfengislagabrot | 1.553 | | 1.762 | | 1.551 | |
| Brot gegn valdstjórninni | 216 | **216** | 191 | **191** | 285 | **285** |
| Brot gegn friðhelgi einkalífs | 734 | | 774 | | 693 | |
| Líkamsmeiðingar | 1.196 | **111** | 1.298 | **98** | 1.161 | **76** |
| Kynferðisbrot | 277 | **277** | 288 | **288** | 211 | **211** |
| Eignaspjöll | 3.536 | **69** | 2.642 | **54** | 3.290 | **74** |
| Fíkniefnabrot | 1.669 | **300** | 1.815 | **235** | 2.051 | **121** |
| Skjalafals | 324 | **324** | 329 | **329** | 226 | **226** |
| Nytjastuldur | 463 | | 348 | | 439 | |
| Umferðarlagabrot og óhöpp* | 64.070 | | 46.479 | | 55.843 | |
| Samtals | **80.968** | **4.808** | **61.983** | **4.073** | **71.844** | **3.838** |

* Sjá nánar í lið 11 **Umferðalagabrot og umferðaróhöpp**.

-------------------------

Við lestur á töflum 1-3 þarf að hafa eftirfarandi skýringar í huga:

**Alls** Heildarfjöldi brota.

**RD** Mál, sem yfirlitið gerir ráð fyrir, að sæti rannsókn í rannsóknardeild.

--------------------------

# Kafli III
# Skýringar við einstaka brotaflokka í töflunum

**Brotaflokkar eru þeir sömu og í afbrotatölfræði ríkislögreglustjórans.**

## 1. Auðgunarbrot.

Undir þennan meginflokk í afbrotatölfræði ríkislögreglustjórans falla 23 undirflokkar brota. Brot eins og rán falla samkvæmt tvímælalausu orðalagi 2. mgr. 1. gr. rgj. undir rannsóknardeildir. Um önnur brot í þessum meginflokki kann að vakna það álitamál hvort brotið teljist "alvarlegt fjármunabrot".

Hér hafa **tölur um þjófnaði verið teknar út** vegna þess að inn í þeim er mikið um minniháttar þjófnaðarbrot, sem gera má ráð fyrir að sæti rannsókn hjá almennri lögreglu.

Inn í tölum um brot, sem gert er ráð fyrir að fari til rannsóknardeildar, eru m.a. **öll innbrot** en fjöldi þeirra er Vesturland 37, Vestfirðir 17, Norðurland 69, Austurland 13, Suðurland 123, Suðurnes 113 og Höfuðborgarsvæðið 1.872 árið 2005. Um þriðjungur innbrota er í bifreiðar, sem gera má ráð fyrir að sé sinnt af almennri lögreglu, nema ef um er að ræða innbrot í fjölda bifreiða. Sjá mynd 1.

Tölurnar í þessari flokkun verður því að skoða í þessu ljósi; þ.e. að inn í tölur um þau brot, sem kunna að sæta rannsókn í rannsóknardeild, **vantar líklega tölur um þjófnaði** og að tölur um **innbrot**, sem kunna að sæta rannsókn í rannsóknardeild, eru **líklega of háar**.

Stærri og alvarlegri brot í meginflokknum "Auðgunarbrot" í afbrotatölfræði ríkislögreglu-stjórann færu til rannsóknardeildar, sbr. sbr. 2. mgr. 1. gr. rgj. 1130/2006. En ítrekað er að flokkuninni er ekki ætlað að leysa úr þeim álitamálum, sem vakna þegar rætt er um alvarleika brota.

Árið 2005 fækkaði auðgunarbrotum verulega miðað við fjölda brota árið á undan. Annars vegar er um raunverulega fækkun brota að ræða enda hefur auðgunarbrotum fækkað jafnt og þétt á síðustu árum. Hins vegar er um að ræða breytingar vegna nýs lögreglukerfis sem meðal annars leiða til þess að auðgunarbrot fara í annan feril nú en áður.

Innbrotum fækkaði um tæplega 21% og þjófnuðum um tæplega 30% árið 2005 miðað við meðalfjölda brota áranna 2000-2004. Á sama tíma fer fjársvikum með greiðslukortum fjölgandi auk þess sem mun fleiri gripdeildir og rán voru tilkynnt til lögreglu á síðasta ári samanborið við meðaltal áranna á undan.

Eins og fram kemur á mynd 1 urðu nokkrar breytingar á vettvangi innbrota árið 2005 samanborið við árin á undan. Þannig voru hlutfallslega fleiri innbrot í íbúðarhúsnæði á árinu 2005 en árin á undan þegar innbrot í bifreiðar voru hins vegar hlutfallslega fæst. Þá fjölgaði innbrotum í fyrirtæki hlutfallslega á árinu 2005 samanborið við árin á undan. Af þessu má álykta að fækkun innbrota á árinu 2005 hafi verið mismunandi eftir tegund vettvangs. Innbrotum í bifreiðar virðist þannig hafa fækkað hlutfallslega meira en innbrotum í heimahús og fyrirtæki.




**Mynd 1.** Hlutfallsleg dreifing innbrota samkvæmt málaskrá árin 2003 til 2005.

**2. Áfengislagabrot.**

Gert er ráð fyrir því í flokkuninni að þessi brot séu öll rannsökuð af almennri lögreglu, nema í sérstökum og alvarlegri tilvikum.

**3. Brot gegn valdstjórninni.**

Gert er ráð fyrir því í flokkuunni að þessi brot sæti rannsókn hjá rannsóknardeild.

**4. Brot gegn friðhelgi einkalífs.**

Gert er ráð fyrir því í flokkununni að þessi brot séu rannsökuð af almennri lögreglu. Alvarlegar ofsóknir og líflátshótanir sæti þó almennt rannsókn hjá rannsóknardeild.

**5. Manndráp og líkamsmeiðingar.**

Gert er ráð fyrir því í flokkununni að líkamsmeiðingar samkvæmt. 217 og 218.1 gr. almennra hegningarlaga sæti rannsókn hjá almennri lögreglu. Þó svo að gert sé ráð fyrir að brot á fyrrnefndum lagagreinum séu rannsökuð af almennri lögreglu, geta komið upp mál í þessum flokkum sem eðlilegt er að sæti rannsókn hjá rannsóknardeild, en slíkt á að heyra til undantekninga.

Manndráp, manndrápstilraunir, manndráp af gáleysi og meiri háttar líkamsárásir ( 218.2 gr.) sæta rannsókn í rannsóknardeild sbr. 2. mgr. 1. gr. rgj. 1130/2006.

**6. Kynferðisbrot.**

Þessi mál sæta rannsókn hjá rannsóknardeild, sbr. 2. mgr. 1. gr. rgj. 1130/2006, nema e.t.v. ef um mjög smávægilegt brot er að ræða.

**7. Eignspjöll.**

Gert er ráð fyrir því í flokkunngunni að minni háttar eignaspjöll (257.1 gr.) séu rannsökuð af almennri lögreglu.

Gert er ráð fyrir því í flokkuninni að meiri háttar eignaspjöll (257.2) sæti rannsókn hjá rannsóknardeild. Brennur samkvæmt. 164. gr. hegningarlaga og 165. gr. og meiri háttar eldsvoðar sæta rannsókn í rannsóknardeild sbr. 2. mgr. 1. gr. rgj. 1130/2006.

**8. Fíkniefnabrot.**

Gert er ráð fyrir því í flokkuninni að mál er varða innflutning, framleiðslu og sölu fíkniefna sæti rannsókn hjá rannsóknardeild, sbr. 2. mgr. 1. gr. rgj. 1130/2006. Önnur mál sæti rannsókn hjá almennri lögreglu. Ef um minni háttar mál er að ræða varðandi sölu fíkniefna kunna þau að sæta rannsókn hjá almennri lögreglu.

**9. Skjalafals.**

Gert er ráð fyrir því í flokkuninni að öll mál er varða skjalafals sæti rannsókn hjá rannsóknardeild.

## 10. Nytjastuldur.

Gert er ráð fyrir að þessi brot sæti rannsókn hjá almennri lögreglu. Þó geta komið upp mál sem eðlilegt er að sæti rannsókn hjá rannsóknardeild.

## 11. Umferðarlagabrot og umferðaróhöpp.

Gert er ráð fyrir því í flokkuninni að þessi brot séu rannsökuð af almennri lögreglu. Ef um er að ræða alvarleg slys sæta þau rannsókn í rannsóknardeild, sbr. 2. mgr. 1. gr. rgj. 1130/2006.




* Heimild: **Rannsóknarnefnd umferðarslysa**.

**Mynd 2.** Fjöldi banaslysa eftir landsvæðum árin 2003 til nóvember 2006.

## 12. Önnur brot.

Gert er ráð fyrir að þessi brot, sem felld eru undir þennan flokk í afbrotatölfræðinni, sæti rannsókn almennrar lögreglu. Þó geta komið upp mál þar sem eðlilegt er að rannsókn fari fram hjá rannsóknardeild.

Gert er ráð fyrir því í flokkuninni, að mál er varða voveifleg dauðsföll sæti rannsókn hjá almennri lögreglu, nema ef óljóst er hvað hafi valdið dauða. Til álita kemur að sjálfsvíg sæti rannsókn í rannsóknardeild nema ef ekki er vafi á aðdraganda og orsök dauða. Alvarleg slys sæta rannsókn í rannsóknardeild, sbr. 2. mgr. 1. gr. rg. 1130/2006.

**Nánar um „Önnur brot“ og brotaflokkun.**

Embætti ríkislögreglustjóra hefur ætíð tekið út helstu brotaflokka í árlegum afbrota-tölfræðiskýrslum en einnig tölur og upplýsingar um önnur brot. Um er að ræða tvo aðal brotaflokka: hegningarlagabrot og sérrefsilagabrot. Eins og sjá má í töflu 4 þá teljast til helstu brotaflokka til hegningarlagabrot, áfengislagabrot, fíkniefnabrot, umferðarlagabrot og sérrefsilagabrot. Fram til ársins 2005 vorur umferðarlagabrot og umferðaróhöpp skráð saman í einn brotaflokk ef frá þeim tíma var hætt að skrá umferðaóhöpp með

umferðarlagabrotum. Brotaflokkarnir í töflu 4 urðu fyrir valinu, sem helstu brotaflokkarnir, þar sem yfir 90% allra skráðra brota á Íslandi á ári hverju falla innan þeirra.

**Tafla 4. Helstu brotaflokkar og yfirflokkar**

| Helstu brotaflokkar | Yfirflokkar |
|---|---|
| Auðgunarbrot | Hegningarlagabrot |
| Áfengislagabrot | Sérrefsilagabrot |
| Brot gegn valdstjórninni | Hegningarlagabrot |
| Brot gegn friðhelgi einkalífs | Hegningarlagabrot |
| Líkamsmeiðingar | Hegningarlagabrot |
| Kynferðisbrot | Hegningarlagabrot |
| Eignarspjöll | Hegningarlagabrot |
| Fíkniefnabrot | Sérrefsilagabrot |
| Skjalafals | Hegningarlagabrot |
| Nytjastuldur | Hegningarlagabrot |
| Umferðarlagabrot og óhöpp | Sérrefsilagabrot |

## Önnur brot - hegningarlagabrot

Í töflu 5 má sjá hegningarlagabrot sem falla undir flokkin „Önnur brot - hegningarlagabrot" í afbrotatölfræði ríkislögreglustjóra. Heildarfjöldi skráðra brota í töflu 5 árið 2005 fyrir landið í heild var um 130 en fór upp í rúmlega 200 árið 2006.

**Tafla 5. Önnur hegningarlagabrot**

| Hegningarlagabrot - önnur brot |
|---|
| Brot á almannafriði og allsherjarreglu |
| Brot á reglum um framfærslu og atvinnuháttu |
| Brot gegn frjálsræði manna |
| Brot gegn stjórnskipun ríkisins og æðstu stjórnvöldum |
| Brot í opinberu starfi |
| Brot, sem hafa í för með sér almannahættu |
| Landráð |
| Rangur framburður og rangar sakargiftir |
| Sifskaparbrot |
| Ýmis brot á hagsmunum almennings |

## Sérrefsilagabrot

Innan sérrefislagabrota í afbrotatölfræðinni eru margir smáir undirflokkar. Innan sérrefsilagabrota má finna þrjá frekar stóra brotaflokka, samanber töflu 6.

**Tafla 6. Sérrefsilagabrot, stærstu flokkar innan undirflokks sérrefsilaga**

| Sérrefislagabrot-sérrefsilög |
|---|
| Lög um útlendinga (96/2002) |
| Tollalög, ólöglegur innflutningur |
| Vopnalög (nr. 16/1998) |

Árið 2003 og 2004 voru yfir 100 brot á lögum um útlendinga skráð en þau fóru niður í rúmlega 90 árið 2006. Brot í flokknum „Tollalög, ólöglegur innflutningur" árið 2005 voru um 1000, flest á Keflavíkurflugvelli sem skýrir í raun óvenju hátt hlutfall flokksins „Önnur brot" á Suðurnesjum. Breyting var gerð á þessari skráningu árið 2006 sem skýrir fækkun annarra brota á Suðurnesjum það ár. Brotumt á vopnalögum hefur farið fjölgandi og voru þau yfir 300 árin 2005 og 2006.

Tafla 7 sýnir önnur sérrefsilagabrot, sem ekki hafa verið talin til helstu brotaflokka, í afbrotatölfræðiskýrslum embættis rikislögreglustjóra.

**Tafla 7. Yfirflokkar annarra sérrefsilagabrota**

| Sérrefsilagabrot- önnur brot | |
|---|---|
| Atvinnuvegir - almenn ákvæði | Skotvopn, skoteldar og sprengiefni |
| Atvinnuvegir - fiskveiðar og sjávarútveg | Stjórnarfar - embættismenn og yfirvöld |
| Atvinnuvegir - landbúnaður | Stjórnarfar - félagsmálefni |
| Atvinnuvegir - veiði og friðun | Stjórnarfar - heilbrigðismál |
| Atvinnuvegir - veitingar - samkomuhús | Stjórnarfar - kirkjumál |
| Atvinnuvegir - verslun | Stjórnarfar - landshagir |
| Einkamálaréttur - einkaréttindi | Stjórnarfar - lögreglumálefni |
| Lög um staðgreiðslu opinberra gjalda | Stjórnarfar - menntamál |
| Lög um virðisaukaskatt | Stjórnarfar - samgöngur |
| Lögreglusamþykktir | Stjórnarfar - skattar og gjöld |
| Refsilög | Stjórnarfar - umhverfismál |
| Sérrefsilög | Tollalög |

Aðrir brotaflokkar innan flokksins „Sérrefsilagabrot - önnur brot" , sem nefna má vegna stærðar, eru:

„Stjórnarfar-félagsmálefni". Undir hann falla m.a. brot á barnaverndarlögum, sem hefur farið fjölgandi og voru þau um 400 árið 2006.

„Stjórnarfar-heilbrigðismál". Undir hann falla m.a. brot á lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim – ólöglegur innflutningur. Brotin voru óvenjumörg árið 2005 eða 220. Flest málanna voru á skráð hjá embættinu á Keflavíkurflugvelli og skýrir það einnig hátt hlutfall flokksins „Önnur brot" hjá embættinu árið 2005.

„Stjórnarfar-lögreglumál". Brot í þessum flokki voru 600 árið 2005 en engin árið 2005.

# Viðauki B
# Athugun á framkvæmd lögreglulaga og reglugerðar um sérstakar rannsóknardeildir og samstarf lögreglustjóranna

## ➢ *Inngangur*

Frá ársbyrjun 2007 tók gildi reglugerð nr. 1130/2006 um stjórn lögreglurannsókna, rannsóknardeildir og samvinnu lögreglustjóra við rannsókn opinberra mála. Í 1. gr. segir svo:

> *Rannsókn refsiverðra brota er í höndum lögreglu í því umdæmi þar sem þau eru framin. Lögregla annast rannsókn brota í samráði við ákærendur.*
>
> *Sérstakar rannsóknardeildir, sbr. 8. gr. laga nr. 90/1996, annast rannsóknir manndrápa, rána, kynferðisbrota, brenna, alvarlegra fíkniefnabrota, alvarlegra líkamsárása, alvarlegra fjármunabrota, alvarlegra slysa og meiri háttar eldsvoða. Auk þess skulu rannsóknardeildir annast rannsókn brota telji lögreglustjóri, þar sem brot er framið, að rannsókn þess muni vera umfangsmikil og taka langan tíma.*

Í 2. grein reglugerðarinnar segir:

> *Lögreglustjóri hefur forræði á rannsókn brota, sem framin eru í umdæmi hans.*
>
> *Sá lögreglustjóri, sem rannsóknardeild á undir, fer með forræði á rannsókn máls, sem til rannsóknar er hjá rannsóknardeild hans.*
>
> *Nú fremur maður fleiri en eitt brot í fleiri en einu lögsagnarumdæmi og skal þá rannsókn þeirra fara fram á vegum eins lögreglustjóra ef unnt er, enda valdi það ekki verulegum töfum á rannsókninni. Rannsókn máls skal sá lögreglustjóri að jafnaði annast, sem fyrstur hóf rannsóknina.*

Í 8. gr. laga nr. 90/1996 segir að lögreglan annist rannsókn brota í samráði við ákærendur og að við embætti eftirtalinna sjö lögreglustjóra verði sérstakar rannsóknardeildir:

- Lögreglustjórans á Akranesi fyrir umdæmi hans, lögreglustjórans í Borgarnesi og á Snæfellsnesi.
- Lögreglustjórans á Akureyri fyrir umdæmi hans, lögreglustjórans á Blönduósi, á Sauðárkróki og á Húsavík.
- Lögreglustjórans á Eskifirði fyrir umdæmi hans og lögreglustjórans á Seyðisfirði.
- Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu fyrir umdæmi hans.
- Lögreglustjórans á Selfossi fyrir umdæmi hans og lögreglustjórans á Hvolsvelli og í Vestmannaeyjum.
- Lögreglustjórans á Suðurnesjum fyrir umdæmi hans.
- Lögreglustjórans á Vestfjörðum fyrir umdæmi hans.

Í því skyni að kanna hvernig framkvæmd þessara mála er háttað sendi ríkislögreglustjóri lögreglustjórunum umburðarbréf þann 20. júní 2007, þar sem fram voru settar spurningar í fimm liðum/köflum. Þrír fyrstu liðirnir vörðuðu einungis rannsóknardeildirnar en sá fjórði var til þeirra lögreglustjóra, sem ekki hafa sérstakar rannsóknardeildir. Óskað var eftir að svör bærust eigi síðar en 20. júlí 2007.

## ➢ *Spurningar til lögreglustjóra með rannsóknardeildir*

Í lið V. í umburðarbréfinu var bent á að við flokkun brota samkvæmt I. lið ættu lögreglu-stjórar að styðjast við greiningu ríkislögreglustjórans, sem kynnt var og dreift á fundi hans og allra lögreglustjóra 26. janúar 2007. Tímabilið sem til athugunar kom var um hálft ár, aðeins breytilegt en þó ekki að því marki að það skipti máli við þessa samantekt.

**I.**

Hver er fjöldi mála í neðangreindum málaflokkum, sbr. 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 1130/2006 um stjórn lögreglurannsókna, rannsóknardeildar og samvinnu lögreglustjóra við rannsókn opinberra mála:

A. sem rannsóknardeildin tók við 1. janúar 2007 og

B. sem komið hefur til rannsóknar í rannsóknardeild eftir 1. janúar 2007:

1. Manndráp.
2. Rán.
3. Kynferðisbrot
4. Brenna.
5. Alvarleg fíkniefnabrot.
6. Alvarlegar líkamsárásir.
7. Alvarleg fjármunabrot.
8. Alvarleg slys.
9. Meiri háttar eldsvoðar.

**II.**

Hversu mörg brot hefur rannsóknardeildin fengið til rannsóknar eftir 1. janúar 2007 á grundvelli 2. málsl. 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 1130/2006, þ.e. að lögreglustjóri, þar sem brot er framið, hafi vísað máli til rannsóknardeildar vegna þess að hann hafi talið að rannsókn brots yrði umfangsmikil og tæki langan tíma?

**III.**

Ef rannsóknardeildin sinnir rannsóknum í öðrum brotaflokkum en 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 1130/2006 kveður á um

1. hvaða brotaflokkar eru það og
2. hver er fjöldi mála í þeim brotaflokkum,
   A. annars vegar þau mál er rannsóknardeildin tók við 1. janúar 2007 og
   B. hins vegar þau mál, sem komið hafa til rannsóknar í rannsóknardeild eftir 1. janúar 2007.

## ➢ *Svör lögreglustjóra sem hafa rannsóknardeildir*

Svör bárust frá öllum þeim lögreglustjórum sem höfðu rannsóknardeildir.

| Fjöldi brota í rannsóknardeild er upp komu fyrstu sex mánuði ársins 2007 | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Vestur-land | Vest-firðir | Norður-land | Austur-land | Suður-land | Suður-nes | Höfuðborgar-svæðið | Samtals |
| 1. Manndráp | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 2. Rán | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 14 | 15 |
| 3. Kynferðisbrot | 10 | 10 | 8 | 7 | 25 | 13 | 55 | 128 |
| 4. Brenna | 0 | 2 | 1 | 0 | 3 | 2 | 4 | 12 |
| 5. Alvarleg fíkniefnabrot | 3 | 0 | 2 | 0 | 1 | 3 | 7 | 16 |
| 6. Alvarlegar líkamsárásir | 5 | 2 | 4 | 2 | 7 | 10 | 23 | 53 |
| 7. Alvarleg fjármunabrot | 10 | 0 | 6 | 0 | 1 | 1 | 107 | 125 |
| 8. Alvarleg slys | 2 | 1 | 4 | 2 | 11 | 0 | 0 | 20 |
| 9. Meiri háttar eldsvoðar | 0 | 0 | 3 | 0 | 5 | 0 | 2 | 10 |
| Samtals | 30 | 15 | 28 | 11 | 53 | 30 | 212 | 379 |

| Nokkrir brotaflokkar teknir til samanburðar (fyrstu sex mánuði ársins 2007) Heildarfjöldi brota samkvæmt málaskrá og þau sem fóru til rannsóknardeilda (RD) | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Landsvæði/ Brotaflokkar | Vestur-land | | Vest-firðir | | Norður-land | | Austur-land | | Suður-land | | Suðurnes | | Höfuðborgar-svæðið | | Samtals | |
| | Alls | RD | Alls | RD | Alls | RD | Alls | RD | Alls | RD | Alls | RD | Alls | RD | Alls | RD |
| Rán | 0 | **0** | 0 | **0** | 0 | **0** | 0 | **0** | 0 | **0** | 1 | **1** | 22 | **14** | 23 | **15** |
| Kynferðisbrot | 13 | **10** | 8 | **10** | 16 | **8** | 8 | **7** | 17 | **25** | 12 | **13** | 80 | **55** | 154 | **128** |
| Alvarleg Fíkniefnabrot | 0 | **3** | 0 | **0** | 0 | **2** | 1 | **0** | 3 | **1** | 9 | **3** | 43 | **7** | 56 | **16** |
| Alvarlegar líkamsárásir (218.2) | 0 | **5** | 2 | **2** | 1 | **4** | 2 | **2** | 1 | **7** | 5 | **10** | 6 | **23** | 17 | **53** |
| **Meiri háttar líkamsárás (218.1 gr.)** | *4* | | *0* | | *5* | | *0* | | *4* | | *4* | | *29* | | *46* | |
| Samtals | 17 | 18 | 10 | 12 | 22 | 14 | 11 | 9 | 25 | 33 | 31 | 27 | 180 | 99 | 296 | 212 |

*Brot gegn 218.1 tekin til hliðsjónar þar sem þau virðast einnig fara til rannsóknardeilda.

Athuga ber að setja þarf ákveðinn fyrirvara við tölulegan samanburð hér að framan þar sem í sumum tilvikum kemur fram misræmi, t.d. þegar fleiri brot eru í rannsóknardeild en upp hafa komið á tímabilinu samkvæmt málaskrá. Það kann að skýrast af því að sum embættin tóku út tölur miðað við lok júlí en trúlega einnig af mismunandi skilgreiningu á því hvað séu meiri háttar brot.

## Helstu atriðin úr svörum lögreglustjóra, til viðbótar tölulegum upplýsingum í töflum að framan, koma hér á eftir:

- **Akranes**

Ekki liggur fyrir hversu mörg mál voru til meðferðar í rannsóknardeild 1. janúar sl. og sú skýring gefin að lögreglukerfið (LÖKE) bjóði ekki upp á þann möguleika að kalla fram mál í stöðunni „Í rannsókn“ á ákveðnum gildisdegi. Við lauslega skoðun á skráðum hegningarlagabrotum kom í ljós að um tíu málum var ólokið 1. janúar 2007. Ekki liggur fyrir heildarfjöldi sérrefsilagabrota.

Að jafnaði eru um 30 – 40 mál til meðferðar hjá rannsóknardeild hverju sinni og þeim raðað í forgang eftir alvarleika. Frá embættunum í Borgarnesi og á Snæfellsnesi komu engin mál sem stofnuð voru fyrir 1. janúar 2007. Fá mál hafa komið til rannsóknardeildarinnar frá lögreglustjórunum í Borgarnesi og á Snæfellsnesi fyrstu sex mánuði ársins 2007.

Rannsóknardeildin á Akranesi hefur einnig rannsakað hegningarlagabrot sem upp hafa komið þó þau falli ekki undir skilgreiningu sem alvarleg brot. Allar líkamsárásir eru rannsakaðar af rannsóknardeild meðal annars vegna þeirrar áherslu ríkissaksóknara að rannsóknum þeirra mála verði lokið innan tiltekins frests.

Til viðbótar þeim níu tilgreindu brotaflokkum sem fram koma í B-lið I. kafla eru alvarleg eignarspjöll um það bil átta það sem af er árinu, tvö peningafölsunarmál hafa komið upp, tvö mál er varða ofbeldi gagnvart opinberum starfsmönnum, eitt mál varðandi ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs og tvö húsbrotsmál.

Sú þróun hefur átt sér stað á Akranesi að almennir lögreglumenn vinna nú meira en áður við rannsóknir um leið og málin koma upp og létta þannig á rannsóknardeildinni. Einnig kemur yfirlögregluþjónn meira inn í rannsóknir nú en áður til að létta álagi af deildinni. Þegar frumvinnu málsins sleppir er það engu að síður skráð á rannsóknardeild til að fá yfirferð reynds rannsóknarlögreglumanns og búa þannig málið sem best í hendur ákæruvalds.

Rannsóknardeildin á Akranesi hefur á að skipa einum rannsóknarlögreglumanni sem hefur víðtæka reynslu af rannsóknum sakamála. Sá hefur starfsstigið aðalvarðstjóri/lögreglufulltrúi og kemur næstur yfirlögregluþjóni að starfsstigi. Hann leysir því yfirlögregluþjón af og færist á meðan til yfirstjórnar. Til að létta álagi af lögreglufulltrúanum og í afleysingum hefur embættið fengið lögreglumenn úr almennri deild til starfa í rannsóknardeild.

Í allmörgum málum sem til rannsóknar hafa verið í almennri deild er ferillinn „Í rannsókn“ ekki færður á málið enda er það ekki skilgreint hvenær málið sé þannig vaxið að skrá beri þann feril.

Við breytinguna þann 1. janúar sl. varð engin fjölgun á lögreglumönnum í rannsóknardeild enda ekki aukið við fjárheimildir til embættisins. Fjölgun er helst í kynferðisbrotamálum en þau eru mjög tímafrek í rannsókn og vandasöm. Það hefur verulega aukið vinnuálag á deildina.

Í svari við spurningum vegna kafla III. segir að rannsóknardeildin, ásamt lögreglustjóra, fari með „faglega“ umsjón rannsókna opinberra mála við embættið. Þá rannsakar deildin hluta minniháttar hegningarlagabrota, slysamál þ.m.t. vinnuslys, öll mannslát að meðtöldum sjálfsvígsmálum til að staðreyna að ekki séu brögð í tafli og vegna krufningar/líkskoðunar, brunarannsóknir, akstur undir áhrifum áfengis og fíkniefna þ.e. frágangur og eftirfylgni vegna gagnaöflunar. Einnig fíkniefnamál m.t.t. gagnaöflunar og frágangs og skýrslutökur fyrir önnur embætti. Þá er málum vísað til rannsóknardeildar ef fyrir liggur að rannsókn verði tímafrek svo sem vegna fjölda þeirra sem þarf að yfirheyra.

Þegar álag er mikið á deildina færist frágangur ölvunar- og fíkniefnamála til yfirlögregluþjóns eða þeirra varðstjóra sem eru vanir að leysa af í rannsóknardeild. Eftir breytinguna var stuðlað að meiri sveigjanleika til að gera embættinu kleift að laga sig eftir álagi á rannsóknarþætti hverju sinni. Á sama tíma er reynt að tryggja að gæði rannsókna hraki ekki og að binda ekki um of almenna lögreglu yfir rannsóknum mála þannig að almenn löggæslustörf og sýnileg löggæsla skerðist.

- **Akureyri**

Alls komu 306 brot til kasta rannsóknardeildarinnar á fyrstu sex mánuðum ársins 2007, þar af voru 28 sem falla undir skilgreiningu reglugerðarinnar. Rannsóknardeildin sinnir þannig rannsóknum mála í nánast öllum brotaflokkum. Unnið hefur verið að því að láta almenna

deild lögreglunnar ljúka smærri málum en það hefur ekki gengið nægilega vel enn sem komið er, þar sem ekki er nægur mannskapur í deildinni sem sinnt getur rannsóknum.

Af 87 málum í rannsóknardeild 1. janúar 2007 voru 63 sem tilheyrðu öðrum brotaflokkum en 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 1130/2006 kveður á um. Þessi mál komu til meðferðar í rannsóknardeildinni.

Þremur málum var á árinu vísað til rannsóknardeildarinnar frá öðrum lögreglustjórum í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar.

- **Eskifjörður**

Fjöldi mála sem rannsóknardeildin var með í vinnslu 1. janúar 2007 liggur ekki fyrir. Þeim er nú öllum lokið. Deildin hefur tekið við ellefu málum sem ekki falla undir skilgreiningu I. kafla. Lögreglan á Seyðisfirði sendi ekki mál til rannsóknardeildarinnar sem fyrir voru um síðustu áramót, heldur lauk þeim sjálf. Deildin hefur tekið við ellefu málum sem ekki falla undir 2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar. Þar má nefna ölvunaraksturmál (4), líkamsárásir (3), bruna (2), skjalafals (1) og fíkniefnamál (1).

- **Höfuðborgarsvæðið**

Rannsóknardeildin tók við eftirtöldum (meiri háttar) málum 1. janúar 2007:

| | |
|---|---|
| Rán | 9 |
| Kynferðisbrot | 27 |
| Brenna | 1 |
| Alvarleg fíkniefnabrot | 3 |
| Alvarlegar líkamsárásir | 11 |
| Alvarleg fjármunabrot | 44 |
| Meiri háttar eldsvoðar | 3 |
| **Samtals** | **98** |

Þessu til viðbótar er getið um brot gegn valdstjórninni sem voru 13 þann 1. janúar 2007 og 25 komu til kasta deildarinnar fyrstu sex mánuði ársins 2007.

Heildarfjöldi mála sem fyrir voru í rannsóknardeildum lögregluembættanna í Hafnarfirði, Kópavogi og Reykjavík við sameiningu þeirra voru rúmlega 1400, þ.e. bæði þau sem falla undir 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 1130/2006 og hin sem teljast minni háttar brot. Nánast öll mál sem þarfnast rannsóknar fara til rannsóknardeildar. Önnur mál en þau sem fjallað er um í I. kafla voru þann 1. janúar 2007 samtals 729, en 2.030 fyrsta hálfa árið 2007. Þessu til viðbótar komu til kasta rannsóknardeildar 194 verkefni (aðallega umferðaróhöpp og heimilisofbeldismál) 1. janúar 2007 og 875 fyrstu sex mánuði þessa árs.

- **Selfoss**

Rannsóknardeildin tók við eftirtöldum (meiri háttar) málum 1. janúar 2007:

| | |
|---|---|
| Kynferðisbrot | 2 |
| Alvarlegar líkamsárásir | 2 |
| Alvarleg fjármunabrot | 1 |
| Alvarleg slys | 2 |
| **Samtals** | **7** |

Lögreglustjóri utan umdæmisins hefur vísað einu máli til rannsóknardeildar .

Í rannsóknardeildina koma mál úr öllum brotaflokkum og nánast öll mál sem fara í rannsóknarfarveg eru afgreidd til rannsóknardeildar. Það er að segja, öll hegningarlagabrot, s.s. auðgunarbrot, falsanir, brot gegn valdstjórninni, allar líkamsárásir minni – og meiri háttar, ærumeiðingar – og friðhelgisbrot. Einnig sérrefsilagabrot, öll slys og brunar. Enn fremur umferðarlagabrot eins og hraðakstur, brot á þungatakmörkunum og hvíldarákvæðum, einnig ölvunarakstur og akstur undir áhrifum lyfja og fíkniefna.

Í lok árs 2006 voru 120 mál til rannsóknar í rannsóknardeildinni. Deildin tók við þeim öllum í ársbyrjun 2007. Frá 1. janúar til 15. júlí 2007 hafa 410 mál verið send til rannsóknar-deildarinnar.

- **Suðurnes**

Rannsóknardeildin tók við eftirtöldum (meiri háttar) málum 1. janúar 2007:

| | |
|---|---|
| Rán | 2 |
| Kynferðisbrot | 20 |
| Brenna | 2 |
| Alvarlegar líkamsárásir | 19 |
| Alvarleg fjármunabrot | 2 |
| Alvarleg slys | 3 |
| **Samtals** | **48** |

Í svari við spurningum í III. kafla kemur fram að rannsóknardeildin fái eftir atvikum til meðferðar alla mögulega brotaflokka og mál eru skráð þar til afgreiðslu hvort sem þau þurfa framhaldsrannsóknar við eða ekki. Rannsóknardeildin hefur hýst málaskrána og það hefur m.a. verið ástæða þess fyrirkomulags, hvað varðar flest mál önnur en umferðarmál sem þurfa ekki frekari rannsóknar við. Af því leiðir að heildarfjöldi þeirra mála sem skráð eru á rannsóknardeild veitir ekki yfirsýn yfir eiginleg rannsóknarverkefni deildarinnar.

Fyrirhugað var að taka upp ákveðna verkaskiptingu milli rannsóknardeildar og almennrar deildar við sameiningu lögregluembættanna þannig að almenn deild hefði með höndum frágang og framhaldsrannsóknir í ákveðnum málaflokkum en rannsóknardeild annist viðameiri mál. Vegna manneklu í almennri deild var horfið frá þessu að minnsta kosti tímabundið.

Ábendingar: Erfiðleikum var bundið að svara fyrirspurnum I. kafla þar sem skilgreiningu skorti á hvað teljist „alvarleg“ eða „meiri háttar“ mál.

- **Vestfirðir**

Rannsóknardeildin tók um síðustu áramót við rannsókn tveggja fjármunabrota sem lögreglustjórinn á Patreksfirði var með til rannsóknar.

Rannsóknardeildinni hefur ekki verið gert að rannsaka önnur brot en þau sem falla undir slíka deild samkvæmt reglugerð nr. 1130/2006.

Hér er unnið í fullu samræmi við reglugerðina.

## ➢ *Spurningar til lögreglustjóra sem ekki hafa rannsóknardeildir*

Svör bárust frá eftirtöldum lögreglustjórum sem ekki höfðu rannsóknardeildir:
Lögreglustjóranum á Blönduósi
Lögreglustjóranum á Húsavík
Lögreglustjóranum á Sauðárkróki
Lögreglustjóranum á Snæfellsnesi
Lögreglustjóranum á Seyðisfirði

**IV.**

Loks eru þeir lögreglustjórar er ekki starfrækja sérstakar rannsóknardeildir beðnir um að svara eftirfarandi:

1. Hafa verið send mál frá embættinu til rannsóknar í rannsóknardeild?
2. Hversu mörg mál er um að ræða frá 1. janúar 2007 og til hvaða brotaflokka heyra þau?
3. Hefur samstarf við rannsóknardeild gengið að óskum?

## ➢ *Svör lögreglustjóra sem ekki hafa rannsóknardeildir*

Hér á eftir koma fram helstu atriðin úr svörum lögreglustjóra sem ekki hafa rannsóknardeildir.

- **Blönduós**

Um er að ræða þrjú mál sem send hafa verið rannsóknardeildinni á Akureyri. Eitt þeirra kom upp í lok árs 2006, en vegna eðlis málsins (skotið á bifreið lögreglumanns) var það sent rannsóknardeildinni. Eitt kynferðisbrotamál var sent og þriðja málið fellur undir líkamsárás og hótanir gagnvart lögreglumanni.

Samstarfið við rannsóknardeildina á Akureyri hefur gengið að óskum en er mjög lítið.

- **Húsavík**

Einu máli var vísað til rannsóknardeildarinnar á Akureyri. Um var að ræða kæru vegna ætlaðs kynferðisbrots, en lögreglustjórinn á Akureyri vék sæti og ríkissaksóknari fól lögreglustjóranum á Húsavík að fara með rannsóknina.

Samband milli lögregluembættanna á Húsavík og Akureyri hefur verið náið og samskipti greið. Á þessu ári hafa komið upp þrjú kynferðisbrot, eitt alvarlegt fíkniefnabrot, tvær alvarlegar líkamsárásir, þrjú alvarleg slys og einn meiri háttar eldsvoði. Þessi mál voru tilkynnt embættinu á Akureyri með óformlegum hætti. Í samráði og samvinnu milli embættanna hafi þessi mál verið rannsökuð af lögreglunni á Húsavík. Þá eru þess dæmi að embættið á Eskifirði hafi tekið við rannsókn máls vegna þess að rannsóknardeildin á Akureyri hafði ekki tök á að sinna því í það sinn. Þá segir lögreglustjórinn á Húsavík:

> *„Reyndar hefur komið í ljós að rannsóknardeildin á Akureyri hefur enn sem komið er ekki talið sig undirbúna til að taka við málum í þeim mæli sem ætla má að verða muni í framtíðinni. Að mínu mati má gjarnan festa samskiptin betur í forminu m.a. með verklagsreglum og vel undirbúnum samningi um rannsóknarsamvinnu milli embætta. Í*

*því sambandi þarf að hafa í huga að slíkt samstarf við önnur embætti getur einnig verið hagkvæmt og í þágu rannsóknarhagsmuna. Þar má geta þess að embættin á Húsavík og Seyðisfirði telja þörf á að koma á formlegu samvinnusambandi sín í milli og hafa unnið að því. Landfræðilegar ástæður koma þar sérstaklega við sögu. Ég tel að undanförnu hafi staðið yfir reynslutímabil og álitamál hvenær sé tímafært að hnýta lausa enda.*“

- **Sauðárkrókur**

Ekkert mál hefur komið upp í umdæminu sem heyrir undir sérsaka rannsóknardeild.

- **Snæfellsnes**

Tvö mál hafa verið send rannsóknardeildinni á Akranesi og eitt mál kom til álita að senda en það varð að samkomulagi að gera það ekki. Bæði málin eru kynferðisbrot. Þriðja málið var vegna líkamsárásar og húsbrots fjölda aðila. Sakarefnið var ekki það alvarlegt að það ætti undir 1. málsl. 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 1130/2006 en vegna umfangs málsins og þess að það myndi taka langan tíma og með hliðsjón af 2. málsl. 2. mgr. 1. gr. reglugerðar kom til álita að framsenda það. Lögreglustjóri og yfirlögregluþjónn á Snæfellsnesi ræddu álitamálið við lögreglustjóra og yfirlögregluþjón á Akranesi og var niðurstaðan sú vegna mikils álags þar, að senda málið ekki.

Samstarf lögreglunnar á Snæfellsnesi við rannsóknardeildina á Akranesi er eins og best verður á kosið.

- **Seyðisfjörður**

Um sjö mál er að ræða: þrjú kynferðisbrotamál, eina alvarlega líkamsárás, vinnuslys (banaslys), grun um vörslu á barnaklámi og fyrirmælum lögreglu ekki hlýtt.

Þá var rannsóknarlögreglumaður á Fáskrúðsfirði ræstur út vegna bruna í heimahúsi á Vopnfirði en hann fór á staðinn ásamt lögreglumanni í umdæminu. Málið var þó ekki framsent rannsóknardeildinni. Þá var eitt mál er varðaði ætlað skjalafals framsent rannsóknardeildinni til skoðunar en það síðan endursent.

Í sumum þessara mála hefur verið full samvinna milli rannsóknarlögreglumanns/ lögreglufulltrúa embættisins við rannsóknardeild. Forræði rannsóknanna hefur flust til lögreglustjórans á Eskifirði og verið undir stjórn hans en rannsóknarlögreglumaðurinn á Seyðisfirði aðstoðað við rannsóknina. Þetta hefur ekki verið gert með mjög formlegum hætti, oftast þannig að lögreglustjóri eða yfirlögregluþjónn hafi hringt til embættis lögreglustjórans á Eskifirði og tilkynnt um að upp sé komið mál sem heyri undir 1. gr. reglugerðarinnar og málið þannig verið flutt á milli embætta. Á það er bent að hugsanlega þurfi að koma upp einhverju skýrara ferli hvað þetta varðar á landsvísu.

Samstarfið við rannsóknardeildina á Eskifirði hefur gengið með ágætum.

### Helstu niðurstöður

- Ekki eru öll mál, sem falla undir sérstakar rannsóknardeildir sbr. 8. gr. lögreglulaga, send þangað til rannsóknar.
- Í flestum rannsóknardeildum koma til rannsóknar fleiri brotaflokkar og einnig önnur rannsóknartengd verkefni en 8. gr. lögreglulaga gerir ráð fyrir.

- Tiltölulega fá mál eru send rannsóknardeildum frá öðrum umdæmum. Hins vegar er oft haft samráð um framgang mála milli viðkomandi embættis þar sem þau koma upp og rannsóknardeildar.

Lagt er til að í byrjun næsta árs geri embætti ríkislögreglustjóra athugun á stöðu og framgangi rannsókna sem upp komu á árinu 2007. Samhliða þeirri athugun verði störf í rannsóknardeildunum skoðuð, s.s. hvernig deildirnar eru í stakk búnar til að takast á við viðfangsefnin, samanber 8. gr. lögreglulaga og reglugerð nr. 1130/2006.

Reykjavík, 5. september 2007
Stjórnsýslusvið RLS

# Viðauki C

# RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

## Mannaflaþörf lögreglunnar til ársins 2012

Janúar 2008

# EFNISYFIRLIT

**I. Inngangur**

**II. Forsendur greiningar á mannaflaþörf**

**III. Áherslur löggæsluáætlunar 2007-2011**

**IV. Varalið**

**V. Fjöldi starfandi lögreglumanna í ársbyrjun 2007 og 2008**

**VI. Greining á mannaflaþörf lögregluembætta 2008-2012**

**VII. Fjölgun lögreglumanna í samræmi við mannfjöldaspá 2008-2012**

**VIII. Fjöldi útskriftarnema frá Lögregluskóla ríkisins**

**IX. 65 ára reglan**

**X. Starfsmannavelta lögreglunnar**

**XI. Niðurstaða**

## I.
## Inngangur

Í bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytis dags. 28. nóvember 2007 var embætti ríkislögreglustjóra falið að gera drög að áætlun um mannaflaþörf lögreglunnar til ársins 2012.

Áætlun ríkislögreglustjóra sem fer hér á eftir er gerð í samræmi við 27. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 þar sem kveðið er á um að ráðherra ákveði á hverjum tíma fjölda lögreglumanna í hverju umdæmi, í samráði við ríkislögreglustjóra að fengnum tillögum hlutaðeigandi lögreglustjóra. Áætlunin tekur einnig mið af getu Lögregluskóla ríkisins til að mennta lögreglumenn og áætlaðri starfsmannaveltu.

Niðurstaðan er sú að lágmarksfjölgun lögreglumanna til ársins 2012 nemi alls 122 lögreglumönnum á landsvísu ásamt því sem gert er ráð fyrir að manna þurfi 140 – 160 stöður vegna lögreglumanna sem láta af störfum. Því má áætla að allt að 282 lögreglumenn þurfi á tímabilinu.

Samantekt ríkislögreglustjóra frá 1. nóvember 2006 gerir ráð fyrir að fjölga þurfi um 224 lögreglumenn. Þessi greinargerð breytir ekki því mati en mismunurinn skýrist af eftirfarandi: Í fyrsta lagi er þar gert ráð fyrir lögreglumönnum í öryggisdeild. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að skipaðir séu lögreglumenn í stað héraðs- og sumarafleysingamanna. Meðfylgjandi greining umreiknar ekki héraðs– og sumarafleysingamenn sem lögreglumenn. Í þriðja lagi var í matinu gert ráð fyrir svipuðu þjónustustigi lögreglunnar í öllum umdæmum landsins, sem kallar á töluverða fjölgun á sumum stöðum. Að því markmiði verður áfram að vinna. Í fjórða lagi tekur samantektin frá árinu 2006 ekki mið af þeim fjölda sem mun láta af störfum á tímabilinu né áætlaðri starfsmannaveltu. Ef áætlunin frá árinu 2006 hefði tekið mið af því hefði mátt ætla að allt að 384 lögreglumenn þyrfti á tímabilinu.

Rétt er að vekja athygli á því að þrátt fyrir ákvæði 27. gr. lögreglulaga um ákvörðun ráðherra um fjölda lögreglumanna þá er sá fjöldi ekki aðgreindur í fjárlögum og lögreglustjórar ákveða í reynd sjálfir hvernig þeir ráðstafa fjármagni embætta sinna. Af þessari ástæðu hætti ríkislögreglustjóri fyrir nokkrum árum að gefa upp í ársskýrslu sinni fjölda stöðuheimilda hjá hverju embætti heldur byggir á raunfjölda í byrjun hvers árs. Staðreyndin er sú að þegar þrengir að í fjármálum veldur það oft því að ekki er ráðið í lausar stöður.

## II.
## Forsendur greiningar á mannaflaþörf

Sú greining á mannaflaþörf sem hér fer á eftir, tekur mið af markmiðssetningu samkvæmt löggæsluáætlun 2007-11, starfsstigaskiptingu lögreglunnar, samsetningu lögregluliðs í umdæmum og nauðsynlegri sérhæfingu í ljósi aðstæðna í hverju lögregluumdæmi fyrir sig. Ekki er gerð greining á þörf lögreglunnar fyrir öðrum starfsmönnum eins og löglærðum fulltrúum og sérfræðingum.

Í löggæsluáætlun segir m.a. að á undanförnum árum hafi fjöldi lögreglumanna á hverjum stað helst verið miðaður við fjölda íbúa en slíkt viðmið geti þó aldrei verið fullnægjandi eitt og sér. Því verði að taka tillit til annarra þátta, svo sem stærðar umdæma, veðurfarslegra aðstæðna, vegalengdar þjóðvegakerfisins innan umdæmis, legu byggða og fjarlægða innan umdæmis. Þá verði að taka mið af breyttri þjóðfélagsgerð og breyttum lífsháttum.

Við mat ríkislögreglustjóra er einnig horft til rökstuðnings lögreglustjóranna á mannaflaþörf í umdæmum þeirra og hvaða áhrif samvinna lögregluliðanna kunni að hafa á mannaflaþörf.

## III.
## Áherslur löggæsluáætlunar 2007-2011

Áherslur löggæsluáætlunar má greina í fimm lykilþætti:

*Almannaöryggi*:
- Gerðar verði viðbragðsáætlanir um land allt og þær sæti reglulegri endurskoðun.

*Varnir gegn afbrotum:*
- Áherslur í löggæslustörfum taki mið af áhættugreiningu t.d. vegna hættu á hryðjuverkum, skipulagðri glæpastarfsemi og síbrotastarfsemi.
- Lögregla starfi á grundvelli skýrrar upplýsingastefnu þar sem lögð er áhersla á öryggi miðlægra upplýsingagrunna lögreglu og samræmda afbrotatölfræði lögreglu.

*Rannsóknir og fækkun afbrota:*
- Efling forvarna með samstarfi allra aðila réttarvörslukerfisins og samfélagsins alls, í því skyni að fækka markvisst afbrotum.

*Þjónusta og samstarf:*
- Samræmi sé í störfum lögreglu hvar sem er á landinu.

*Innra starf lögreglunnar:*
- Stöðugt sé unnið að umbótum í starfsumhverfi lögreglunnar.
- Árangur af starfi lögreglunnar sé metinn reglulega.

Áherslur löggæsluáætlunar felast einnig í því að efla starfsemi lögreglunnar svo að hún geti betur uppfyllt lögbundið hlutverk sitt. Á grundvelli löggæsluáætlunar 2007-11 og árangursstjórnunarsamninga ríkislögreglustjóra við einstök lögregluembætti verður tekist á við löggæslumálefni á markvissan og öflugan hátt.

Lögð verður áhersla á að:
- Lögreglan njóti almenns trausts og trúverðugleiki hennar verði ekki dreginn í efa.
- Lögreglan tryggi öryggi borgaranna og stöðugleika í samfélaginu með aukinni samhæfingu og samvinnu milli lögregluembætta.
- Lögreglunni sé búið öruggt starfsumhverfi.
- Löggæsla byggist á skýrum lagaheimildum og áreiðanlegu greiningar- og rannsóknarstarfi.
- Lögregluliðið sé vel menntað og vel þjálfað til þess að takast á við krefjandi verkefni.
- Lögreglan sé vel í stakk búin til þess að taka þátt í samstarfi innlendra og erlendra öryggisstofnana.

## IV.
## Varalið

Dóms- og kirkjumálaráðherra stefnir að því að stofna 240 manna varalið lögreglu á þessu ári. Liðið verður hægt að kalla til varðgæslu mikilvægra mannvirkja eða staða, landamæragæslu, verkefna vegna öryggisgæslu, mannfjöldastjórnunar, almennra löggæsluverkefna, umferðarstjórnar og sérstakra verkefna í samstarfi við sérsveit ríkislögreglustjóra, mannfjöldastjórnunarlið lögreglu og almenna lögreglu.

Varaliðsmenn gætu m.a. komið úr hópi fyrrverandi lögreglumanna, héraðslögreglumanna og afleysingamanna. Einnig má nefna slökkviliðsmenn, sjúkraflutningamenn, björgunarsveitarmenn, öryggisverði og friðargæsluliða.

## V.
## Fjöldi starfandi lögreglumanna í ársbyrjun 2007 og 2008

Alls voru 712 lögreglumenn (menntaðir lögreglumenn og afleysingamenn) starfandi þann 1. febrúar 2007. Þar við bætast héraðslögreglumenn og lögreglunemar, en 45 nemar störfuðu frá lok maí til ársloka 2007. Þann 1. september 2007 voru lögreglumenn samtals 710 og hafði þeim fækkað um tvo frá því í febrúar sama ár.

Starfandi lögreglumenn voru 676 þann 15. janúar 2008. Þar við bætast héraðslögreglumenn og 34 lögreglunemar sem tóku til starfa í byrjun árs 2008. Lögreglumönnum hafði fækkað um 34 þann 15. janúar frá septembermánuði fyrra árs. Á sama tímabili hefur hins vegar héraðslögreglumönnum fjölgað úr 67 í 80 eða um 13.

**Tafla 1.** Fjöldi starfandi lögreglumanna (menntaðir lögreglumenn og afleysingamenn) á Íslandi eftir umdæmum og embættum (febrúar 2007 og 15. janúar 2008) og stærð umdæmis.

| | *Fjöldi lögr.m.** | | *Íbúafj. á hvern lögr.m.*** | | *Km$^2$ á hvern lögr.m.**** | | *Héraðslögr.m.* | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| *Umdæmi* | **2007** | **2008** | **2007** | **2008** | **2007** | **2008** | **2007** | **2008** |
| Akranes | 13 | 10 | 460 | 635 | 0,7 | 0,9 | | |
| Akureyri | 37 | 39 | 635 | 611 | 114,9 | 109 | 6 | 6 |
| Blönduós | 7 | 5 | 450 | 626 | 1.006,9 | 1409,6 | 6 | 6 |
| Borgarnes | 9 | 9 | 562 | 577 | 893,8 | 893,8 | 8 | 10 |
| Eskifjörður | 16 | 14 | 538 | 564 | 564,4 | 645 | 10 | 12 |
| Húsavík | 10 | 9 | 506 | 552 | 1.783,5 | 1981,7 | 5 | 6 |
| Hvolsvöllur | 8 | 6 | 546 | 736 | 1.959,1 | 2612,2 | 6 | 5 |
| Höfuðborgarsvæðið | 339 | 322 | 566 | 609 | 3,1 | 3,2 | | |
| Lögregluskólinn | 9 | 9 | | | | | | |
| Ríkislögreglustjórinn | 94 | 90 | | | | | | |
| Sauðárkrókur | 9 | 8 | 478 | 529 | 616 | 693 | 6 | 6 |
| Selfoss | 25 | 24 | 581 | 626 | 360 | 375 | | |
| Seyðisfjörður | 11 | 12 | 615 | 500 | 1.232,9 | 1130,2 | 7 | 8 |
| Snæfellsnes | 8 | 6 | 500 | 652 | 183,4 | 244,5 | 4 | 6 |
| Suðurnes | 85 | 83 | 222 | 246 | 9,6 | 9,9 | | |
| Vestfirðir | 20 | 19 | 373 | 385 | 467,7 | 492,3 | 9 | 15 |
| Vestmannaeyjar | 12 | 11 | 340 | 367 | 1,4 | 1,5 | | |
| **Landið** | **712** | **676** | **432** | **463** | | | **67** | **80** |

*Heimild: Embætti ríkislögreglustjóra*

***Menntaðir lögreglumenn (lögregluskólagengnir) og afleysingamenn.**

****Tölur um íbúafjölda eru reiknaðar upp úr grunngögnum frá Hagstofu Íslands og miðast við 1. janúar 2007 vegna gagna þess árs en 1. desember 2007 vegna gagna um árið 2008. Mannfjöldatölur er að finna á heimasíðu Hagstofunnar á Netinu (www.hagstofa.is).**

***Tölur um landfræðilega stærð umdæma eru fengnar af gamla vef Landmælinga Íslands.

Hlutverk héraðslögreglumanna og starfshlutfall þeirra er mismunandi eftir embættum. Leggja þarf áherslu á að fjölga menntuðum lögreglumönnum og draga úr fjölda héraðslögreglumanna á næstu árum, en fjárhagsleg áhrif þess kunna að vera nokkur þar sem laun héraðslögreglumanna eru lægri en menntaðra lögreglumanna. Rétt er að árétta að áætlun um mannaflaþörf samkvæmt þessari greinargerð gengur út frá því að héraðslögreglumenn verði enn við störf árið 2012. Fækkun héraðslögreglumanna kallar hins vegar óhjákvæmilega á fleiri lögreglumenn en tilgreindir eru.

Athuga ber vegna töflunnar hér á undan, að fjöldi stöðuheimilda á ársgrundvelli hjá hverju embætti fyrir sig, kann að vera annar en fjöldi starfandi lögreglumanna. Upplýsingar í þeim efnum er að finna í kafla VI. Fækkun lögreglumanna má að einhverju leyti rekja til fækkunar afleysingamanna frá í september 2007 til 15. janúar 2008, úr 38 í 14.

## VI.
## Greining á mannaflaþörf lögregluembætta 2008-2012

Ríkislögreglustjóri sendi lögreglustjórum og skólastjóra Lögregluskóla ríkisins bréf dagsett 10. desember 2007, þar sem óskað var eftir upplýsingum um áætlaðan fjölda lögreglumanna í hverju umdæmi næstu fimm árin, byggt á þeim forsendum sem ráðuneytið lagði til grundvallar. Tölur um fjölda stöðuheimilda samkvæmt þessum kafla er fengið frá lögreglustjórunum.

Helstu niðurstöður má sjá hér að neðan í stuttri samantekt um hvert lögregluembætti, embætti ríkislögreglustjóra og Lögregluskóla ríkisins. Í niðurstöðukafla er farið í nánari greiningu á mannaflaþörf, byggt á upplýsingum frá lögreglustjórum og þáttum sem taka þarf tillit til við matið.

Þess ber sérstaklega að gæta varðandi árið 2008 að þar er einnig tekin inn áætluð mannaflaþörf þó það ár sé byrjað og fjárlög geri í mörgum tilvikum ekki ráð fyrir þeim mannafla sem tilgreindur er.

### Akranes
Stöður lögreglumanna hjá lögreglunni á Akranesi eru 11; 1 yfirlögregluþjónn, 1 lögreglufulltrúi í rannsóknardeild, 3 varðstjórar og 6 lögreglumenn. Til þess að tryggja megi faglega löggæslu á svæðinu telur lögreglustjóri að fjölga þurfi um tvo lögreglumenn á tímabilinu, óbreyttan lögreglumann árið 2009 og varðstjóra árið 2010. Embættið hefur auk þess hug á að fá fjölgun um 1 rannsóknarlögreglumann vegna þess að verkefni í rannsóknum útheimta að minnsta kosti tvo lögreglumenn vegna umfangs verkefna. Mannaflagreining lögreglustjórans á Akranesi gerir ráð fyrir að fjölga þurfi um 3 stöður til ársins 2012.

| **Akranes** | **Áætluð mannaflaþörf 2008-2012** | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Stöðuheiti** | **2008** | **2009** | **2010** | **2011** | **2012** |
| Yfirlögregluþjónn | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 |
| Aðstoðaryfirlögregluþjónn | | | | | |
| Aðalvarðstjóri / Lögreglufulltrúi | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 |
| Varðstjóri/Rannsóknarlögreglum. | 4 | 4 | 5 | 5 | 5 |
| Lögreglumaður | 6 | 7 | 7 | 7 | 7 |
| **Samtals** | **12** | **13** | **14** | **14** | **14** |

### Akureyri
Stöður lögreglumanna hjá lögreglunni á Akureyri voru 35 árið 2007; 1 yfirlögregluþjónn, 1 aðstoðaryfirlögregluþjónn, 1 lögreglufulltrúi í rannsóknardeild, 2 aðalvarðstjórar, 12 varðstjórar/rannsóknarlögreglumenn, 1 aðstoðarvarðstjóri og 17 lögreglumenn. Síðustu ár hefur lögreglan verið að efla forvarnarstarf á öllum sviðum og hefur það skilað miklum árangri. Lögreglan hefur til umráða tvo fíkniefnahunda og er þeim sinnt af einum lögreglumanni sem jafnframt gengur vaktir. Mannaflagreining lögreglustjórans á Akureyri gerir ráð fyrir að fjölga þurfi um 3 stöður, eina í forvarnarmál, eina vegna fíkniefnahunds og eina í fíkniefnarannsóknir til ársins 2012.

| Akureyri | Áætluð mannaflaþörf 2008-2012 | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Stöðuheiti** | **2008** | **2009** | **2010** | **2011** | **2012** |
| Yfirlögregluþjónn | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 |
| Aðstoðaryfirlögregluþjónn | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 |
| Lögreglufulltrúi | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 |
| Aðalvarðstjóri | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 |
| Varðstjóri/Rannsóknarlögreglum. | 14 | 14 | 14 | 14 | 14 |
| Aðstoðarvarðstjóri | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 |
| Lögreglumaður | 18 | 18 | 18 | 18 | 18 |
| **Samtals** | **38** | **38** | **38** | **38** | **38** |

**Blönduós**

Stöður hjá lögreglunni á Blönduósi eru 7; 1 yfirlögregluþjónn, 3 varðstjórar og 3 lögreglumenn. Ekki er talin þörf á fjölgun lögreglumanna til almennra löggæslustarfa að því gefnu að verkefni lögreglunnar á Blönduósi verði óbreytt / hefðbundin til ársins 2012. Embættið hefur hinsvegar farið fyrir sérstöku umferðareftirliti á vegum samgönguráðuneytisins með milligöngu ríkislögreglustjóra. Mjög góð reynsla er af þessu verkefni og æskilegt að það verði varanlega sett inn sem sérstakt þjóðvegaeftirlit á svæðinu. Vegna þess myndi þurfa fjölgun um 2-3 fastráðna lögreglumenn. Mannaflagreining lögreglustjórans á Blönduósi gerir því ráð fyrir að fjölga þurfi um 2-3 stöður til ársins 2012 vegna sérstaks þjóðvegaeftirlits.

| Blönduós | Áætluð mannaflaþörf 2008-2012 | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Stöðuheiti** | **2008** | **2009** | **2010** | **2011** | **2012** |
| Yfirlögregluþjónn | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 |
| Aðstoðaryfirlögregluþjónn | | | | | |
| Aðalvarðstjóri / Lögreglufulltrúi | | | | | |
| Varðstjóri/Rannsóknarlögreglum. | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 |
| Lögreglumaður | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 |
| **Samtals** | **9** | **9** | **9** | **9** | **9** |

**Borgarnes**

Stöður hjá lögreglunni í Borgarnesi eru 9; 1 yfirlögregluþjónn, 1 aðalvarðstjóri, 3 varðstjórar og 4 lögreglumenn. Frá því að Hvalfjarðargöng voru tekin í notkun árið 1998 hefur umferð aukist mun meira en spár gerðu ráð fyrir, auk þess sem sumarbústaðabyggð hefur stækkað mjög mikið. Tveir háskólar hafa verið stofnaðir í umdæminu, á Bifröst og Hvanneyri, auk þess sem stofnaður var nýr menntaskóli í Borgarnesi á síðastliðnu hausti. Mannaflagreining lögreglustjórans í Borgarnesi gerir ráð fyrir að fjölga þurfi um 3 stöður, 2 lögreglumenn og 1 varðstjóra til ársins 2012.

| Borgarnes | Áætluð mannaflaþörf 2008-2012 | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Stöðuheiti** | **2008** | **2009** | **2010** | **2011** | **2012** |
| Yfirlögregluþjónn | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 |
| Aðstoðaryfirlögregluþjónn | | | | | |
| Aðalvarðstjóri / Lögreglufulltrúi | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 |
| Varðstjóri/Rannsóknarlögreglum | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 |
| Lögreglumaður | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 |
| **Samtals** | **12** | **12** | **12** | **12** | **12** |

**Eskifjörður**

Stöður hjá lögreglunni á Eskifirði eru 15; 1 yfirlögregluþjónn, 1 lögreglufulltrúi, 1 aðalvarðstjóri, 4 varðstjórar og 8 lögreglumenn. Héraðslögreglumenn eru tólf. Lítil starfsmannavelta hefur verið undanfarin ár. Embættið sækist eftir að fá fjölgun um einn mann í rannsóknardeild. Einungis einn starfsmaður starfar við rannsóknir en svæðið er mjög víðfeðmt, búseta dreifð og atvinnuvegir mjög fjölbreyttir. Embættið hefur auk þess hug á að fá fjölgun um 2 lögreglumenn á tímabilinu vegna mikillar skipaumferðar um Mjóeyrarhöfn, auk þess sem átta aðrar hafnir eru í umdæminu sem

skipulögð glæpasamtök kunna að nýta sér við innflutning fíkniefna. Mannaflagreining lögreglustjórans á Eskifirði gerir ráð fyrir að fjölga þurfi um 3 stöður til ársins 2012.

| **Eskifjörður** | **Áætluð mannaflaþörf 2008-2012** | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Stöðuheiti** | **2008** | **2009** | **2010** | **2011** | **2012** |
| Yfirlögregluþjónn | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 |
| Aðstoðaryfirlögregluþjónn | | | | | |
| Aðalvarðstjóri / Lögreglufulltrúi | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 |
| Varðstjóri/Rannsóknarlögreglum. | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 |
| Lögreglumaður | 10 | 10 | 10 | 10 | 10 |
| **Samtals** | **18** | **18** | **18** | **18** | **18** |

## Húsavík

Stöður hjá lögreglunni á Húsavík eru 9; 1 yfirlögregluþjónn, 4 varðstjórar og 4 lögreglumenn. Héraðslögreglumenn eru nú sex en voru áður tíu og liggur fyrir að fækka þeim um tvo á árinu 2008. Til þess að sinna lágmarks löggæsluþörf þurfa lögreglumenn að vinna mikla yfirvinnu miðað við núverandi stöðuheimildir hjá embættinu. Embættið hefur hug á að fá fjölgun um einn lögreglumann á Raufarhöfn / Þórshöfn árið 2009 en frá árinu 2006 hefur aðeins einn lögreglumaður verið starfandi þar. Það er fyrirséð að einn varðstjóri muni hætta árið 2010 sökum aldurs og mun þurfa að fylla þá stöðu auk þess sem embættið hefur hug á að fjölga um einn á Húsavík. Á árinu 2008 er áætlað að tekin verði endanleg ákvörðun um hvort ráðist verður í stóriðjuframkvæmdir í nágrenni Húsavíkur. Verði af þeim framkvæmdum er ljóst að það mun kalla á aukna og breytta löggæsluþörf á árinu 2009. Mannaflagreining lögreglustjórans á Húsavík gerir því að óbreyttu ráð fyrir að fjölga þurfi um 2 stöður til ársins 2012.

| **Húsavík** | **Áætluð mannaflaþörf 2008-2012** | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Stöðuheiti** | **2008** | **2009** | **2010** | **2011** | **2012** |
| Yfirlögregluþjónn | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 |
| Aðstoðaryfirlögregluþjónn | | | | | |
| Aðalvarðstjóri / Lögreglufulltrúi | | | | | |
| Varðstjóri/Rannsóknarlögreglum. | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 |
| Lögreglumaður | 4 | 5 | 6 | 6 | 6 |
| **Samtals** | **9** | **10** | **11** | **11** | **11** |

## Hvolsvöllur

Stöður hjá lögreglunni á Hvolsvelli eru 10; 1 yfirlögregluþjónn, 3 varðstjórar og 6 lögreglumenn. Við embættið eru nú við störf 6 lærðir lögreglumenn og einn ólærður. Ljóst er að til að sinna löggæslu innan umdæmisins þarf að fylla þær stöður sem heimild er fyrir, en af hálfu embættisins er ekki gert ráð fyrir frekari fjölgun lögreglumanna til ársins 2012. Lögreglustjóri gerir ekki ráð fyrir fjölgun lögreglumanna til ársins 2012 að öðru leyti en að ráða í stöður sem losna.

| **Hvolsvöllur** | **Áætluð mannaflaþörf 2008-2012** | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Stöðuheiti** | **2008** | **2009** | **2010** | **2011** | **2012** |
| Yfirlögregluþjónn | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 |
| Aðstoðaryfirlögregluþjónn | | | | | |
| Aðalvarðstjóri / Lögreglufulltrúi | | | | | |
| Varðstjóri/Rannsóknarlögreglum. | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 |
| Lögreglumaður | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 |
| **Samtals** | **10** | **10** | **10** | **10** | **10** |

## Höfuðborgarsvæðið

Stöður hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu (LRH) eru 329; 4 yfirlögregluþjónar, 11 aðstoðaryfirlögregluþjónar, 19 lögreglufulltrúar, 15 aðalvarðstjórar, 144 varðstjórar og rannsóknarlögreglumenn, og 136 lögreglumenn (þ.á m. lögreglunemar og afleysingamenn). Mat á mannafla fyrir árin 2009-2012 hjá embætti lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu byggir á 5 ára áætlun sem embættið

lagði fram við undirbúning fjárlaga. Áætlanir lögreglustjórans fyrir árið 2008 taka mið af fjárveitingum embættisins og má búast við að stöðum fækki um 14 og heildarfjöldi lögreglumanna verði 315. Við stofnun LRH voru 339 lögreglumenn við störf, sbr. töflu 1. Mannaflagreining lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu gerir ráð fyrir að heildarfjöldi lögreglumanna verði 375 árið 2012. Í töflunni hér að neðan eru því settar inn tölur í ljósi mannaflaþarfar en ekki fjárveitingar, vegna ársins 2008. Er það í samræmi við töflur annarra embætta, sem byggja á áætlaðri mannaflaþörf en ekki fyrirliggjandi fjárveitingum.

| **Höfuðborgarsvæðið** | **Áætluð mannaflaþörf 2008-2012** | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Stöðuheiti** | **2008** | **2009** | **2010** | **2011** | **2012** |
| Yfirlögregluþjónn | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 |
| Aðstoðaryfirlögregluþjónn | 11 | 10 | 10 | 10 | 10 |
| Aðalvarðstjóri / Lögreglufulltrúi | 35 | 35 | 35 | 35 | 35 |
| Rannsóknarlögreglum. | 100 | 100 | 102 | 104 | 106 |
| Varðstjóri | 46 | 45 | 45 | 45 | 45 |
| Aðstoðarvarðstjóri | | | | | |
| *Lögreglumaður/Lögreglunemar** | *127/16* | *110/35* | *120/35* | *130/35* | *140/35* |
| **Samtals** | **339** | **339** | **351** | **363** | **375** |

*Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu er eina embættið sem tekur stöður lögreglunema sérstaklega fyrir í mannfjöldagreiningu.

## Lögregluskóli ríkisins

Stöður hjá Lögregluskóla ríkisins eru 9; 2 yfirlögregluþjónar og 7 lögreglufulltrúar. Ekki er talin þörf á fjölgun lögreglumanna miðað við óbreytta starfsemi.

| **Lögregluskóli ríkisins** | **Áætluð mannaflaþörf 2008-2012** | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Stöðuheiti** | **2008** | **2009** | **2010** | **2011** | **2012** |
| Yfirlögregluþjónn | **2** | **2** | **2** | **2** | **2** |
| Aðstoðaryfirlögregluþjónn | | | | | |
| Aðalvarðstjóri / Lögreglufulltrúi | **7** | **7** | **7** | **7** | **7** |
| Varðstjóri/Rannsóknarlögreglum | | | | | |
| Lögreglumaður | | | | | |
| **Samtals** | **9** | **9** | **9** | **9** | **9** |

## Ríkislögreglustjórinn

Stöður lögreglumanna hjá embætti ríkislögreglustjóra eru 88; 2 yfirlögregluþjónar, 10 aðstoðar-yfirlögregluþjónar, 24 lögreglufulltrúar, 11 aðalvarðstjórar, 18 varðstjórar og 23 lögreglumenn. Ríkislögreglustjóri gerir ráð fyrir að fjölga þurfi um 24 stöður; 14 lögreglufulltrúa, 6 varðstjóra og 4 óbreytta lögreglumenn, fram til ársins 2012. Gert er ráð fyrir styrkingu í tölvudeild um 1 lögreglufulltrúa, 2 á stjórnsýslusviði vegna samræmingar, forvarna og innra eftirlits, 6 lögreglufullrúa í greiningardeild, 5 lögreglufulltrúa í efnahagsbrotadeild, 4 varðstjóra á fjarskiptamiðstöð, 2 varðstjóra í almannavarnadeild og 4 lögreglumenn í sérsveit til að fylla upp í töluna 52, sem ákveðin hafði verið. Mannaflagreining ríkislögreglustjóra gerir ráð fyrir því að fjölga þurfi um 24 lögreglumenn til ársins 2012.

| **Ríkislögreglustjóri** | **Áætluð mannaflaþörf 2008-2012** | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Stöðuheiti** | **2008** | **2009** | **2010** | **2011** | **2012** |
| Yfirlögregluþjónn | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 |
| Aðstoðaryfirlögregluþjónn | 10 | 10 | 10 | 10 | 10 |
| Aðalvarðstjóri / Lögreglufulltrúi | 45 | 46 | 47 | 48 | 49 |
| Varðstjóri/Rannsóknarlögreglum | 18 | 24 | 24 | 24 | 24 |
| Aðstoðarvarðstjóri | | | | | |
| Lögreglumaður | 23 | 23 | 27 | 27 | 27 |
| **Samtals** | **98** | **105** | **110** | **111** | **112** |

**Sauðárkrókur**
Stöður hjá lögreglunni á Sauðárkróki eru 9; 1 yfirlögregluþjónn, 4 varðstjórar og 4 lögreglumenn. Ekki er talin þörf á fjölgun lögreglumanna miðað við óbreytta starfsemi.

| Sauðárkrókur | Áætluð mannaflaþörf 2008-2012 | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Stöðuheiti** | **2008** | **2009** | **2010** | **2011** | **2012** |
| Yfirlögregluþjónn | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 |
| Aðstoðaryfirlögregluþjónn | | | | | |
| Aðalvarðstjóri / Lögreglufulltrúi | | | | | |
| Varðstjóri/Rannsóknarlögreglum. | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 |
| Aðstoðarvarðstjóri | | | | | |
| Lögreglumaður | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 |
| **Samtals** | **9** | **9** | **9** | **9** | **9** |

**Selfoss**
Stöður hjá lögreglunni á Selfossi eru 23; 1 yfirlögregluþjónn, 1 aðstoðaryfirlögregluþjónn, 1 lögreglufulltrúi, 8 varðstjórar rannsóknarlögreglumenn og 12 lögreglumenn. Við ákvörðun á fjölda lögreglumanna er nauðsynlegt að tekið sé tillit til vegalengda milli þéttbýliskjarna í sýslunni og til gríðarlegs fjölda dvalargesta í 6.000-6.500 sumarhúsum. Einnig þarf að hafa hliðsjón af fjölda ferðamanna en skv. upplýsingum frá ferðamálafulltrúa uppsveita er talið að gestir á Þingvöllum, Gullfossi og Geysi séu á bilinu 350.000 til 500.000 á ári og fer þeim ört fjölgandi. Mannaflagreining lögreglustjórans á Selfossi gerir ráð fyrir að fjölga þurfi um 5 stöður; fjóra lögreglumenn og einn rannsóknarlögreglumann til ársins 2012. Ef íbúum fjölgar um meira en tvö þúsund íbúa á tímabilinu myndi þurfa að endurskoða þessar tölur, sem og ef álag eykst á rannsóknardeildina.

| Selfoss | Áætluð mannaflaþörf 2008-2012 | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Stöðuheiti** | **2008** | **2009** | **2010** | **2011** | **2012** |
| Yfirlögregluþjónn | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 |
| Aðstoðaryfirlögregluþjónn | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 |
| Aðalvarðstjóri / Lögreglufulltrúi | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 |
| Varðstjóri/Rannsóknarlögreglum. | 9 | 9 | 9 | 9 | 9 |
| Aðstoðarvarðstjóri | | | | | |
| Lögreglumaður | 16 | 16 | 16 | 16 | 16 |
| **Samtals** | **28** | **28** | **28** | **28** | **28** |

**Seyðisfjörður**
Stöður hjá lögreglunni á Seyðisfirði eru 10; 1 yfirlögregluþjónn, 1 lögreglufulltrúi, 3 varðstjórar og 5 lögreglumenn. Það er fyrirséð að einn varðstjóri muni hætta um mitt ár 2008 sökum aldurs og tveir lögreglumenn munu flytja burt vegna fjölskylduaðstæðna, og hætta seinni hluta ársins. Embættið hefur auk þess hug á að fá fjölgun um 1 lögreglumann til að vera með tvær fjögurra manna vaktir á Egilsstöðum / Seyðisfirði. Mannaflagreining lögreglustjórans á Seyðisfirði gerir því ráð fyrir að fjölga þurfi um 1 lögreglumann til ársins 2012.

| Seyðisfjörður | Áætluð mannaflaþörf 2008-2012 | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Stöðuheiti** | **2008** | **2009** | **2010** | **2011** | **2012** |
| Yfirlögregluþjónn | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 |
| Aðstoðaryfirlögregluþjónn | | | | | |
| Aðalvarðstjóri / Lögreglufulltrúi | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 |
| Varðstjóri/Rannsóknarlögreglum. | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 |
| Aðstoðarvarðstjóri | | | | | |
| Lögreglumaður | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 |
| **Samtals** | **11** | **11** | **11** | **11** | **11** |

## Snæfellsnes

Stöður hjá lögreglunni á Snæfellsnesi eru 9; 1 yfirlögregluþjónn, 2 varðstjórar og 6 lögreglumenn. Þessi fjöldi lögreglumanna hefur haldist óbreyttur í tæp 30 ár. Ekki er þörf á breytingu miðað við forsendur til ársins 2012, hvorki fjölgun lögreglumanna né fjölgun starfsstiga innan lögregluliðsins. Ekki er talin þörf á fjölgun lögreglumanna miðað við óbreytta starfsemi.

| Snæfellsnes | Áætluð mannaflaþörf 2008-2012 | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Stöðuheiti** | **2008** | **2009** | **2010** | **2011** | **2012** |
| Yfirlögregluþjónn | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 |
| Aðstoðaryfirlögregluþjónn | | | | | |
| Aðalvarðstjóri / Lögreglufulltrúi | | | | | |
| Varðstjóri/Rannsóknarlögreglum. | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 |
| Aðstoðarvarðstjóri | | | | | |
| Lögreglumaður | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 |
| **Samtals** | **9** | **9** | **9** | **9** | **9** |

## Suðurnes

Stöður hjá lögreglunni á Suðurnesjum eru 76; 2 yfirlögregluþjónar, 6 aðstoðaryfirlögregluþjónar, 6 lögreglufulltrúar, 9 aðalvarðstjórar, 28 varðstjórar/ rannsóknarlögreglumenn, 1 aðstoðarvarðstjóri og 24 óbreyttir lögreglumenn. Lögreglumenn voru samtals 92 fyrir sameiningu lögregluliðanna í Keflavík og á Keflavíkurflugvelli þann 1. janúar 2007. Lögreglan á Suðurnesjum er verulega undirmönnuð þegar tekið er mið af verkefnum og mikil fækkun hefur orðið á síðastliðnu ári. Ástæður þessa eru margvíslegar, en þyngst vegur fjöldi afleysingamanna við störf hjá embættunum sem fór í nám í Lögregluskóla ríkisins í upphafi árs 2007. Mannaflagreining lögreglustjórans á Suðurnesjum gerir ráð fyrir að fjölga þurfi um 29 lögreglumenn til ársins 2012.

| Suðurnes | Áætluð mannaflaþörf 2008-2012 | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Stöðuheiti** | **2008** | **2009** | **2010** | **2011** | **2012** |
| Yfirlögregluþjónn | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 |
| Aðstoðaryfirlögregluþjónn | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 |
| Lögreglufulltrúi | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 |
| Aðalvarðstjóri | 9 | 9 | 9 | 9 | 9 |
| Varðstjóri/Rannsóknarlögreglum | 28 | 31 | 33 | 34 | 34 |
| Aðstoðarvarðstjóri | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 |
| Lögreglumaður | 37 | 40 | 44 | 47 | 47 |
| **Samtals** | **89** | **95** | **101** | **105** | **105** |

## Vestfirðir

Stöður hjá lögreglunni á Vestfjörðum eru 21; 1 yfirlögregluþjónn, 1 aðstoðaryfirlögregluþjónn, 1 lögreglufulltrúi, 1 rannsóknarlögreglumaður, 3 aðalvarðstjórar, 7 varðstjórar og 7 óbreyttir lögreglumenn. Lögreglustjóri telur að fjölga þurfi um 1 stöðu vegna fíkniefnaleitarhunds og hefur beiðni þess efnis verið send dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Fyrirhuguð stóriðja í Arnarfirði mun fela í sér að fjölga þurfi lögreglumönnum um 5-6 ef af verður (fjóra á Patreksfirði og tvo á Hólmavík). Ef olíuhreinsunarstöð verður hins vegar reist við Hóla / Sanda í Dýrafirði mun þurfa að bæta við fimm lögreglumönnum á Ísafjörð. Mannaflagreining lögreglustjórans á Vestfjörðum gerir því ráð fyrir að fjölga þurfi um 1 lögreglumann vegna lögregluhunds en 5-6 til viðbótar ef stóriðjuframkvæmdir verða að veruleika.

| Vestfirðir | Áætluð mannaflaþörf 2008-2012* | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Stöðuheiti** | **2008** | **2009** | **2010** | **2011** | **2012** |
| Yfirlögregluþjónn | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 |
| Aðstoðaryfirlögregluþjónn | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 |
| Aðalvarðstjóri / Lögreglufulltrúi | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 |
| Varðstjóri/Rannsóknarlögreglum. | 8 | 8 | 8 | 8 | 8 |
| Aðstoðarvarðstjóri | | | | | |
| Lögreglumaður | 8 | 8 | 8 | 8 | 8 |
| **Samtals** | **22** | **22** | **22** | **22** | **22** |

*Mannfjöldagreining fyrir lögregluna á Vestfjörðum þarf að endurskoða ef ákvörðun verður tekin um að byggja olíuhreinsunarstöð á svæðinu.

## Vestmannaeyjar

Stöður hjá lögreglunni í Vestmannaeyjum eru 12; 1 yfirlögregluþjónn, 1 lögreglufulltrúi, 4 varðstjórar og 6 lögreglumenn. Ekki er talin þörf á fjölgun lögreglumanna miðað við óbreytta starfsemi.

| Vestmannaeyjar | Áætluð mannaflaþörf 2008-2012 | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Stöðuheiti** | **2008** | **2009** | **2010** | **2011** | **2012** |
| Yfirlögregluþjónn | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 |
| Aðstoðaryfirlögregluþjónn | | | | | |
| Aðalvarðstjóri / Lögreglufulltrúi | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 |
| Varðstjóri/Rannsóknarlögreglum. | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 |
| Aðstoðarvarðstjóri | | | | | |
| Lögreglumaður | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 |
| **Samtals** | **12** | **12** | **12** | **12** | **12** |

## VII.
## Fjölgun lögreglumanna í samræmi við mannfjöldaspá 2008-2012

Mannfjöldaspá Hagstofu Íslands frá árinu 2007 gerir ráð fyrir því að árið 2012 verði búsettir á Íslandi um 325 þúsund einstaklingar sem er fjölgun um rúmlega 13 þúsund íbúa á því tímabili sem greining á mannaflaþörf lögreglunnar nær til (sjá mynd 1).




**Mynd 1.** Mannfjöldaspá Hagstofu Íslands 2008-2012

Mannfjöldaþróun á Íslandi ásamt öðrum þáttum hefur áhrif á umfang og starfsemi lögreglunnar. Ekki er hægt að miða fjölda lögreglumanna út frá fjölda íbúa eingöngu því fleiri þættir geta komið til eins og gert er grein fyrir í löggæsluáætlun.




**Mynd 2.** Mannaflaþörf lögreglunnar 2008-2012 út frá mannfjöldaspá Hagstofu Íslands.

Samkvæmt mannfjöldaspá Hagstofu Íslands má áætla að fjölga þurfi lögreglumönnum um 40 á þessu tímabili til samræmis við fjölgun íbúa. Áætluð mannaflaþörf lögreglunnar skv. mynd 2 hér að framan gengur út frá því að á hverjum tíma sé einn lögreglumaður á hverja 432 íbúa í landinu líkt og staðan var í ársbyrjun 2007.

## VIII.
## Fjöldi útskriftarnema frá Lögregluskóla ríkisins

Í langtímaáætlun Lögregluskóla ríkisins fyrir tímabilið 2007 – 2011 er lagt til að teknir verði allt að 260 nýnemar inn í skólann. Það takmark næst með inntöku nýnema tvisvar á hverju ári, í byrjun janúar og september, og vera ætíð með þrjár bekkjardeildir samtímis við nám á bóklegum önnum.




**Mynd 3.** Útskrifaðir lögreglunemar úr Lögregluskóla ríkisins frá 2003-2007 og áætlun skólans fyrir tímabilið 2008-2012.

Enginn lögreglunemi útskrifaðist úr Lögregluskólanum á árinu 2007 en tveir árgangar munu útskrifast á árinu 2008. Spá Lögregluskólans gerir ráð fyrir að 79 lögreglunemar verði útskrifaðir árið 2008, 45 í maí og 34 í desember (sjá mynd 3). Langtímaáætlun Lögregluskólans gerir ráð fyrir að á tímabilinu 2008-2012 verði 255 lögreglunemar útskrifaðir. Lögregluskóli ríkisins mun áfram gegna lykilhlutverki í framtíðinni hvað varðar mannaflaþörf lögreglunnar með því að tryggja að nemendur öðlist hæfni til að sinna starfi lögreglumanns og að námsefni og námsframboð sé viðeigandi á hverjum tíma. Miklar breytingar gætu orðið á starfsemi skólans á næstu árum en nefnd hefur verið skipuð til að gera tillögur um uppbyggingu alhliða löggæslu- og öryggismálaskóla. Skyldur skólans munu ekki breytast þrátt fyrir áherslubreytingar sem gætu orðið á starfseminni.

## IX.
## 65 ára reglan

Þann 1. febrúar 2007 voru 712 lögreglumenn þ.á m. afleysingamenn við störf í landinu, við það bætast héraðslögreglumenn og lögreglunemar við Lögregluskólann. Samkvæmt kjarasamningum eiga lögreglumenn að láta af störfum við 65 ára aldur og má sjá á mynd 4 fjölda lögreglumanna sem verða 65 ára á næstu fimm árum. Taka þarf einnig tillit til 95 ára reglu (starfsaldur + lífaldur). Þó svo að ekki sé búið að greina það nákvæmlega, þá má búast við því að enn sé stór hluti lögreglumanna í B-deild, sem býður mönnum upp á þann möguleika að láta af störfum 60 ára ef 95 ára reglunni hefur verið náð.




**Mynd 4.** Fjöldi lögreglumanna sem verður 65 ára á tímabilinu 2007-2012.

Frá og með byrjun árs 2008 til ársloka 2012 verða 52 lögreglumenn 65 ára, þar af eru tveir héraðslögreglumenn. Líklegt er að fleiri lögreglumenn láti af störfum vegna aldurs á tímabilinu, aftur á móti létu einungis tveir af störfum á 95 ára reglunni á árunum 2006-2007. Ekki hefur verið skoðað sérstaklega hversu margir starfandi lögreglumenn hafa á undanförnum árum látist eða hætt vegna veikinda.

## X.
## Starfsmannavelta lögreglunnar

Það er fyrirséð að á umræddu fimm ára tímabili munu 50-70 lögreglumenn láta af störfum vegna aldurs, ýmist orðnir 65 ára gamlir eða komnir á 95 ára regluna. Markmið ríkislögreglustjóra er að héraðslögreglumenn og afleysingarmenn starfi ekki lengur sem fullgildir lögreglumenn eins og viðgengst í dag.

Mynd 5 sýnir fjölda þeirra lögreglumanna sem fengu lausn frá starfi eða launalaust leyfi á árunum 2002-2007. Upplýsingarnar voru unnar úr starfsmannatengdum gögnum frá Fjársýslu ríkisins, ríkislögreglustjóra og lögregluembættunum. Við úrvinnsluna var einungis horft til lærðra lögreglumanna, skipaðra og settra sem höfðu verið án launagreiðslna í 4 mánuði eða lengur á tímabilinu. Þeir voru ekki taldir með sem fengu tímabundið leyfi til friðargæslustarfa. Ártal er miðað við þann dag sem lögreglumaður hætti í lögreglustarfi.




**Mynd 5.** Fjöldi lögreglumanna sem fékk launalaust leyfi eða lausn frá starfi á árunum 2002-2007 og fjöldi lögreglumanna sem lét af störfum vegna aldurs á tímabilinu.

Starfsmannavelta síðustu sex ára hjá lögreglunni hefur verið um 3% á ári sem jafngildir því að um 150 lögreglumenn hafi fengið lausn frá starfi eða fengið tímabundið leyfi sl. 6 ár. Ekki var athugað sérstaklega hversu margir sóttu aftur um störf hjá lögreglunni á sama eða öðru ári. Talið er að um 58 lögreglumenn hafi látið af störfum vegna aldurs á tímabilinu 2002-2007. Á árinu 2007 var starfsmannaveltan óvenjumikil samanborið við fyrri ár, 51 lögreglumaður samanborið við 26 árið 2006.

Þegar tekið er mið af þróun síðustu sex ára og þá sérstaklega litið til þeirra lögreglumanna sem fengu lausn frá starfi eða fóru í launalaust leyfi má sjá að veruleg aukning varð árið 2004 og svo aftur árið 2007. Á árunum 2002-2003 létu að meðaltali 15 á hvoru ári af störfum eða fóru í launalaust leyfi, en frá 2004-2007 hafa að meðaltali 30 lögreglumenn á hverju ári látið af störfum eða farið í launalaust leyfi. Sveiflurnar eru miklar ef tekið er mið af meðaltali síðustu sex ára en gera má ráð fyrir að um 20-25 lögreglumenn muni láta af störfum eða fara í launalaust leyfi á ári hverju fram til ársins 2012.

Hjá embætti ríkislögreglustjóra er nú unnið að úttekt á ástæðum brottfalls lögreglumanna úr stéttinni síðastliðin fimm ár, m.a. með það að markmiði að sjá hvernig hægt er að minnka starfsmannaveltu innan lögreglunnar.

# XI.
# Niðurstaða

Mat á mannaflaþörf lögreglunnar byggist m.a. á upplýsingum frá lögreglustjórum og Hagstofu Íslands. Fjölga þarf a.m.k. um 122 stöður lögreglumanna til ársins 2012 og er m.a. tekið tillit til fjölgunar íbúa í samræmi við spá Hagstofunnar. Áætla má að á bilinu 50-70 lögreglumenn muni hætta sökum aldurs, auk þess munu 80-100 lögreglumenn hætta eða fara í ársleyfi á tímabilinu.

Óvenjumikil starfsmannavelta var á árinu 2007 og sögðu 51 starfi sínu lausu eða fór í ársleyfi. Afleysingamönnum fækkaði um 20 en hluti þeirra fór í nám, auk þess sem tólf létu af störfum vegna aldurs. Hluti þeirra sem sögðu starfi sínu lausu eða fóru í ársleyfi kom aftur til starfa á árinu en óljóst er um hversu marga var að ræða. Stór þáttur í þessari fækkun lögreglumanna á árinu er sú að enginn útskrifaðist úr Lögregluskóla ríkisins.

**Tafla 2.** Mannaflaþörf eftir umdæmum 2008-2012.

| Umdæmi | Stöðuheimildir í árslok 2007* | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Akranes | 11 | 12 | 13 | 14 | 14 | 14 |
| Akureyri | 35 | 38 | 38 | 38 | 38 | 38 |
| Blönduós | 7 | 9 | 9 | 9 | 9 | 9 |
| Borgarnes | 9 | 12 | 12 | 12 | 12 | 12 |
| Eskifjörður | 15 | 18 | 18 | 18 | 18 | 18 |
| Húsavík | 9 | 9 | 10 | 11 | 11 | 11 |
| Hvolsvöllur | 10 | 10 | 10 | 10 | 10 | 10 |
| Höfuðborgarsvæðið | 329 | 339 | 339 | 351 | 363 | 375 |
| Lögregluskólinn | 9 | 9 | 9 | 9 | 9 | 9 |
| Ríkislögreglustjórinn | 88 | 98 | 105 | 110 | 111 | 112 |
| Sauðárkrókur | 9 | 9 | 9 | 9 | 9 | 9 |
| Selfoss | 23 | 28 | 28 | 28 | 28 | 28 |
| Seyðisfjörður | 10 | 11 | 11 | 11 | 11 | 11 |
| Snæfellsnes | 9 | 9 | 9 | 9 | 9 | 9 |
| Suðurnes | 76 | 89 | 95 | 101 | 105 | 105 |
| Vestfirðir | 21 | 22 | 22 | 22 | 22 | 22 |
| Vestmannaeyjar | 12 | 12 | 12 | 12 | 12 | 12 |
| **Samtals** | **682** | **734** | **749** | **774** | **791** | **804** |

*Stöðuheimildir í árslok 2007 vísa til fjölda lögreglumanna miðað við fjárheimildir þess árs. Til hliðsjónar þá var fjöldi starfandi lögreglumanna um miðjan janúar 2008, aðeins færri, eða 676 (tafla 1).

Fjögur lögregluembætti auk Lögregluskólans töldu sig ekki þurfa að fjölga lögreglumönnum á tímabilinu miðað við óbreyttar aðstæður; Hvolsvöllur, Snæfellsnes, Sauðárkrókur og Vestmannaeyjar. Hafa ber í huga að hjá þessum embættum starfa um 17 héraðslögreglumenn.

Forsendur greininga lögreglustjóra miðast við núverandi stöðu í umdæmum þeirra. Lögreglustjórinn á Húsavík telur sig þurfa til viðbótar tvær stöður og lögreglustjórinn á Vestfjörðum eina. Lögreglustjórarnir á Akranesi, Akureyri, í Borgarnesi og á Eskifirði telja sig þurfa þrjár stöður hver fram til ársins 2012, Blönduós tvær, Selfoss fimm og Seyðisfjörður eina. Samkvæmt greiningum þriggja stærstu embættanna; Suðurnesja, höfuðborgarsvæðisins og ríkislögreglustjóra má áætla að af 122 stöðum fari 99 til þeirra.

**Tafla 3.** Mannaflaþörf lögreglunnar 2008-2012 þegar tekið er tillit til lykilþátta.

| Mannaflaþörf | 2008-2012 |
|---|---|
| Fjölgun stöðuheimilda | 122 |
| **Samtals** | **122** |
| Látið af störfum vegna aldurs | 60 |
| Starfsmannavelta | 80-100 |
| **Samtals** | **262-282** |

Í töflu þrjú eru teknar saman allar helstu lykilbreytur mannaflagreiningu lögreglunnar til ársins 2012. Telja má að fjölga þurfi um a.m.k. 122 lögreglumenn til að mæta breyttum aðstæðum, auknum áherslum, fjölgun íbúa og þeim kröfum sem gerðar eru til lögreglunnar fram til ársins 2012. Um 50-70 lögreglumenn munu láta af störfum á tímabilinu og verður nauðsynlegt að fylla þær stöður. Útreikningar á starfsmannaveltu gera ráð fyrir að á bilinu 80-100 lögreglumenn hætti eða fari í ársleyfi á tímabilinu. Ekki hefur verið greint hversu margir þeirra munu koma aftur til starfa.

Héraðs- og afleysingamenn voru 94 í janúar 2008, en þar sem þeir eru flestir í hlutastarfi sem lögreglumenn er ekki hægt að meta hversu marga menntaða lögreglumenn muni þurfa í þeirra stað. Gera þarf ítarlega greiningu á stöðu héraðs- og afleysingamanna innan lögreglunnar.

Langtímaáætlun Lögregluskólans sem samþykkt hefur verið af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu gerir ráð fyrir að 255 lögreglunemar verði útskrifaðir á tímabilinu. Miðað við þær forsendur sem liggja að baki mannfjöldagreiningunni ættu lögreglunemar að geta fyllt að miklu leyti upp í þær stöður sem munu losna og þær stöður sem bæta þarf við samkvæmt greiningunni. Aftur á móti verður stór hópur héraðs- og afleysingalögreglumanna enn við störf.

# Viðauki D
# Hlutfall lögreglumanna með/án stjórnunarheimilda* eftir lögregluembættum




*Lögreglumenn með stjórnunarheimildir teljast þeir sem gegna starfsstigum 4-7 samkvæmt. reglugerð nr. 1051/2006 en til þeirra teljast yfirlögregluþjónn, aðstoðaryfirlögregluþjónn, aðalvarðstjóri/lögreglufulltrúi, varðstjóri/rannsóknarlögreglumaður.

# Viðauki E. Fjöldi ársverka lögreglumanna, skipt eftir embættinum, mánuðum og árum

| Ártal | Núverandi heiti embættis | Heiti og skipting embætta árið 2006 | jan | feb | mar | apr | maí | jún | júl | ágú | sep | okt | nóv | des | Meðaltal ársverka (12 mán ) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2006 | Öll embætti | Samtala allra embætta | 706,3 | 698,6 | 698,5 | 693,5 | 752,1 | 793,7 | 787,5 | 798,3 | 744,8 | 736,9 | 730,8 | 746,7 | 740,6 |
| 2007 | Öll embætti | Samtala allra embætta | 707,2 | 712,3 | 700,3 | 693,2 | 753,0 | 803,7 | 806,1 | 799,9 | 700,3 | 694,2 | 687,6 | 700,7 | 729,9 |
| 2006 | Ríkislögreglustjóri | Samtala embættis | 81,0 | 77,3 | 83,7 | 81,7 | 83,3 | 82,4 | 80,4 | 81,1 | 79,9 | 76,6 | 85,1 | 85,7 | 81,5 |
| 2007 | Ríkislögreglustjóri | Samtala embættis | 82,5 | 91,0 | 96,0 | 95,6 | 94,5 | 96,5 | 96,9 | 95,9 | 94,9 | 93,7 | 93,6 | 93,2 | 93,7 |
| 2006 | Lögregluskóli | Samtala embættis | 7,6 | 9,6 | 9,0 | 9,0 | 25,8 | 7,0 | 7,0 | 7,0 | 44,9 | 44,9 | 44,9 | 17,5 | 19,5 |
| 2007 | Lögregluskóli | Samtala embættis | 8,6 | 9,6 | 10,0 | 10,0 | 29,1 | 8,0 | 8,0 | 7,4 | 7,5 | 9,0 | 9,0 | 9,8 | 10,5 |
| 2006 | Lögregluembætti á höfuðborgarsvæðinu | Reykjavík | 266,7 | 267,0 | 266,7 | 261,5 | 274,1 | 284,7 | 280,7 | 286,5 | 264,5 | 272,2 | 259,8 | 266,7 | 270,9 |
| | | Hafnarfjörður | 39,8 | 41,6 | 38,8 | 37,8 | 43,2 | 45,1 | 43,7 | 42,8 | 40,2 | 37,4 | 36,9 | 37,1 | 40,4 |
| | | Kópavogur | 31,6 | 28,3 | 27,8 | 27,9 | 33,1 | 37,4 | 36,3 | 36,0 | 31,4 | 27,5 | 28,0 | 32,4 | 31,5 |
| | | Höfuðborgarsvæðið | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | -0,5 | 0,0 | -0,1 | 21,3 | 1,7 |
| | | **Samtala embætta** | **338** | **337** | **333** | **327** | **351** | **367** | **361** | **365** | **336** | **337** | **325** | **358** | **344,5** |
| 2007 | Lögregluembætti á höfuðborgarsvæðinu | Höfuðborgarsvæðið | 333,5 | 337,9 | 329,2 | 323,4 | 344,2 | 364,3 | 365,5 | 364,4 | 334,4 | 324,0 | 327,1 | 340,3 | 340,7 |
| | | Hafnarfjörður | 3,2 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,3 |
| | | **Samtala embætta** | **337** | **338** | **329** | **323** | **344** | **364** | **366** | **364** | **334** | **324** | **327** | **340** | **341,0** |
| 2006 | Lögregluembætti á Suðurnesjum | Lögreglustjórinn á Suðurnesjum og Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli | 0,0 | -0,7 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | -0,1 |
| | | Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli | 55,3 | 55,3 | 51,7 | 57,5 | 61,1 | 67,0 | 66,6 | 72,5 | 54,4 | 56,6 | 57,1 | 59,0 | 59,5 |
| | | Keflavík | 38,4 | 35,0 | 35,3 | 34,7 | 37,0 | 40,0 | 40,0 | 41,1 | 38,7 | 36,2 | 35,3 | 35,9 | 37,3 |
| | | **Samtala embætta** | **93,7** | **89,6** | **87,0** | **92,2** | **98,1** | **107,0** | **106,6** | **113,6** | **93,1** | **92,8** | **92,4** | **94,9** | **96,7** |
| 2007 | Lögregluembætti á Suðurnesjum | Samtala embættis | 90,5 | 88,5 | 83,2 | 79,8 | 87,9 | 96,1 | 96,9 | 95,1 | 88,9 | 88,3 | 85,7 | 82,3 | 88,6 |

| | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **2006** | **Lögregluembætti á Akranesi** | **Samtala embættis** | **12,1** | **14,0** | **12,7** | **13,0** | **13,9** | **17,3** | **16,7** | **16,5** | **14,1** | **14,2** | **14,2** | **15,1** | **14,5** |
| **2007** | **Lögregluembætti á Akranesi** | **Samtala embættis** | **13,6** | **13,2** | **13,2** | **13,2** | **14,3** | **17,5** | **15,4** | **14,7** | **11,2** | **12,2** | **11,6** | **10,8** | **13,4** |
| | | | | | | | | | | | | | | | |
| **2006** | **Lögregluembætti í Borgarnesi** | Borgarnes | 8,0 | 8,0 | 9,3 | 7,0 | 7,6 | 9,8 | 11,2 | 8,5 | 7,0 | 7,0 | 7,0 | 8,0 | 8,2 |
| | | Búðardalur | 1,0 | 1,0 | 1,0 | 1,0 | 1,0 | 1,0 | 1,0 | 1,0 | 1,0 | 1,0 | 1,0 | 1,0 | 1,0 |
| | | **Samtala embætta** | **9,0** | **9,0** | **10,3** | **8,0** | **8,6** | **10,8** | **12,2** | **9,5** | **8,0** | **8,0** | **8,0** | **9,0** | **9,2** |
| **2007** | **Lögregluembætti í Borgarnesi** | **Samtala embættis** | **8,9** | **8,7** | **9,0** | **7,9** | **10,2** | **11,0** | **10,4** | **11,8** | **9,0** | **10,0** | **9,0** | **10,3** | **9,7** |
| | | | | | | | | | | | | | | | |
| **2006** | **Lögregluembætti á Snæfellsnesi** | **Samtala embættis** | **9,0** | **7,9** | **8,0** | **8,0** | **9,1** | **11,8** | **11,2** | **14,1** | **9,0** | **8,0** | **8,0** | **8,0** | **9,3** |
| **2007** | **Lögregluembætti á Snæfellsnesi** | **Samtala embættis** | **7,5** | **8,9** | **8,0** | **8,7** | **10,6** | **12,7** | **13,6** | **16,2** | **8,6** | **7,6** | **8,0** | **9,2** | **10,0** |
| | | | | | | | | | | | | | | | |
| **2006** | **Lögregluembætti á Vestfjörðum** | Ísafjörður | 13,0 | 13,0 | 13,8 | 13,3 | 13,7 | 14,8 | 17,0 | 16,7 | 12,4 | 13,4 | 12,1 | 12,4 | 13,8 |
| | | Patreksfjörður | 4,0 | 4,0 | 4,0 | 4,0 | 4,6 | 5,1 | 5,1 | 5,1 | 5,0 | 4,1 | 4,0 | 4,0 | 4,4 |
| | | Bolungarvík | 2,0 | 2,0 | 2,0 | 2,0 | 2,0 | 2,7 | 4,0 | 4,0 | 2,0 | 2,0 | 2,0 | 2,0 | 2,4 |
| | | Hólmavík | 2,0 | 2,0 | 2,0 | 2,0 | 2,0 | 2,0 | 2,8 | 2,3 | 2,0 | 2,0 | 2,4 | 2,7 | 2,2 |
| | | **Samtala embætta** | **21,0** | **21,0** | **21,8** | **21,3** | **22,2** | **24,6** | **28,9** | **28,1** | **21,4** | **21,6** | **20,5** | **21,1** | **22,8** |
| **2007** | **Lögregluembætti á Vestfjörðum** | **Samtala embættis** | **23,3** | **20,4** | **20,1** | **20,1** | **22,5** | **29,7** | **28,8** | **30,7** | **20,1** | **23,6** | **20,2** | **21,0** | **23,4** |
| | | | | | | | | | | | | | | | |
| **2006** | **Lögregluembætti á Blönduósi** | **Samtala embættis** | **7,0** | **6,0** | **7,0** | **7,0** | **7,5** | **9,0** | **9,0** | **8,6** | **6,0** | **6,0** | **6,0** | **6,0** | **7,1** |
| **2007** | **Lögregluembætti á Blönduósi** | **Samtala embættis** | **7,0** | **7,0** | **7,0** | **7,0** | **8,3** | **10,3** | **10,3** | **10,2** | **6,5** | **7,7** | **7,2** | **7,2** | **8,0** |

| | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **2006** | **Lögregluembætti á Sauðárkróki** | **Samtala embættis** | **8,5** | **8,5** | **8,5** | **8,5** | **8,5** | **8,8** | **9,8** | **10,0** | **8,0** | **8,0** | **8,0** | **8,0** | **8,6** |
| **2007** | **Lögregluembætti á Sauðárkróki** | **Samtala embættis** | **9,1** | **10,3** | **8,0** | **8,0** | **8,0** | **11,4** | **10,9** | **9,1** | **7,4** | **8,1** | **8,1** | **7,6** | **8,8** |

| | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **2006** | **Lögregluembætti á Akureyri** | Akureyri | 29,7 | 34,1 | 30,3 | 29,5 | 32,3 | 40,9 | 40,0 | 37,8 | 31,1 | 29,8 | 29,0 | 29,1 | 32,8 |
| | | Siglufjörður | 7,0 | 3,2 | 4,4 | 3,5 | 3,7 | 4,1 | 4,7 | 3,1 | 3,1 | 3,0 | 3,1 | 3,1 | 3,8 |
| | | Ólafsfjörður | 2,0 | 2,0 | 2,0 | 2,0 | 2,0 | 2,9 | 3,0 | 2,2 | 1,8 | 2,4 | 2,0 | 2,0 | 2,2 |
| | | **Samtala embætta** | **38,6** | **39,2** | **36,7** | **35,0** | **38,0** | **47,9** | **47,8** | **43,1** | **36,0** | **35,2** | **34,1** | **34,2** | **38,8** |
| **2007** | **Lögregluembætti á Akureyri** | **Samtala embættis** | **34,9** | **35,7** | **35,7** | **36,0** | **38,3** | **47,1** | **47,5** | **47,4** | **35,0** | **35,5** | **35,8** | **36,0** | **38,7** |



| | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **2006** | **Lögregluembætti á Húsavík** | **Samtala embættis** | **9,0** | **9,0** | **9,9** | **10,0** | **10,2** | **12,0** | **11,0** | **12,0** | **11,0** | **9,0** | **9,5** | **10,0** | **10,2** |
| **2007** | **Lögregluembætti á Húsavík** | **Samtala embættis** | **9,0** | **9,0** | **9,0** | **9,0** | **9,1** | **11,6** | **11,0** | **12,0** | **10,5** | **8,7** | **9,0** | **9,0** | **9,7** |

| | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **2006** | **Lögregluembætti á Seyðisfirði** | **Samtala embættis** | **8,0** | **8,0** | **8,0** | **8,0** | **8,0** | **10,0** | **10,5** | **10,3** | **9,7** | **10,0** | **10,0** | **10,0** | **9,2** |
| **2007** | **Lögregluembætti á Seyðisfirði** | **Samtala embættis** | **11,0** | **9,3** | **10,0** | **10,0** | **9,3** | **11,4** | **12,2** | **13,4** | **12,3** | **14,0** | **10,0** | **9,5** | **11,0** |

| | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **2006** | **Lögregluembætti á Eskifirði** | Eskifjörður | 11,4 | 11,1 | 11,7 | 12,6 | 13,2 | 14,5 | 15,6 | 15,4 | 12,9 | 12,2 | 12,2 | 12,2 | 12,9 |
| | | Höfn í Hornafirði | 3,0 | 3,0 | 4,1 | 4,0 | 3,8 | 4,4 | 4,0 | 4,6 | 6,1 | 4,6 | 4,0 | 6,6 | 4,3 |
| | | **Samtala embætta** | **14,4** | **14,1** | **15,7** | **16,6** | **16,9** | **18,9** | **19,6** | **20,0** | **19,0** | **16,8** | **16,2** | **18,8** | **17,3** |
| **2007** | **Lögregluembætti á Eskifirði** | **Samtala embættis** | **15,2** | **15,1** | **15,9** | **16,2** | **16,8** | **18,1** | **20,1** | **16,6** | **14,0** | **12,0** | **12,0** | **12,3** | **15,4** |

| | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **2006** | **Lögregluembætti á Hvolsvellli** | Hvolsvöllur | 6,0 | 6,0 | 6,0 | 6,0 | 6,8 | 8,8 | 8,3 | 8,2 | 6,5 | 6,4 | 7,0 | 7,0 | 6,9 |
| | | Vík | 3,0 | 3,0 | 3,0 | 3,0 | 3,4 | 5,0 | 3,9 | 3,6 | 3,0 | 3,0 | 3,0 | 3,0 | 3,3 |
| | | **Samtala embætta** | **9,0** | **9,0** | **9,0** | **9,0** | **10,2** | **13,8** | **12,2** | **11,8** | **9,5** | **9,4** | **10,0** | **10,0** | **10,2** |
| **2007** | **Lögregluembætti á Hvolsvellli** | **Samtala embættis** | **10,2** | **8,1** | **9,0** | **11,1** | **9,3** | **10,9** | **9,0** | **8,7** | **7,0** | **7,5** | **7,4** | **7,0** | **8,8** |

| | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **2006** | **Lögregluembætti í Vestmannaeyjum** | **Samtala embættis** | **12,0** | **12,0** | **12,0** | **13,0** | **13,0** | **13,8** | **14,0** | **14,0** | **14,0** | **12,1** | **12,0** | **12,0** | **12,8** |
| **2007** | **Lögregluembætti í Vestmannaeyjum** | **Samtala embættis** | **12,1** | **12,0** | **12,0** | **12,1** | **11,5** | **14,1** | **14,1** | **14,1** | **10,7** | **10,0** | **10,0** | **11,8** | **12,1** |

| | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **2006** | **Lögregluembætti á Selfossi** | **Samtala embættis** | **28,2** | **27,5** | **26,0** | **26,0** | **28,3** | **31,3** | **30,0** | **33,0** | **25,5** | **27,2** | **27,2** | **28,9** | **28,3** |
| **2007** | **Lögregluembætti á Selfossi** | **Samtala embættis** | **27,1** | **27,5** | **24,9** | **25,0** | **29,0** | **32,9** | **35,4** | **32,2** | **22,2** | **22,3** | **23,8** | **23,0** | **27,1** |

19.03.2008 SSB.

# Viðauki F

Akureyri, 18.10.2007

Hr. dómsmálaráðherra
Björn Bjarnason
Dómsmálaráðuneytinu
Skuggasundi
150 Reykjavík

10.90.0 JH
20 OKT. 2007
07100295

**Efni: Sameining lögregluliða á Norðulandi undir stjórn sérstaks lögreglustjóra**

Á undangengnum árum hafa orðið gríðarlegar breytingar á starfi og starfsumhverfi lögreglunnar í landinu. Síðustu veigamiklu breytingarnar voru gerðar um sl. áramót með sameiningu lögregluliða á höfuðborgarsvæðinu, Reykjanesi og fleiri stöðum auk lagabreytinga er varða starfssvið lögreglu.

Það er okkar mat að stjórnskipan lögregluliða á Norðurlandi sé ekki í samræmi við aðra þróun og þær miklu breytingar sem nú þegar hafa orðið hjá lögreglunni. Þvert á móti mætti auðveldlega benda á atriði í núverandi stjórnskipan, þar sem lögreglustjórn og sýslumannsembætti eru á sömu hendi, sem hamlandi fyrir lögregluna. Á Norðurlandi fólst veigamesta breytingin í sameiningu lögreglunnar á Siglufirði, Ólafsfirði og Akureyri. Auk þess var rannsóknardeild lögreglunnar á Akureyri falið aukið hlutverk og kveðið á um aukna samvinnu lögregluliðanna, m.a. samræmingu vaktkerfa.

Það er skoðun okkar að með þessu hafi skrefið aðeins verið stigið til hálfs og að ekki muni nást sú hagræðing og samræming sem stefnt var að. Teljum við að þar skipti mestu að lögregluliðn verði sameinuð undir stjórn eins lögreglustjóra sem hafi það að aðalstarfi en sé ekki jafnframt sýslumaður. Fyrir þessu má færa margvísleg rök og eru hér nokkur upp talin:

- Meiri "slagkrafur" er í sameinuðu lögregluliði undir yfirstjórn eins lögreglustjóra sem hefði einvörðungu það verkefni að sinna rekstri og hagsmunum þessa lögregluliðs.
- Heildarhagsmunir ráði í stað sérhagsmuna einstakra lögregluliða sem virkar letjandi á breytingar.
- Betri nýting lögreglumanna.
- Eyða má ýmsum "fortíðardraugum" (vaktkerfi; ýmsir staðbundnir hagsmunir) sem fylgja litlum liðum og virka hamlandi á starf þeirra. Tækifæri skapast til endurskipulagningar út frá nýjum forsendum.
- Betri nýting fjármagns til rekstrar
- Betri nýting ökutækja og annars búnaðar til reksturs lögreglu.
- Fækkun í yfirstjórn til lengri tíma litið – losað um fjármagn til annarra verkefna.

- Fjölgun lögreglumanna og efling hverrar starfseiningar á svæðinu.
- Starfræksla "hverfislöggæslu" á hinum smærri stöðum sem hefði ákveðið þjónustu hlutverk við íbúana og vegfarendur, héldi uppi góðum tengslum og upplýsingaöflun.
- Aukin sérhæfing; fíkniefni, rannsóknir, forvarnir, landamæragæsla, auðgunarbrot, umferðarlöggæsla.
- Sjá má sóknarfæri í að koma upp umferðardeild sem sinnti öllum umferartengdum verkefnum, m.a. verkefnum sem Vegagerðin sinnir nú án lögregluvalds.
- Sameinað, stórt lögreglulið væri betur í stakk búið til að sinna þörfum þeirra lögreglumanna sem nálgast starfslok.
- Sameinað, stórt lögreglulið er betur í stakk búið til að veita ungum, metnaðarfullum lögreglumönnum eðlilegan starfsframa.
- Faglegri vinnubrögð, einkum í stærri og flóknari málum. Núverandi fyrirkomulag með ýmsum rannsókna- og samstarfssamningum verða óþörf millistig sem óhjákvæmilega *geta* virkað hamlandi á rannsóknir.
- Meiri sérhæfing og samræming í starfsmanna- og launamálum. T.d. einn starfsmannastjóri og launafulltrúi fyrir hið sameinaða lið.
- Ákæruvald minni og einfaldari sakamála yrði hjá nýjum lögreglustjóra.

Fleira mætti hér upp telja þó það verði ekki gert hér. Það er álit okkar að á þeim stöðum þar sem sameining lögregluliða varð undir stjórn sérstaks lögreglustjóra hafi vel til tekist og ótal tækifæri og möguleikar skapast til að að efla lögregluna á allan hátt og gera hana hæfari til að gegna hlutverki sínu og bregðast við þeim fjölbreytilegu aðstæðum sem upp koma. Jafnframt hafi sú breyting leyst úr læðingi ýmiss jákvæð öfl hjá lögregluliðunum.

Við viljum árétta að við teljum að sama muni gilda fyrir lögregluliðin á Norðurlandi verði þau sameinuð undir stjórn lögreglustjóra sem hefði ekki annað verksvið en stjórn lögreglu. Núverandi fyrirkomuleg, að hafa fjóra lögreglustjóra, sem jafnframt eru sýslumenn, hefur að okkar mati gengið sér til húðar og erfitt að finna rök sem mæla með því fyrirkomulagi.

Yfirlögregluþjónar á Norðurlandi.

Björn Mikaelsson
Sauðárkróki

Daníel Guðjónsson
Akureyri

Kristján Þorbjörnsson
Blönduósi

Ólafur Ásgeirsson
Akureyri

Sigurður Brynjúlfsson
Húsavík

2